



TÍÐINDI

2012



GEYMIÐ BÓKASKRÁNA. HÚN GÆTI KOMIÐ SÉR VEL ÞEGAR VELJA Á BÓK.



# Stærsta bókabúð landsins!

eBækur bjóða mesta úrval raf- og hljóðbóka á landinu. Þar finnurðu nýjustu metsölubækurnar, barnabækur og sígildar bókmenntir eftir íslenska og erlenda höfundu. Fyrsta séríslenska rafbóka-appið fullkomnar svo þægindin og lestrarupplifunina.

Smelltu þér á eBækur og byrjaðu að njóta.

*Njóttu þess að lesa ...*

**eBækur**

[www.ebækur.is](http://www.ebækur.is)

## Kæru bókakaupendur

Við sem gefum út bækur á Íslandi eigum ykkur allt að þakka. Þið hafið gert íslenska bókamarkaðinn að einstöku fyrirbæri. Ekkert sambærilegt málsvæði í heiminum hefur náð að skapa jafn öflugan bókamarkað og sú staðreynd er einungis komin til af því að þið kaupði bækur. Lífandi áhugi ykkar á að lesa efni eftir höfunda sem skrifa á íslensku er grundvöllurinn fyrir að bækur koma út. Á undanförunum árum hafa mörg hundruð íslenskar bækur verið gefnar út í erlendum þýðingum. Til þess að svo megi verða þarf öfluga íslenska bókmenningu sem vekur áhuga hjá skapandi fólki á skriftum. Stuðningur ríkisvaldsins við höfunda, jafnt fagurbókmenntahöfunda sem höfunda fræðibóka, er mikilvægur, en þáttur bókamarkaðarins ríður baggamuninn. Ekki aðeins vegna þess að höfundar fá tekjur af sölu bóka sinna. Bókamarkaðurinn er vettvangurinn þar sem hugmyndir eru settar fram og sögur sagðar. Höfundar láta reyna á gildi hugmynda sinna með því að miðla þeim í bók og skapa umræður. Sá sem gefur út bók hættir til þess kröftum sínum og fjármunum í von um að hinir bókelsku Íslendingar lesi hana og ræði. Sá sem skrifar bók sér fyrir sér að hún nái til almennings með því að vera gjaldgeng vara á markaði.

Kæru bókakaupendur. Bókaútgefendur vinna árið um kring að því að búa bækurnar sem best í ykkar hendur. Þeir starfa með höfundum við að þróa hugmyndir þeirra. Þeir skoða málfar og stafsetningu, þeir velja leturgerðir og útlit, fjármagna framleiðslu og dreifingu og reyna að vekja athygli kaupenda á hugmyndum og sögum. Það skiptir ekki höfuðmáli í hvaða formi bækurnar eru. Vinnan við að koma þeim á markað er alltaf sú sama. Hún felst í því að fá til sín hæft fólk til að ritstýra bókum og markaðssetja þær. Búa til vettvang sem er eftirsóknarverður fyrir þá sem miðla viðhorfum og frásögnum á móðurmálinu. Þótt bækur séu ýmist innbundnar, í kilju, í hljóðformi eða rafrænar er formið á þeim ekki það sem skiptir máli. Það sem mestu máli skiptir er að þær komi út á vettvangi sem er lífandi og virkur. Við ætlum okkur áfram að fjárfesta árlega fyrir milljarða í þessum vettvangi – íslenskum bókamarkaði. Og við treystum á áhuga ykkar, ástríðu og þekkingarþorsta. Eins og við höfum gert í 120 ár.

Kristján B. Jónasson  
Formaður Félags íslenskra bókaútgefenda

### Barna- og unglingsbækur

■ Íslenskar .....	2
■ Þýddar .....	20
■ Hljóðbækur .....	50

### Skáldverk

■ Íslensk .....	52
■ Þýdd .....	72
■ Hljóðbækur .....	90

■ <i>Ljóð og leikrit</i> .....	96
--------------------------------	----

### Endurútgáfur

■ Íslenskar .....	102
■ Þýddar .....	110

■ <i>Listir og ljósmyndir</i> .....	114
-------------------------------------	-----

■ <i>Héraðslýsingar, saga og ættfræði</i> .....	118
---	-----

■ <i>Ævisögur og endurminningar</i> .....	124
---	-----

■ <i>Matur og drykkur</i> .....	134
---------------------------------	-----

■ <i>Fræði og bækur almenns efnis</i> .....	142
---	-----

■ <i>Útivist, íþróttir og tómstundir</i> .....	186
--	-----

■ <i>Rafbækur</i> .....	194
-------------------------	-----

■ <i>Höfundaskrá</i> .....	207
----------------------------	-----

■ <i>Útgefendur</i> .....	215
---------------------------	-----

■ <i>Bóksalar</i> .....	218
-------------------------	-----

■ <i>Titlaskrá</i> .....	220
--------------------------	-----

## BÓKATÍÐINDI 2012

### Útgefandi:

Félag íslenskra bókaútgefenda  
Barónsstíg 5  
101 Reykjavík  
Sími: 511 8020  
Netf.: bækur@simnet.is  
Vefur: www.bokautgafa.is



FÉLAG ÍSLENSKRA  
BÓKAÚTGEFENDA

### Hönnun kápu:

Ámundi Sigurðsson

### Ábm.:

Benedikt Kristjánsson

### Upplag:

125.000

### Umbrot, prentun og bókband:

Oddi,  
umhverfisvottuð prentsmiðja



### Dreifing:

Íslandsþóstur hf.

ISSN 1028-6748



Þetta tákn merkir hljóðbók.  
Tímalengd er uppgefin í mínútum.

### Leiðbeinandi verð

„Leiðb.verð“ í *Bókatiðindum 2012* er áætlað útsöluverð í smásölu með virðisaukaskatti. Verð eru á ábyrgð hvers útgefanda.

# Barna- og unglingsbækur

## « ÍSLENSKAR »



### 13 þrautir jólasveinanna

Gryla heldur til byggða  
Huginn Þór Grétarsson  
Myndskr.: Cassandra Canady  
Bráðskemmtileg þrauta- og litabók þar sem íslensku jólasveinarnir koma við sögu auk Grylu og Leppalúða.

18 bls.

Óðinsauga Útgáfa


ISBN 978-9935-451-06-4

Leiðb.verð: 990 kr.

96 bls.

Ugla

ISBN 978-9935-21-020-3



### Alli almáttugi á afmæli

Huginn Þór Grétarsson

Myndskr.: Erick Sulaiman

Alli almáttugi á afmæli og býður öllum krökkum veraldar í veisluna.

Krakkar um allan heim geta ekki beðið, en málið vandast þegar kemur að því að velja gjöf.

Alli er jú almáttugur og öll veraldleg gæði getur hann eignast með því að smella fingri. En er þá eitthvað sem hægt er að gefa honum?

Er ekki einmitt þá sem það sannast að hugurinn skiptir meira máli en gjöfin sjálf?

34 bls.

Óðinsauga Útgáfa

ISBN 978-9935-451-04-0

Leiðb.verð: 2.980 kr.



### Amma með biluðu augun

Marta Dröfn Björnsdóttir

Börnin blómstra í sveitinni og kærleikur svífur um loftin. Það gera líka álfarnir, vinirnir hennar ömmu. Amma er með biluð augu en börnin ætla sér að hjálpa henni. Þetta er kærleiksríkt og fallegt ævintýri byggt á æskuminningum höfundar.

42 bls.

Óðinsauga Útgáfa

ISBN 978-9935-451-07-1

Leiðb.verð: 2.980 kr.



### Aukaspyrna á Akureyri

Gunnar Helgason

Myndir: Rán Flygenring

Æsispennandi saga sem stelpur og strákar um allt land hafa beðið ópreyjufull eftir síðan þau lögðu frá sér *Víti í Vestmannaeyjum* í fyrra. Hér halda Jón Jónsson og vinir hans áfram að berjast um sigur, á fótboltavellinum og utan hans, og það eitt er víst að maður veit aldrei hvert boltinn rúllar. Bók sem hittir í mark!

293 bls.

FORLAGIÐ

Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3304-3



### Adda í kaupavinnu

Jenna og Hreiðar

Myndir: Halldór Pétursson

Eftir fermingu er Adda send í sumardvöl úti í sveit. Foreldrar hennar koma henni fyrir í kaupavinnu á prestssetri langt frá bænum. Þar eignast Adda góða vini. Margt skemmtilegt og lærdómsríkt drífur á dagana.



# Daginn í dag 2

Tinna táknaálsálfur

KEMUR  
ÚT Í  
NÓVEMBER

DVD fyrir börn  
á öllum aldri

Fæst í verslunum um allt land

Skálholtsútgáfan - [www.skalholtsgafan.is](http://www.skalholtsgafan.is)

Dreifing: SamFilm



### Aþena

– að eilífu, kúma!

Margrét Örnólfsdóttir


Að fermast eða ekki fermast, það er spurningin. En þegar Aþena kynnist Snæju, fjöru-ugum ofurhuga, tekur lífið skyndilega nýja stefnu og fleiri spurningar vakna: Er hún tilbúin fyrir stráka með bílpróf, stelpur með kjaft og foreldralaus parti?

Með samviskuna á annarri öxlinni og púkann á hinni reynir Aþena að fóta sig í nýjum og ögrandi heimi.

285 bls.

Bjartur

ISBN 9789935 423900



### Á ferð og flugi með ömmu

Hallbera F. Jóhannesdóttir

Myndir: Bjarni Þór Bjarnason

Amma og Freyr ferðast á milli fjalls og fjöru á Akranesi, vetur sumar, vor og haust. Þau lenda í ýmsum ævintýrum og amma hefur frá mörgu spennandi að segja. Freyr fær að heyra sögur um skessur, sjóslys, fátækt fólk, Langasandinn, Akrafjallið og Elínarhöfða. Ferðirnar með ömmu eru fræðandi og spennandi og alltaf lærir Freyr eitthvað nýtt – því amma veit næstum því allt.


56 bls.

Hallbera Friður

Jóhannesdóttir

ISBN 9789979721314

Leiðb.verð: 3.299 kr.



### Bestu barnabrandararnir

Alveg milljón!

Bestu barnabrandararnir eru bráðfyndnir og ættu að vera til á öllum þeim stöðum þar sem eitthvert lífsmark er að finna.

80 bls.

Bókaútgáfan Hólar

ISBN 978-9935-435-12-5

Leiðb.verð: 1.290 kr.



### Bétveir – Bétveir

Sigrún Eldjárn

Sólskinsdag einn lendir bleikur geimbátur í garðinum

hjá Áka og út stigur tvíhöfða furðuvera sem segist heita Bétveir. Þessi ærslafulla saga átti þátt í því að gera Sigrúnu Eldjárn að eftirlæstirhöfundu íslenskra barna og hér kemur hún loksins út að nýju með spánnýjum myndum.

42 bls.

FORLAGIÐ

Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3260-2



### Blávatnsormurinn

Brynhildur Þórarinsdóttir

Myndir: Bergrún Íris

Sævarsdóttir

Sóla og Ylur búa á leynilegasta stað landsins þar sem þau klifra í kristalsfjöllum, háma í sig sæhesta-ogum og lenda í ævispennandi ævintýrum! Fjörug saga fyrir 6 til 9 ára lesendur.

111 bls.

FORLAGIÐ

Mál og menning


ISBN 978-9979-3-3313-5



Bókabúðin **HAMRABORG**



Hamraborg 5 • 200 Kópavogur • Sími 554 0877



### Brandarabók Andrésar númer 3

Ritstj.: Svala Pormóðsdóttir  
Nýja brandarabók Andrésar er fyndnari en nokkru sinni fyrr! Þú átt eftir að veltast um í tryllingslegu hláturskasti og smita alla í kringum þig! Kiptu henni með í bílinn, ferðalagið eða sumar-bústaðinn, því allt verður skemmtilegra með brandarabók Andrésar!

128 bls.

#### Edda útgáfa

ISBN 978-9935-13-097-6

Leiðb.verð: 1.290 kr. Kilja



### Búkolla

Huginn Þór Grétarsson

Myndskr.: Rosaria Battiloro

Ævintýrið um Búkollu ætti að vera til á hverju heimili. Í þessari bók er það í nær upp-runalegri mynd, þó þannig

af orðanotkun hefur verið færð í nútímalegra horf. 36 bls.

#### Óðinsauga Útgáfa

ISBN 978-9935-9084-8-3

Leiðb.verð: 2.980 kr.



### Bækur fyrir Grensásdeild

Ása og Erla

Vaknaðu, Sölvi

Edda Heiðrún Backman og

Þórarinn Eldjárn

Tvær fallegar sögur í bundnu máli handa börnum á öllum aldri. Allur ágóði af sölu bókanna rennur til Hollvína Grensásdeildar.

16 bls.

FORLAGIÐ

#### Vaka-Helgafell

ISBN 978-9979-2-2189-0/

-2190-6 Óbundnar



### Ertu svona lítill

Adrian Sölvi Ingimundarson

Önnur bókin sem Adrian Sölvi gefur út sjálfur. Frábært og lærdómsríkt áhugamál hjá 13 ára strák. Sagan einkennist

af takmarklausu hugmyndaflugi barna og mátulegur texti sem börn skilja svo vel. Myndirnar litríkar og margt að skoða á hverri blaðsíðu. Frábær saga til að lesa á rúm-stokknum.

34 bls.

Adrian Sölvi Ingimundarson

ISBN 9789979708902

Leiðb.verð: 1.900 kr.



### Gerðu eins og ég

Hvati og dýrin

Eva Pengilsdóttir

Myndir: Bergún Íris

Sævarsdóttir

Þegar Hvati hvolpur fer í dýragarðinn sýnir hann dýrunum kátur hvernig þau eiga að gera – hanga, hoppa og velta sér! Því Hvati veit að æfingin skapar meistarann! Þessi bók er hugsuð sem skemmtileg lesning fyrir börn en jafnframt tæki fyrir foreldra og þá sem vinna með börnum til að ýta undir markvissa hreyfingu, þroska og tengslamyndun.

32 bls.

FORLAGIÐ

#### Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3310-4



### Grái litli

Adrian Sölvi Ingimundarson

Þessi bók er skrifuð, myndskreytt, umbrotin og gefin út af 12 ára strák.


Bókin er frábært framtak hjá Adrian Sölva. Sagan varð til í samvinnu við ömmu hans í Frakklandi og svo myndskreytti hann allt sjálfur. Þá tóku við myndvinnsla, uppsetning, yfirlestur, prentun og sala á bókinni. Mörgu að kynnst og margt að læra fyrir 12 ára dreng.

26 bls.

Adrian Sölvi Ingimundarson

ISBN 9789979708896

Leiðb.verð: 1.900 kr.





### Grímsævintýri

Kristín Helga Gunnarsdóttir  
Myndir: Halldór Baldursson  
Hér fer ævisaga hundheppna hamingjudýrsins Gríms Fífls; hundskemmtileg saga um hundtryggan hund sem hundleiddist stundum en þótti þó oftast hundgaman. *Grímsævintýri* er óskabók dýravina á öllum aldri sem vita að góðir vinir ganga ekki endilega allir á tveimur fótum.

117 bls.

FORLAGIÐ

Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3319-7



### Grín og meira grín

Samant.: Eggert Ísólffsson

Í þessari bók er að finna 400 brandara fyrir fólk á öllum aldri. Brandararnir eru bæði stuttir og langir en allir ættu þeir að kitla hláturtaugar lesenda. *Grín og meira grín* er bók fyrir alla fjölskylduna því enginn er of ungur eða of gamall fyrir góðan brandara. 152 bls.

Steinegg ehf.

ISBN 978-9935-421-21-0

Leiðb.verð: 1.990 kr.



### Gummi fer á veiðar með afa

Dagbjört Ásgeirsdóttir

Myndir: Karl Jóhann Jónsson

Gummi vissi ekki að sæskrímsli væru til, en hann kemst að því þegar hann fer á grásleppuveiðar með afa sínum.

Þetta er fyrsta bókin í bókaröðinni um þá félagu Gumma og Rebba. Rebba, yrðlingurinn, er besti vinur Gumma. Saman lenda þeir í spennandi og stundum hættulegum ævintýrum í sveitinni hjá afa og ömmu. 34 bls.

Óðinsauga Útgáfa

ISBN 978-9935-9084-2-1

Leiðb.verð: 2.980 kr.



### Gæsa húð 18

Örninn

Helgi Jónsson

Nýjasta bókin í Gæsa húðar-flokknum er rosalega spennandi saga fyrir krakka. 96 bls.

Tindur

ISBN 9789979653929

Leiðb.verð: 2.490 kr. Kilja



### Gæsa húð eldri

Hefndin

Helgi Jónsson

Sjötta bókin í Gæsa húðar-flokknum fyrir eldri lesendur, *Hefndin*, er bara fyrir þá sem hafa stáltaugar. 112 bls.

Tindur

ISBN 9789979653752

Leiðb.verð: 2.490 kr. Kilja





„Ómetanlegt tækifæri til að læra af reynslu annarra. Skyldulesning fyrir stelpur á öllum aldri.“  
ASDÍS HALMSDÓTTIR, SPÍOTKASTARI

„Ótrúlegar sögur af mögnuðum stelpum. Ég hvet allar stelpur sem stráka til að lesa þessa bók.“

NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR,  
LEIKKONA



## „NAUÐSYNLEG BÓK“ – „ÓTRÚLEGAR SÖGUR AF MÖGNUM STELPUM“

Ný og spennandi bók úr smiðju Kristínar Tómasdóttur sem áður hefur sent frá sér metsölubækurnar Stelpur! og Stelpur A-Ö. Fyrirmyndarbók fyrir flottar stelpur sem geta allt!

„Sérlega hvetjandi og ánægjuleg lesning. Nauðsynleg bók fyrir allar stelpur!“

EBBA GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR, RITHÖFUNDUR OG FYRIRLESARI



### Hlunkarnir

Guðbjörg Hlíf Pálsdóttir  
Bók í myndum og máli á þremur tungumálum fyrir húmorista á öllum aldri. Einnig í rafbók. 34 bls.

Vestfirska forlagið  
ISBN 978-9935-430-28-1  
Leiðb.verð: 1.700 kr.



Þrígga heima saga  
**Hrafnsauga**  
Kjartan Yngvi Björnsson og Snæbjörn Brynjarsson  
Breki, Sirja og Ragnar ættu að njóta seinustu áhyggjulausu daganna í sumarsólinni en framtíðin ber annað í skauti sér. *Hrafnsauga* er fyrsta bók-in í *Þrígga heima sögu*, æsi-spennandi sagnaflokk þar sem blóðgaldrar, leyndarmál og gleymdar óvættir ógna veröldinni. Þetta er fyrsta skáldsaga Kjartans Yngva Björnssonar og Snæbjörns Brynjarssonar, og þar sigur úr

býtum í samkeppninni um Ís-lensku barnabókaverðlaunin 2012. 383 bls.  
FORLAGIÐ  
**Vaka-Helgafell**  
ISBN 978-9979-2-2203-3



### Hulstur utan um sál

*Fjölskyldubók*  
Hugu-rún Hrönn Kristjánsdóttir  
Myndskr.: Unnur Valdís Kristjánsdóttir, Hólmsteinn Össur Kristjánsson og Hugu-rún Hrönn Kristjánsdóttir

Bókin útskýrir á einfaldan hátt hvernig börnin verða til. Fjallað er um ástina og hvernig lífið kviknar, ýmist eftir langa bið eða þegar sist skyldi. Sjónarhornið færast milli níu barna sem eiga sér ólíka sköpunarsögu og búa við mismunandi fjölskyldu-aðstæður. Bókin er hugsuð fyrir börn og foreldra að lesa saman en á líka erindi við alla sem hafa áhuga á fjölbreyti-leika mannlífsins.

Þírumpár  
ISBN 978-9979-72-209-0  
Leiðb.verð: 2.900 kr.




### Hvað varð um húsið?

Adrian Sölvi Ingimundarson  
Adrian Sölvi var 12 ára þegar hann bjó til sína fyrstu sögu og nú er hann 14 ára þegar

þriðja bókin kemur út. Hann fékk litla hjálp við útgáfuna í þetta skiptið enda hefur þetta verið lærdómsríkt fyrir hann. Afraksturinn er saga með brosi á hverri síðu og texti sem fellur í kramið. Góð bók fyrir unga lesendur. 26 bls.

Adrian Sölvi Ingimundarson  
ISBN 9789979720454  
Leiðb.verð: 1.900 kr.



### Hvolpalíf

Sirry Skarph.  
Skemmtileg sönn saga fyrir unga lesendur. *Hvolpa-líf* fjallar um íslensku fjárhundana Tinnu og Jökul og eigendur þeirra sem búa í Reykjavík. Þegar Tinna og Jökull eignast hvolpa færast heldur betur líf og fjör á heimilið. Ógleymanleg saga um bestu vini mannsins. Bókin er ríkulega myndskreytt. 70 bls.

Steinegg ehf.  
ISBN 978-9935-421-19-7  
Leiðb.verð: 1.990 kr.



### Jói Kassi og jólasveinninn

Litabók  
Konráð Sigurðsson  
Myndskr.: Þórir Karl Celin  
Ert þú aðstoðarmaður jólasveinsins? Jói Kassi lendir í ævispennandi ævintýri með jólasveininum að kvöldi Þorláksmessu. Til að gera ævintýrið enn skemmtilegra leita Jói og jólasveinninn til lesenda sinna eftir aðstoð við myndskreytingu bókarinnar. 24 bls.

ÍDNÚ bókaútgáfa  
ISBN 978-9979-673-0-95 Kilja



### Jói Kassi og löggustöðin

Konráð Sigurðsson  
Myndskr.: Þórir Karl Celin  
Enn og aftur fylgjumst við með Jóa Kassa. Í þessari bók er Jói staddur á löggustöð-inni þar sem hann hittir mjög svo skuggalega en jafnframt forvitnilega hluti. 24 bls.

ÍDNÚ bókaútgáfa  
ISBN 978-9979-67-308-8 Kilja



# Hlæðu af þér hausinn um jólin



Eftir höfunda  
Fimbulfamb's

Skemmtilegustu skopmyndateiknarar landsins leggja til teikningarnar – og þú semur brandarann. Þannig er SKRÍPÓ, hrikalega myndið nýtt íslenskt spil sem fjölskyldan mun liggja í hláturskasti yfir.

Í SKRÍPÓ eru jafnvel fátíðlegustu myndatextarnir sprenglæggilegir ...

SKRÍPÓ er skemmtilegt, þroskar ímyndunarafl og hugmyndaflug þátttakenda svo um munar.

**Fjörugt spil fyrir alla fjölskylduna  
– einfalt og ofboðslega myndið!**



SKRÍPÓ inniheldur  
150 frábærar teikningar eftir:  
**HUGLEIK DAGSSON,  
HALLDÓR BALDURSSON  
LÓU HLÍN HJÁLMTÝSDÓTTUR  
OG SIGMÚND**



**FORLAGID**  
www.forlagid.is



**Mensalder**

5690,-

„Sögleg og myndu“ (SJS)  
Heimildaskildsaga um  
fítækan bónda,  
ástr hans og ævintýri



3490,-

10%  
af sölu-  
verði fer til  
Kattholts

★★★★ (Fréttablaðið)

Bók fyrir börn  
og dýravini á öllum aldri.  
Styrkjum Kattholt!



5990,-

Ást og reiði við Ólfiu  
Gullfálleg ljóða- og lista-  
verkabók Soffiu og borlaás  
Fæst einnig árituð og  
tólsætt í myndskríni Soffiu,  
grafíkverk fylgir

2490,-




**ENGLAJÓL**

Hugljúf jólasaga Guðrúnar  
Helgadóttur klædd í tónlist  
Elinar Gunnlaugsdóttur



**Bókauitgáfan  
Sæmundur**  
bokakafli@sunnienska.is



### Jólakrakkar

Sigrún Eldjárn

Þessi bók geymir Stekkja-  
staur, Giljaglettu, Stubbu  
og Stúf, og fullt af öðrum  
skemmtilegum jólaörökkum  
til að klippa út og leika sér  
með. Bók sem styttr biðina  
eftir jólnum!

32 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3312-8

Óbúðin



### Jólalögin okkar

Huginn Þór Grétarsson

Myndskr.: Nunung Nurjannah  
Litríkar og skemmtilegar  
myndir prýða bókina. Í henni  
koma fyrir jólalögin sem við  
þekkjum öll og syngjum sam-  
an á jólaskemmtunum. Stutt-  
ar sögur tengdar lögunum  
fræða börn um jólasveinana,  
Grýlu og Leppalúða.

Kór Öldutúnsskóla flytur


valin jólalög á meðfylgjandi  
geisladisk.

120 bls.

**Óðinsauga Útgáfa**

ISBN 978-9935-451-08-8

Leiðb.verð: 4.290 kr.



### Kamilla Vindmylla

og bulloröna fölknið

Hilmar Örn Óskarsson


Dularfullur geisli ferðast um  
borgina að næturlagi og í  
kjölfarið gerast einkenni-  
legir hlutir. Kamilla Vindmylla  
neyðist til að taka þessa hluti  
í sínar eigin hendur, enda  
ómögulegt að taka hlutina  
í hendurnar á einhverjum  
öðrum. Kamilla, Jakob, ung-  
snillingurinn Felix og fleiri  
kljást við kexvitlausan vís-  
indamann, fluggáfaðan úlf  
og síðast en ekki síst sína  
eigin foreldra í spennandi og  
sprenglæglegri sögu.

143 bls.

**Bókabeitan ehf.**

ISBN 978-9935-453-00-6

Leiðb.verð: 3.990 kr.



### Kattasamsærið

Guðmundur S. Brynjólfsson

Myndskr.: Högni Sigurþórsson  
Þetta er engin venjuleg  
kattasaga heldur saga af  
skemmtilegu samsæri katta  
og fleiri dýra þegar tilvist  
aðalpersónunnar Petru Pott  
er ógnað. 10% af útsöluverði  
hverrar bókar rennur til Katt-  
holts. Höfundurinn hlaut  
barnabókaverðlaunin 2009  
og Grímuverðlaun 2010.

116 bls.

**Útgáfufélagið Sæmundur**

ISBN 978-9935-9014-8-4

Leiðb.verð: 3.490 kr.



APENA – AÐ EILÍFU, KÚMEN EFTIR MARGRÉTI ÖRNÓLFSDÓTTUR

# AÐ FERMAST EÐA EKKI FERMAST?

Þegar **Apena** kynnist Snæju, fjörugum ofurhuga, tekur lífið skyndilega nýja stefnu og margar spurningar vakna. Með samviskuna á annarri öxlinni og púkann á hinni reynir Apena að fóta sig í nýjum og ógrandi heimi. **Þetta er þriðja bókin um Apenu, sem hefur unnið hug og hjörtu lesenda.**

★★★★★  
„Fjörlega skrifuð, nútímaleg saga um smáa atburði og stórar tilfinningar.“  
ARNDIS ÞÓRARINSDÓTTIR, FBL  
(UM APENA- HVAÐ ER MÁLÍB MED HÁTTI?)

★★★★★  
KRISTÍN HEIDA KRISTINSDÓTTIR,  
MORGUNBLAÐINU  
(UM APENA- HVAÐ ER MÁLÍB MED HÁTTI?)



BJARTUR



**Klubbarnir**

Guðbjörg Hlíf Pálsdóttir  
Hugljúf saga í myndum og máli á þremur tungumálum. Fyrir börnin í okkur öllum. Einnig í rafbók 30 bls.

**Vestfirska forlagið**  
ISBN 978-9935-430-29-8  
Leiðb.verð: 1.700 kr.



**Krakinn sem hvarf**

Þorgrímur Þráinsson  
Hvernig ætli sé að eiga brjálaðan uppfinningamann fyrir föður? Bráðfyndin og hörkuspennandi saga úr litlu þorpi eftir einn alvinsælasta höfund okkar. Hér leika draugar lausum hala, stórhættulegt er að stela sér sjampói í sundlauginni og best er að gæta sín vel á því óþekktu.

197 bls.  
FORLAGIÐ  
**Mál og menning**  
ISBN 978-9979-3-3318-0




**Kúkum í koppinn**

Huginn Þór Grétarsson  
Myndskr.: Agung Wulandana  
Gamansöm leið til þess að kenna börnum að kúka í koppinn. 14 bls.

**Óðinsauga Útgáfa**  
ISBN 978-9935-9084-9-0  
Leiðb.verð: 2.490 kr.

20 bls.  
**Salka**  
ISBN 978-9935-17-062-0 Kilja



**Leyndarmál Kela**

Ingibjörg Kr. Ferdinandsdóttir  
Myndskr.: Aðalheiður Vigfúsdóttir

Keli Kaka er aftur mættur til leiks í þessari frábæru sögu. Í bókinni er Keli numinn á brott og við fylgjumst með afdrifum hans. Þegar hann kemur loks aftur heim til fjölskyldu sinnar, þá er komið babb í bátinn – nýr kisi í bælið hans! En Keli á sér ótrúlegt leyndarmál sem gæti breytt öllu.

42 bls.  
**Óðinsauga Útgáfa**  
ISBN 978-9935-451-03-3  
Leiðb.verð: 2.980 kr.



**Kobbi kló**

Huginn Þór Grétarsson  
Myndskr.: Leonardo Ariza  
Skemmtilegt ævintýri um uppeldi Kobba kló, ævintýri hans á sjó og loks hvernig hann verður að betri manni. 56 bls.

**Óðinsauga Útgáfa**  
ISBN 978-9935-9047-6-8  
Leiðb.verð: 2.980 kr.



**Lalli og litakastalinn**

Heiða Björk Norðfjörð  
Hér lærir Lalli litina og að telja upp í 10, um leið kynnist hann litríkum dýrum og gómsætu hollustusnarli.

Fróðleg bók fyrir yngstu kynslóðina. Höfundurinn starfar í London undir listamannsnafninu Heidi Björk.



**bóksala stúdenta**  
Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is  
www.boksala.is



RANDALÍN OG MUNDI EFTIR ÞÓRÐÍSI GÍSLADÓTTUR

## HVER GLEYPUR MÚS ANNAN HVERN SUNNUDAG?

Er leyfilegt að rífa skemmtilegar bækur? Hvernig kemst maður í kynni við dáleiðanda? Þessi bráðfyndna og fjöruga saga er fyrsta barnabók verðlaunahöfundarins Þórdísa Gísladóttur.

Þórarinn M. Baldursson myndskreytti.



BJARTUR




EFTIR SIGNÝJU KOLBEINSDÓTTUR OG MARGRÉTI ÖRNÓLFSDÓTTUR

## TULIPOP

Á ævintýraeyjunni Tulipop er allt úr skorðum. Sveppasystkinin Búi og Gló verða að bjarga málum og fá til þess hjálp frá vinum sínum, ekki síst himintunglunum, sem allt vita.

Tulipop er sköpunarverk Signýjar Kolbeinsdóttur og Helgu Árnadóttur. Í **Mánasöngvaranum** glæðir verðlaunahöfundurinn Margrét Örnólfsdóttir íbúa eyjunnar lífi í skemmtilegu ævintýri.

BJARTUR



**Listasafnið**

Sigrún Eldjárn

Uppsetning Forngripasafnsins og Náttúrugripasafnsins heppnaðist vel og nú er bara Listasafnið eftir. En þar er allt í drasli og fátt til að sýna annað en ómerkileg málverk og ljótar styttnar. *Listasafnið* er þriðja bókin í spennandi bókaflakki eftir Sigrúnu Eldjárn sem 8–12 ára bókaormar gleypa í sig með ánægju. 201 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3305-0

*bjargar ballettinum* er þriðja bókin um músina tónelsku sem heillað hefur börn um allan heim.

33 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3265-7



**Mitt eigið Harmagedón**

Anna Heiða Pálsdóttir

Dagbjört Elisabet sextán ára hefur fengið sumarvinnu á leikskóla. Hún kynnist nýjum vinum og heillandi valkostum sem vekja spurningar um þá trú og lífsskoðanir sem hún hefur alist upp við. Um haustið er hún breytt manneskja eftir örlagaríkt sumar. 250 bls.

Salka

ISBN 978-9935-17-060-6 Kilja



**Myndin í speglinum**

Ragnheiður Gestsdóttir

Ósköp venjuleg fermingartelpa kemst að því að sextán ára systir hennar sem er sætust af öllum og best í öllu býr yfir háskalegu leyndarmáli. Frábær bók fyrir 11 ára og eldri eftir margverðlaunaðan höfund. 157 bls.

Veröld

ISBN 978-9935-440-22-8



**Myrkfælna tröllid**

Huginn Þór Grétarsson

Myndskr.: Vladimiro Rikowski  
Búi Steinn er myrkfælinn

tröllasveinn. Þegar hin tröllabörnin hlaupa út í nóttina til að leika sér þorir hann ekki að fara með þeim.

En margt á eftir að breytast þegar Bergný, besta vinkona hans, snýr ekki aftur heim við sólarupprás. Ef tröll eru úti þegar sólin tekur að skína breytast þau í stein. En þó að sólin sé að gægjast undan bergi úti við sjóndeildarhringinn hleypur Búi Steinn af stað til að bjarga vinkonu sinni. 38 bls.

**Óðinsauga Útgáfa**

ISBN 978-9935-451-05-7  
Leiðb.verð: 2.980 kr.



**Maxímús Músíkús bjargar ballettinum**

Hallfríður Ólafsdóttir

Myndir: Þórarinn Már Baldursson

Dag einn koma skemmtilegir gestir í tónlistarhúsið – börn sem dansa svo vel að Maxi verður forvitinn. Hvar ætli þau hafi æft sig svona vel að dansa? *Maxímús Músíkús*



**Naglasúpan**

Huginn Þór Grétarsson

Myndskr.: Leonardo Ariza  
Þessi þjóðþekkt saga um umrenninginn sem útbýr naglasúpu er nú loksins fáanleg sem litrík og skemmtileg barnabók. 32 bls.


32 bls.

**Óðinsauga Útgáfa**

ISBN 978-9935-9084-5-2  
Leiðb.verð: 2.980 kr.







### Ólíver

Birgitta Sif

Ólíver er dálítið sérstakur en það er allt í lagi. Hann brallar margt og lendir í ótal ævintýrum. Hlý og falleg saga fyrir börn frá þriggja ára aldri eftir nýjan íslenskan höfund sem kemur út samtímis víða um heim.

32 bls.

FORLAGIÐ

Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3273-2



### Raggi litli í Sólarlandinu

Haraldur S. Magnússon

Myndir: Karl Jóhann Jónsson

Enn ein stórskemmtileg saga um hann Ragga litla og ævintýri hans. Að þessu sinni heldur hann í viðburðarríkt ferðalag.

32 bls.

Óðinsauga Útgáfa

ISBN 978-9935-9084-6-9

Leiðb.verð: 2.980 kr.



### Randalín og Mundi

Þórdís Gísladóttir

Myndskr.: Þórarinn M.

Baldursson

Hver býr í kassa og gleypir mús annan hvern sunnudag? Er leyfilegt að rífa skemmtilegar bækur? Hvernig kemst maður í kynni við dáleiðanda?

Bráðfyndin og fjörug saga

eftir verðlaunahöfundinn Þórdís Gísladóttur.

88 bls.

Bjartur

ISBN 9789935 423917



### Regnbogafuglinn

Sigrún Arna Elvarsdóttir

Höfundur bókarinnar er leikskólakennari að mennt og hefur lokið mastersnámi í sérkennslufræðum við Háskóla Íslands (2011). Bókin er afrakstur hópavinnu í leikskóla þar sem unnið var með vináttu og marbreytileikann. Sagan var samin



## HVAÐ SÝNIR MYNDIN Í SPEGLINUM?



Fermingarstelpa tekur mál-efni eldri systur sinnar í sínar hendur með ófyrirsjáanlegum afleiðingum!

Frábær bók eftir Ragnheiði Gestsdóttur sem hlotið hefur


Norrænu barnabókaverðlaunin.



**SPENNA**



**KIDDI FER Í FRÍ**




**SPENNA**



með því markmiði að opna umræðu um að við erum öll ólík, höfum ólíka hæfileika og að við þurfum að bera viðringu fyrir þeim eru ólík okkur sjálfum. Á hverri síðu eru umræðupunktur þar sem lesandinn getur hvatt börnin til þess að velta fyrir sér því sem er að gerast í sögunni og öðlast betri skilning á margbreytileika mannlífs. Bók þessi er fyrsta bók höfundar. Teikningar gerði Jelena Una Jóhannsson.

16 bls.

**Sigrún Arna Elvarsdóttir**  
ISBN 978-997970950-3  
Leiðb.verð: 1.999 kr.



**Reisubók Ólafía Arndísar**

Kristjana Friðbjörnsdóttir  
Myndir: Margrét E. Laxness  
Sumarlengt þvælist Ólafía Arndís um með ömmu sinni á gömlum húsbíl. Fyrst list henni ekkert á blikuna en af því að hún fær glænýja spjaldtölvu til að skrá ferðasöguna á ákveður hún að slá til. Hér er reisubókin komin út ... en þó ekki sú sem amman sá fyrir sér! Sprenglægileg saga handa krökkum á aldrinum 7-12 ára.

132 bls.

FORLAGIÐ  
**JPV útgáfa**  
ISBN 978-9935-11-311-5



**Runni risi**

*Benedikt búalfur og félagar í Álfheimum*

Ólafur Gunnar Guðlaugsson

Loksins ný bók um Benedikt búalf og féлага, sem margir hafa beðið eftir. Stórskemmtileg frásögn, litríkar og magnaðar myndir. Mikil ógn steðjar að Álfheimum en Benedikt eignast merkilegan vin sem leggur honum lið. Fjörug og spennandi saga sem vekur okkur til umhugsunar um lífið og tilveruna.

46 bls.

**Sögur útgáfa**  
ISBN 978-9935-448-019



**Rökkurhæðir**

*Kristófer*

Birgitta Elin Hassell og Marta Hlín Magnadóttir

Við fyrstu sýn eru Rökkurhæðir eins og hvert annað úthverfi. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að svo er ekki því þar er ýmislegt ótrúlegt á seyði.

Í könnunarleiðangri um Rústirnar finnur Kristófer pottþetta afmælisgjöf handa litlu systur. Það sem hann órar hins vegar ekki fyrir er hversu mikil áhrif gjöfin á eftir að hafa á hans eigið líf.

160 bls.  
**Bókabeitan ehf.**  
ISBN 978-9935-9061-2-0  
Leiðb.verð: 3.590 kr.





**Rökkurhæðir**

Ófríður

Marta Hlín Magnadóttir og Birgitta Elín Hassell

Við fyrstu sýn eru Rökkurhæðir eins og hvert annað úthverfi. Þegar betur er að gáð kemur í ljós að svo er ekki því þar er ýmislegt ótrúlegt á seyði.

Ófríðurinn sem hefur kraumað í Rökkurhæðum er að brjótast upp á yfirborðið. Matthías er nýr í Rökkurskóla og furðar sig á ástandinu. Hann kynnist Ingibjörgu sem er viss um að atburðirnir eigi sér skýringu en hver skyldi hún vera og hvað geta þau gert?

171 bls.

**Bókabeitan ehf.**

ISBN 978-9935-9061-5-1

Leiðb.verð: 3.790 kr.



**Sagan af huldufólkinu á eldfjallaeyjunni**  
The story of the hidden people on Volcano Island

Sigrún Elsa Smáradóttir

Myndskr.: Smári Rúnar Róbertsson

Eldfjallaeyjan verður aldrei söm eftir að mannfólk strandar skipi sínu við huldubbyggð. Huldufólkið leggur á ráðin um að losna við mennina en afleiðingarnar verða aðrar en huldufólkið ætlaði sér. Bókin er sannkallað listaverk og höfðar bæði til barna og full-orðinna.

42 bls.

**Ísland, hvar er þín fornaldar frægð**

Dreifing: Kongó ehf.

ISBN 978-9935-9108-0-6/1-3



**Skrímslaerjur**


Áslaug Jónsdóttir, Kalle Güettler og Rakel Helmsdal Skrímslunum leiðist. Þeim kemur ekki saman um hvað þau eigi að taka sér fyrir hendur. Í hita leiksins falla þung orð og þá fýkur í gæfustu skrímsli. *Skrímslaerjur* er sjöunda bókin um litla og stóra skrímslið sem krakkarnir þekkja líka af sviði Þjóðleikhússins.

32 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3296-1



„Hryllilega spennandi bækur, mæli alveg með þeim!“

Eyrún Ósk, 14 ára.

„Frekar krípi, gat samt ekki hætt að lesa“

Daníel, 15 ára



**vinsælustu íslensku unglinga-bækurnar**

Rökkurhæðir eru á Facebook

Hver bók er sjálfstæð en söguhetjurnar eiga það sameiginlegt að vera á unglingastigi í Rökkurskóla. Í nýjstu bókinni fær lesandinn splunkunýtt sjónarhorn á lífið í Rökkurhæðum gegnum Matthías sem er nýfluttur í hverfið. Hann kynnist Ingibjörgu og í sameiningu reyna þau að komast að rötum ófríðarins sem kraumar í bænum.



Við reynum ekki að vera best í öllu. Þess vegna gefum við bara út barna- og unglingabækur. Það er okkar ástríða!




Stúmúla 29, 108 Reykjavík | Sími 588 6609  
Netfang: bokabeitan@bokabeitan.is | www.bokabeitan.is



**Spádómurinn**  
Hildur Knútsdóttir

Kolfinna er fimmtán ára og með höfuðið fullt af spurningum: Hvers vegna að eiga vængi ef maður má ekki nota þá? Um hvaða ógn voru foreldrar hennar að þískra í skemmumni og hvað felst í spádóminum? *Spádómurinn* er ævispennandi saga eftir Hildi Knútsdóttur sem hefur áður sent frá sér skáldsöguna *Slátt*.

210 bls.  
FORLAGIÐ  
JPV útgáfa  
ISBN 978-9935-11-295-8



**Spurningabókin 2012**  
*Hvaða hljóðferi vill enginn fá lánað?*

Guðjón Ingi Eiríksson  
Bráðskemmtileg spurningabók fyrir alla aldurshópa. Notist hvar og hvenær sem er. 80 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**  
ISBN 978-9935-435-09-5  
Leiðb.verð: 1.290 kr.



**Dagbók í óskilum**

Hvað gerir þjóðkunn leikona þegar hún týnir dagbókinni, óprúttinn fyrrum fjölskyldumeðlimur finnur hana (dagbókina), fær hana í hendur á ófyrirleitnum útgefanda sem lætur prenta hana (bókina) í stóru upplagi?


Tindur



**Steinskrípin**

Gunnar Theodór Eggertsson  
Daginn sem Bergur vaknar skín gamalkunnug sólin hátt á lofti en allt annað er framandi. Veröldin er grá og líflaus og þar ráða steinskrípin ríkjum – hrikalegar ófreskjur með slímuga arma og flugbeittar klær. Dularfull stúlka fylgir Bergi hvert fótmál og saman freista þau þess að sigrast á skrípunum og endurheimta Jörðina. *Steinskrípin* er spennandi saga fyrir ævintýraþyrsta lesendur og sjálfstætt framhald verðlaunabókarinnar *Steindýrin*. 283 bls.

FORLAGIÐ  
**Vaka-Helgafell**  
ISBN 978-9979-2-2191-3



**Stelpur geta allt!**  
*Heimspækt rokkstjarna,*

*forritunarsnillingur; transstelpa, júdómeistari, töfra-stelpa, ræðuskörungr*  
Kristín Tómasdóttir  
Íslenskar stelpur geta allt sem þær vilja – og jafnvel meira til. Og þær geta tekist á við ótrúlegustu erfiðleika og sigrast á þeim. Hér er að finna viðtöl við 22 stelpur sem annaðhvort hafa náð frábærum árangri á einhverju sviði eða upplifað eitt-hvað óvenjulegt eða sérstakt. Ómissandi fyrir fjölmarga aðdáendur stelpubóka Kristínar Tómasdóttur!  
270 bls.  
**Veröld**  
ISBN 978-9935-440-34-1



**Tulipop – Mánasöngvarinn**

Margrét Örnólfsdóttir og Signý Kolbeinsdóttir  
Á ævintýraeyjunni Tulipop er allt úr skorðum. Ókunnug skuggajurt birtist um nótt og hafið er alls ekki sjálfa sér líkt. Sveppasystkinin Búi og Gló fá hjálf frá vinum sínum sem búa yfir ýmsum hæfileikum, og síðast en ekki síst himintunglunum, sem allt vita.  
Tulipop er sköpunarverk Signýjar Kolbeinsdóttur og Helgu Árnadóttur. Hér glæðir verðlaunahöfundurinn Margrét Örnólfsdóttir íbúa eyjunnar lífi í skemmtilegu ævintýri.  
88 bls.  
**Bjartur**  
ISBN 9789935 423788



### Vani ykkur á Valahelli

**Þúnn Steinsdóttir**  
Myndskr.: Margrét E. Laxness  
Spennandi bók fyrir börn á aldrinum 6-10 ára á léttu og auðlesnu máli. Söguhetjurnar eru þrjár 10 ára krakkar sem lenda í dularfullum ævintýrum og sýna kjark til að bjarga sér úr hættu. 86 bls.


**Salka**  
ISBN 978-9935-17-069-9



### Ævintýri á Ljósanótt

**Elías Snæland Jónsson**  
*Ævintýri á Ljósanótt* er skemmtileg og spennandi saga eftir verðlaunahöfundinn Elías Snæland Jónsson. 104 bls.

**Bókaútgáfan Hergill sf.**  
ISBN 978-9979-9694-4-0  
Leiðb.verð: 2.800 kr. Kilja



### Ævintýri tvíburanna á Spáni

**Birgitta Hrönn Halldórsdóttir**  
Myndskr.: Erna Hrönn  
Ásgeirsdóttir  
*Ævintýri tvíburanna á Spáni* er sjálfstætt framhald af *Ævintýrum tvíburanna* sem kom út 2011.

Tvíburarnir, Bjössi og Begga, búa í Blómabrekku í Húnavatnshreppi. Þar hefur heldur betur bæst við fjölskylduna, þar sem aðrir tvíburar hafa nú litið dagsins ljós.

Þau fara í eftirminnilegt páskafrí til Spánar með vinum sínum og eldsprækum ömmum. Þar lenda þau í bardaga við spænsku mafíuna, heimsækja Afríku og upplifa margvísleg ævintýri þar sem allskonar fólk kemur við sögu. 104 bls.

**Töfrakonur / Magic Women ehf.**  
ISBN 978-9979-9990-8-9



„Frábær humor, ... einstaklega vönduð“  
Edda Björgvins leikkona

„Bullfyndin bók!“  
Rökkvi 10 ára

fyrir  
7-12  
ára

# Rækilega fyndin og spennandi bók

 Kamilla Vindmylla er á Facebook

Í bókinni hittum við fyrir Kamilla, Jakob, ungsníllinginn Felix og fleiri hressa krakka. Þau þurfa að kljást við kexivitlausan visindamann, fluggáfaðan úlf og síðast en ekki síst sína eigin foreldra sem fara að haga sér vægast sagt undarlega. Kamilla Vindmylla neyðist til að taka málin í sínar eigin hendur, enda með öllu ómögulegt að taka hlutina í hendurnar á einhverjum öðrum.

Bókabeitan hlaut Vörvinda IBBY fyrir framlag sitt til barnmenningar  
VÖRVINDAR 2012

Við reynum ekki að vera best í öllu. Þess vegna gefum við bara út barna- og unglingabækur. Það er okkar ástríða!

**B**  
BÓKABEITAN

Síðumúla 29, 108 Reykjavík | Sími 588 6609  
Netfang: bokabeitan@bokabeitan.is | www.bokabeitan.is

# Barna- og unglingsbækur

## « ÞÝDDAR »




### Aladdin og töfrateppið og aðrar ævintýrahugleiðslur fyrir börn

Marneta Viegas

Þýð.: Árný Ingvarsdóttir

Aladdin og töfrateppið leiðir börn á mildan og skemmtilegan hátt inn í heim slökunar og hugleiðslu. Í bókinni hefur þekktum ævintýrum verið breytt í slökunarhugleiðslur sem örva ímyndunarafl og sköpunargleði barna og hjálpa þeim að slaka á í dagsins önn. Með aðstoð Gosa, Mjallhvítar og fjölda annarra söguhetja upplifa börnin ævintýralegar stundir í eigin hugarheimi. Tilvalin inn á heimili eða í skóla. 120 bls.

**Betri bækur – Betra sjálf ehf.**  
ISBN 978-9935-9111-0-0



### Andrés Extra

Þýð.: Jón St. Kristjánsson og Anna Hinriksdóttir

Hér er að finna safn af líflegustu og skemmtilegustu sögum sem út hafa komið um Andrés og félagi!


Íbúar Andabæjar eru óútreiknanlegir og ævintýrin og vandræðin sem á vegi þeirra verða eru ógleymanleg.

20 sígildar sögur fyrir þá sem fá aldrei nóg af Andrés! 96 bls.

**Edda útgáfa**

ISBN 978-9935-13-096-9

Leiðb.verð: 1.290 kr. Kilja



### Andrésína

Þýð.: Jón Stefán Kristjánsson

Það er aldrei nein lognmolla í kringum Andrésínu! Hér er hún mætt ásamt fleiri vinkonum sínum og söguhetjum úr Andabæ í frábærum sígildum sögum þar sem hvert ævintýrið rekur annað! Það verður enginn svikinn af þessari lesningu! Góða skemmtun. 48 bls.

**Edda útgáfa**

ISBN 978-9935-13-100-3

Leiðb.verð: 1.490 kr.



### Angry Birds

Svinslegar eggjauppskriftir

Hér hafa svinin spælt fuglana, yfirtekið eldhúsið þar sem allt er löðrandi í eggjum og bjóða upp á spennandi og gjarnilegar uppskriftir af öllu tagi!

76 bls.

**Veröld**


ISBN 978-9935-440-30-3



Bókabúðin **HAMRABORG**



**Hamraborg 5 • 200 Kópavogur • Sími 554 0877**



### Anna í Grænuhlíð

L.M. Montgomery

Þýð.: Sigríður Lára

Sigurjónsdóttir

Anna í Grænuhlíð hefur brætt hjörtu íslenskra lesenda í nær sjötíu ár. Nú kemur út í fyrsta skipti óstytt þýðing á fyrstu bókinni.

318 bls.

Ástriki útgáfa

ISBN 978-9935-9091-0-7

Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja



### Annar er rauður en hinn er...

Skemmtilegu

snábarnabækurnar

Stephanie Calmenson

Myndir: Lisa McCue Karsten

Þýð.: Björgvin E. Björgvinsson

Bókin *Annar er rauður en hinn er...* fjallar um skókaup kánustelpunnar Ánu og áhrifin sem uppáhalds sjónvarpshetjan hennar hefur á valið.

Króki vinur hennar, kemur

í skóbúðina í sömu erindagjörðum og með sömu hugmynd. Sammi skókaupmaður sýnir þeim að fyrirætlun þeirra gengur ekki fyllilega upp. Þau þurfa því að leita lausnar sem þau geta bæði unað. Það tekst þeim, enda bæði skynug og hugmynda- rík. Lisa McCue Karsten teiknaði hlýjar og altumfaðmandi myndir bókarinnar og Björgvin E. Björgvinsson þýddi. 24 bls.

Bókaútgáfan Björk

ISBN 978-9979-807-79-7

Leiðb.verð: 450 kr.



Eragon

Arfleifðin

Christopher Paolini

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Lokabindis þessa geysivinsæla bókaflökks hefur verið beðið með ópreyju. Eragon og drekinn Safíra hafa hlotið eldskírni í orrustum og átökum en lokabardaginn er eftir: Þau verða að takast á við konunginn illa, Galbatorix. Ef þeim mistekst er engin von – framtíð Alagesíu hvílir á herðum þeirra. Hvað þurfa þau að leggja í sölnar? 749 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-317-7



„New York Times  
metsölubók!“

Frábær bók  
til að lesa með  
börnunum



# Ævintýri eins og þau gerast best!



Grimmsystur  
eru á Facebook

Það kannast allir við Grimmsbræður og nú er fyrsta bókin um Grimmsystur fánleg á íslensku. Systurnar Sabrína og Dagný Grimm komast að því að þær eru afkomendur hinna frægu Grimmsbræðra. Ekki nóg með það heldur eru sögur sem við þekkjum sem ævintýri dagsannar heimildir um óknytti ævintýraveranna. Fátt sámir sér betur undir jólatrénu en gott ævintýri!

Bókabeitan  
hlaut Vorvinda IBBY  
fyrir framlag sitt til  
barnamenningar

VORVINDAR  
2012

Við reynum ekki að vera best í öllu. Þess vegna gefum við bara út barna- og unglíngabækur. Það er okkar ástríða!

**B**  
BÓKABEITAN

Stíumúla 29, 108 Reykjavík | Sími 588 6609  
Netfang: bokabeitan@bokabeitan.is | www.bokabeitan.is



**Bert og frelsið**

Sören Olsson og Anders Jacobsen  
Þýð.: Jón Danielsson  
Myndskr.: Kwok-Hei Mak  
Vetrarfrið er loksins komið! Bert og hljómsveitin hans, Heman Hunters, eiga að spila á torginu og strákarirnir eru á fullu í undirbúningi. Þeir þurfa að fá sem flesta til að horfa á. Helst eiga áhorfendur samt bara að vera stelpur. Stelpur sem verða bæði villtar og trylltar af hrifningu! Þá gæti verið að kærastan hans Berts hætti við að segja honum upp. Annars verður hann að finna sér nýja kærustu í grænum hveli. Hann vill nefnilega ekki vera frjáls allt of lengi.  
128 bls.

**Bókaforlagið Bifröst**  
ISBN 978-9935-412-17-1  
Leiðb.verð: 3.480 kr.



**Bjarnastaðabangsarnir – Engar stelpur hér**

Stan Berenstain og Jan Berenstain  
Þýð.: Karl Ágúst Úlfsson  
Brói er orðinn leiður á að vera alltaf með litlu systur sína í eftirdragi. Þar að auki er hún orðin betri en strákarirnir í flestum leikjum. Þess vegna fær hún ekki að vera með í nýja leynifélaginu. Hvað gera stelpur þegar strákar skilja þær útundan?  
32 bls.

**Undur og Stórmerki**  
ISBN 978-9935-9114-3-8  
Leiðb.verð: 1.290 kr. Kilja



**Bjarnastaðabangsarnir á leikjanámskeiði**

Stan Berenstain og Jan Berenstain  
Þýð.: Karl Ágúst Úlfsson  
Það er sumarfrí í skólanum og bangsasystkinin hafa lítið fyrir stafni. Þegar mamma stingur upp á að þau fari á leikjanámskeið hafa þau litla trú á að það verði skemmtilegt. En annað kemur svo sannarlega á daginn.  
32 bls.

**Undur og Stórmerki**  
ISBN 978-9935-9114-1-4  
Leiðb.verð: 1.290 kr. Kilja



**Bjarnastaðabangsarnir læra um peninga**

Stan Berenstain og Jan Berenstain  
Þýð.: Karl Ágúst Úlfsson  
Pabba og mömmu finnst húnarnir ekki fara skynsamlega með peningana sína. Systkinin ákveða að verða ábyrg í fjármálum, en samt er eins og eitthvað sé að. Er kannski hægt að vera of upptekinn af peningum?  
32 bls.

**Undur og Stórmerki**  
ISBN 978-9935-9114-2-1  
Leiðb.verð: 1.290 kr. Kilja



**Bjarnastaðabangsarnir fara til tannlæknis**

Stan Berenstain og Jan Berenstain  
Þýð.: Karl Ágúst Úlfsson  
Systu finnst spennandi að missa fyrstu tönnuna sína, en þegar hún fer með Bróa til tannlæknis líst henni ekki á blikuna. Hjá tannlækninum skoðar hún spennandi áhöld og svo fær hún aðstoð sem hún átti ekki von á.  
32 bls.

**Undur og Stórmerki**  
ISBN 978-9935-9114-0-7  
Leiðb.verð: 1.290 kr. Kilja



Teiknað, rissað og litað  
**Bláa bókin**  
Ritstj.: Elizabeth Scoggings  
Teiknaðu, rissaðu og litaðu allar fallegu myndirnar í þessari bók. Þú getur breytt hverri síðu í skemmtilegt listaverk. Kastalar, draugar, furðudýr, frumskógur, geimskip, o.fl.  
128 bls.

**Sögur útgáfa**  
ISBN 978-993541680-3



Allt um íslenska knattspyrnu 2012 Ómissandi í safnið



Tindur





**S**agan um Rósalind og vini hennar er falleg sögu- og myndabók með gliti á hverri síðu.

Í lok bókar finnur þú skemmtilega gjöf sem er hálsmen handa lítilli prinsessu. Uppáhaldsbækur stelpna 3 – 8 ára.



**S**koðum, lesum og hlustum á hljóðin. Börn byrja snemma að herma eftir hljóðum dýra og farartækja.

Þegar þrýst er á myndir faratækjanna framan á bókinni heyrast hljóðin sem tengjast sögunum.



**L**eitum finnum og lærum ýmislegt um dýrin.

Hér eru öll húsdýrin okkar: Hundur, köttur, hani, svín, hestur, lamb og fuglar. Alls konar fiskar og önnur sjávardýr. Ljón, tigrisdýr og risaeðlur. Ekki má gleyma froskinum Langlegg, sem leynist einhvers staðar á hverri opnu.

Meira en 1000 litmyndir!



**SETBERG - bókaútgáfa í 60 ár**



**Bláa bókin mín**

Fjölbreytt og fróðleg  
límmyndabók  
Green Android

Þýð.: Pórir S. Guðbergsson

Í Bláu bókinni eru spennandi og skemmtileg verkefni um bíla, dýr og sólkerfi, risaeðlur, geimferðir og stór farartæki.

Litríkar myndir, púsluspil og rúmlega 350 límmyndir eru í bókinni sem börn eiga að staðsetja til að svara spurningum, leysa myndagátur og þrautir.

Leikið, púslað, límt og lært.  
108 bls.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-527-1



Teiknað, rissað og litað

**Bleika bókin**

Ritstj.: Elizabeth Scoggings

Teiknaðu, rissaðu, kláraðu og litaðu allar æðislegu myndirnar í þessari bók. Þú getur breytt hverri síðu í skemmtilegt listaverk. Falleg föt og

fylgihlutir, skemmtileg dýr, myndur og myndir!  
126 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-993541681-0



**Bleika bókin mín**

Leikið, púslað, límt og lært

Green Android

Þýð.: Pórir S. Guðbergsson

Í Bleiku bókinni eru spennandi og skemmtileg verkefni um dýr, liti og leikföng, form, tölur og fatnað.

Litríkar myndir, púsluspil og rúmlega 350 límmyndir eru í bókinni sem börnin eiga að staðsetja til að svara spurningum, leysa myndagátur og þrautir.  
108 bls.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-528-8



**Dagbók Kidda klaufa 4**

Svakalegur sumarhiti

Jeff Kinney


Þýð.: Helgi Jónsson

Fjórða bókin um Kidda klaufa og nú fer hann í sumarfrí með fjölskyldunni. Það fer ekki allt eins og Kiddi vill. Léttur skemmtilestur fyrir krakka.  
224 bls.

**Tindur**

ISBN 9789979653967

Leiðb.verð: 4.690 kr.



**Depill**

Eric Hill

Þýð.: Birna Klara Björnsdóttir

Í heimi Depils má finna marga skemmtilega hluti, meðal annars bolta og báta, froska og fiðrildi. Þú getur örugglega hjálpað Depli að finna margt fleira og eitthvað á eftir að koma á óvart!  
10 bls.

**Bókaforlagið Bifröst**

ISBN 978-9935-412-16-4

Leiðb.verð: 1.995 kr.



**Disney sögusafn – Prinsessu sögur**

Walt Disney

Þýð.: María Þorgeirsdóttir

Fallega myndskreytt ævintýrabók með hugljúfum prinsessu sögum. Lesendum gefst tækifæri til að taka þátt í ævintýrum prinsessanna og vina þeirra, allt frá óvæntri lautarferð með dvergum um sjó að fjársjóðsleit neðan-sjávar.  
304 bls.

**Edda útgáfa**

ISBN 978-9935-13-084-6

Leiðb.verð: 4.490 kr.



**Disney sögusafn – Vinasögur**

Walt Disney

Þýð.: Jón St. Kristjánsson

Í þessu fallega myndskreytta sögusafni er að finna hugljúfar sögur um vináttuna fyrir yngstu kynslóðina. Uppáhalds Disney-persónurnar ykkar og vinir þeirra upplifa gleði og sorg í þessari veglegu ævintýrabók og læra að góðir vinir eru gulli betri.  
304 bls.

**Edda útgáfa**

ISBN 978-9935-13-052-5

Leiðb.verð: 4.490 kr.



Dóra landkönnuður

### Dóra og Diego

Þýð.: Örn Úlfar Sævarsson  
Frábær bók um Dóru landkönnuð og vini hennar. Diego frændi hennar getur talað við dýrin og hann bjargar þeim ef þau eru í hættu stödd. Spennandi og litríkt ævintýri fyrir yngstu krakkana. Dóra bregst vinum sínum aldrei!  
28 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-57-5



Dóra landkönnuður

### Dóra og vinir

Þýð.: Örn Úlfar Sævarsson  
Fylgdu Dóru og vinum hennar í gegnum frumskóginn og sjáðu hvað þau uppgötva. Æfðu þig svo að teikna það sem þú sérð. Skemmtilegt teiknibretti og penni fylgir með. Það er hægt að stroka út myndirnar sem þú teiknar þannig að þú getur notið þess að teikna dýrin aftur og aftur.  
26 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-993541679-7




Dóra landkönnuður

### Dóra og sjóræningjaævintýrið

Þýð.: Örn Úlfar Sævarsson  
Dóra og vinir hennar setja upp leikrit um sjóræningja. Svín sem leika sjóræningja stela búningakistunni, því þau halda að hún sé fjár-sjóðskista. Dóra og félagar bregðast ekki í þessari stórskemmtilegu og litríku bók!  
24 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-58-2



### Drekar og riddarar

Þýð.: Helga Soffía Einarsdóttir  
Full bók af sígildum og skemmtilegum sögum af eldspúandi drekum og riddurum sem lenda í ótal ævintýrum.  
160 bls.

**Unga ástin mín ehf.**

ISBN 978-9935-429-230

Leiðb.verð: 3.999 kr.



### Dúkkulísur – Blómaprinsessur

Mirela Tufan

Þýð.: Jónas Jökull

Nú ert þú tíska hönnuður!

Búðu til þína eigin töfrandi dúkkulísu.

Blómaprinsessan verður glæsileg þegar þú klæðir hana í kvöldkjól, skó, pils, hanska, kórónu og skrautlega aukahluti!

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-536-3



### Dúkkulísur – Töfrandi álfadísir

Mirela Tufan

Þýð.: Jónas Jökull

Búðu til þína eigin töfrandi dúkkulísu. Álfadísir verður glæsileg þegar þú klæðir hana í kvöldkjól, skó, pils, hanska, kórónu og skrautlega aukahluti. Yfir 70 litprentaðir kjólar og fylgihlutir.

**Setberg**

ISBN 978-9979-52-537-0



Dýrin

Ég er eins árs

Þýð.: Steingrímur

Steinþórsson

Harðspjaldabók með götum sem hjálpar börnunum að læra heitin á algengustu húsdýrunum.

16 bls.

**Skrudda**

ISBN 978-9979-655-84-8

Leiðb.verð: 1.490 kr.



Dýrin

Bók til að grípa í!

Því lengur sem Carl Mørck rýnir í gamla floksuskeytið því betur áttar hann sig á því að tveim drengjum hefur verið rænt fyrir mörgum árum. En af hverju hefur hvarf þeirra aldrei verið tilkynnt? Þessi þriðja bók um deild Q hjá dönsku lögreglunni hlaut norræna Glerlykilinn 2010.


☆☆☆☆ „Einfaldlega besta spennusagan á markaðnum ...“ – *KB/Morgunblaðið*  
524 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2183-8 Kilja





**Forsetinn er horfinn**

Anne Holt

Þýð.: Solveig Brynja

Grétarsdóttir

Fyrsti kvenforseti Bandaríkjanna hverfur í opinberri heimsókn til Noregs. Svo virðist sem heimsveldinu sé ógnað og jafnframt konungdæmi Noregs, auk þess hriktir í pólitískum stoðum víða um heim.

Sjálfstætt framhald bókana *Það sem aldrei gerist* og *Það sem mér ber* sem sátu lengi á metsölulistum.

432 bls.

Salka

ISBN 978-9935-17-044-6 Kilja



**Fórnardauði**

Lee Child

Þýð.: Jón St. Kristjánsson

Æsilegar sögurnar um harð-


jaxlinn Reacher hafa slegið rækilega í gegn. Á ferð um sléttur Nebraska flækist hann inn í háskalega atburðarás og þarf að takast á við hóp vöðvatrölla og harðsvíraða útsendara glæpagengja til að komast að ógnvænlegu leyndarmáli sem fortíðin geymir.

413 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-271-2 Kilja



**Game of Thrones – Krúnuleikar**

George R.R. Martin


Þýð.: Elin Guðmundsdóttir

Stórkostlegasti ævintýrasagnabálkur síðari tíma loksins á íslensku. Á þessari bók eru hinir geysivinsælu sjónvarpsþættir, Game of Thrones, byggðir en þeir eru m.a. teknir upp á Íslandi. Launráð, losti og leynimakk — átökin um járnhásætið eru í algleymingi. Mögnuð bók fyrir spennufikla á öllum aldri.

870 bls.

Ugla

ISBN 978-9935-21-024-1 Kilja



**Góðir grannar**

Ryan David Jahn

Þýð.: Bjarni Jónsson

Fjöldmörg vitni eru að mis-kunnarlausri árás. En enginn kemur til hjálpar. Við fylgjumst með fórnarlambi, árásarmanni og vitnum, og flóknum aðstæðum þeirra. Sagan er byggð á sönnum atburðum, en sálfræðingar hafa kallað þetta fyrirbæri „hlutlaus áhorfandi.“ Neon-bók.

260 bls.

Bjartur

ISBN 9789935423559 Kilja



**Hausaveiðararnir**

Jo Nesbø

Þýð.: Ingunn Ásdárdóttir

Glæpasögur Jo Nesbø hafa slegið rækilega í gegn á Íslandi og hlotið lof gagnrýnenda jafnt sem lesenda. Hér

segir af hausveiðararnum og listaverkaþjófum Roger Brown. Kvikmynd gerð eftir bókinni fékk góðar viðtökur.

265 bls.

Uppheimar

ISBN 978-9935-432-31-5 Kilja



**Haustfórn**

Mons Kallentoft

Þýð.: Ísak Harðarson

Lík marar í hálfu kafi í hallarsíkinu við Skogsá-setrið. Lögfræðingurinn Jerry Petersson, sem nýlega hefur fest kaup á Skogsá, er alræmdur fyrir vægðarleysi í viðskiptum en mun ekki vinna fleiri sigra á keppinautum sínum. En hvers vegna var hann myrtur?

*Haustfórn* er þriðja bókin um Malin Fors.

506 bls.

Uppheimar

ISBN 978-9935-432-64-3 Kilja





**NÚTÍMINN ER TRUNTA** EFTIR **JENNIFER EGAN**

# HRIKALEGA HUGVITSSAMLEG



Sasha er stelsjúk og gengur til sálfræðings. Bennie borðar gull og lætur sig dreyma um sín yngri ár. Þegar hann þráði Alice sem þráði Scotty sem þráði Jocelyn sem stakk af með miðaldra plötuútgefanda. Enginn þráði Rheu sem þráði Bennie.

ÞYÐANDI: ARNAR MATTHÍASSON

PULITZER  
VERÐLAUNIN


National Book  
Critics Circle  
Award

„Framúrskarandi ...  
skemmtileg á  
magnaðan hátt ... slær  
hárréttan tón!“  
NEW YORK TIMES

  
BJARTUR



„Hrikalega hugvittsamleg og heilandi“  
i: THE SPINNA MAGAZINE  
„Framúrskarandi ... skemmtileg  
á magnaðan hátt ... slær hárréttan tón!“  
NEW YORK TIMES



**Herbergi**

Emma Donoghue

Þýð.: Ólöf Eldjárn

Jack er fimm ára og þekkir ekkert annað en herbergið sem hann býr í. Á næturnar sefur hann inni í skáp því að mamma hans vill ekki að hann hitti Nick gamla sem leggst upp í rúm hjá henni. Áhrifarík metsölubók, grimm og átakanleg, en lýsir um leið takmarkalausri ást. „Mjög eftirminnileg bók. Maður byrjar að lesa og hættir ekki.“

– KB/Kiljan

399 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3290-9 Kilja



**Hin ótrúlega pílgrímsganga Harolds Fry**

Rachel Joyce

Þýð.: Ingunn Snædal


Pegar Harold Fry skreppur út einn morguninn til að fara með bréf í póst veit hann ekki að hann á eftir að ganga yfir landið þvert og endilangt.

Hann er ekki í gönguskóm. Hann er ekki með kort. Ekki einu sinni farsímann sinn. En hann leggur upp í langa göngu. Til að bjarga lífi vinkonu sinnar. Neon-bók.

309 bls.

**Bjartur**

ISBN 9789935 423702 Kilja



**Hlaupið í skarðið**

J. K. Rowling

Þýð.: Arnar Matthíasson og Ingunn Snædal

Pagford virðist mikill fyrirmyndarbær – en undir fögru yfirborðinu eiga allir í stríði við alla. Pegar Barry Fairbrother fellur frá og skilur eftir sig sæti í sveitarstjórninni verður það upphafið að mestu átökum sem orðið hafa í bænum. Fyrsta skáldsaga J.K. Rowling fyrir fullorðna er hlaðin svörtum húmor, vekur lesandann til umhugsunar og kemur stöðugt á óvart.

500 bls.

**Bjartur**

ISBN 9789935423887



**Hrafnarnir**

Vidar Sundstøl


Þýð.: Kristín R. Thorlacius

Hrafnarnir eru þriðja bók Sundstøls á íslensku og jafnframt lokabindi Minnesota-príleiksins. Fyrri bækurnar *Land draumanna* og *Hinir dauðu* hafa hlotið þrýðilegar viðtökur, bæði lesenda og gagnrýnenda

367 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9979-659-98-3 Kilja



**Jesúsa**

Óskammfeilin, þverúðug og skuldlaus

Elena Poniatowska

Þýð.: María Rán Guðjónsdóttir

Fátæka indíánakonan Jesúsa er hörð af sér og þarf að vera það. Kornung giftist hún


manni sem misþyrmir henni en verður fljótt ekkja og þarf að berjast fyrir lífinu á jaðri samfélagsins. Sérstæð og áhrifamikil saga sem talin er eitt af meistaraverkum mexíkóskra bókmennta og hefur hlotið fjölda viðurkenninga og verið þýdd á mörg tungumál.

439 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-291-0 Kilja



**Klingivals**

Jane Aamund

Þýð.: Elín Guðmundsdóttir

Hugnæm og spennandi ástar- og fjölskyldusaga

192 bls.

**Urður bókafélag**

ISBN 978-9935-9082-2-3

Leiðb.verð: 2.699 kr. Kilja





### Kona tígursins

Téa Obrecht

Þýð.: Guðni Kolbeinsson

Margrómuð verðlaun saga. Natalía býr í ónefndu ríki á Balkanskaga, langhrjáðu eftir styrjaldaráttök. Þegar afi hennar deyr í afskekktu þorpi ákveður hún að komast að erindi hans þangað – og rifjar á leiðinni upp sögurnar sem hann sagði henni. „Heillandi saga, feikilega vel fléttuð, skrifuð af miklu innsæi ... heimtar beinlínis að hún sé lesin ...“ – PBB/*Fréttatíminn* 360 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-278-1 Kilja


Þýð.: Halla Sverrisdóttir  
Libby ætlaði ekki að falla fyrir Jack en það gerðist samt ... Svo fara að læðast að henni grunsemdir um að hann geti aldrei elskað nokkra konu eins og Eve, fyrstu ástina hans, sem lést með voveiflegum hætti. Libby vill afhjúpa leyndarmálin en með því leggur hún sig í mikla hættu ... Spennandi og gripandi saga sem erfitt er að leggja frá sér.

544 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-251-4 Kilja



### Konurnar á ströndinni

Tove Alsterdal

Þýð.: Jón Danielsson

Fjögurra stjarna krimmi (*PBB í Fréttatímanum*). Sænsk

glæpasaga í hæsta gæðaflokki.

392 bls.

Veröld

ISBN 978-9935-440-13-6 Kilja



### Kortið og landið

Michel Houellebecq

Þýð.: Friðrik Rafnsson

Nýjasta skáldsaga þekktasta rithöfundar Frakka fjallar um myndlistarmanninn Jed Martin og sameinar á snilldarlegan hátt glæpasöguna, örlagasögu einstaklings, lýsingu á sambandi föður og sonar og beitta greiningu á þróun listheimsins og samfélagsins á 21. öldinni. Bókin hlaut Goncourt-verðlaunin árið 2010, helstu bókmenntaverðlaun Frakklands. 365 bls.

FORLAGIÐ

Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3293-0

Óbundin



### Krossgötur

Liza Marklund

Þýð.: Anna R. Ingólfssdóttir

*Krossgötur* eru níunda bókin um blaðakonuna Anniku Bengtson og eru nú allar komnar út á íslensku. Í *Krossgötum* er dregin upp eftirminnleg mynd af árekstrum ólíkra heima og hvernig reynir á samskipti og sambönd fólks við erfiðustu aðstæður sem hugsast getur. 396 bls.

Uppheimar

ISBN 978-9935-432-38-4 Kilja



### Konan sem hann elskaði áður


Dorothy Koomson




### Dagbók í óskilum

Hvað gerir þjóðkunn leikona þegar hún týnir dagbókinni, óprúttinn fyrrum fjölskyldumeðlimur finnur hana (dagbókina), fær hana í hendur á ófyrirleitnum útgefanda sem lætur prenta hana (bókina) í stóru upplagi?

Tindur





**Leynierindrekinn**

Joseph Conrad  
Þýð.: Atli Magnússon  
Eitt af meistaraverkum heimsbókmenntanna eftir einn af risum enskra bókmennta. Áhrifamikil skáldsaga sem gerist í Lundúnum á síðari hluta 19. aldar og segir frá örlagaríku afleiðingum áforma um hryðjuverk í lífi lítillar fjölskyldu. 320 bls.  
**Ugla**  
ISBN 978-9935-21-018-0



**Lærlingurinn**


Tess Gerritsen  
Þýð.: Hallgrímur H. Helgason  
Skelfíleg ódæði eru framin í Boston og nágrenni. Aðfarirnar minna á fjöldamorðingja sem setið hefur í öryggisfangelsi í heilt ár, síðan lögreglukonan Jane Rizzoli

elti hann uppi. Nú vaknar ótti hennar á ný og þrætt fyrir taumlausan óhugnað neitar hún að gefast upp fyrr en í fulla hnefana. „Þetta er spennandi stöff ...“ – PBB/*Fréttatíminn*  
357 bls.  
FORLAGIÐ  
**Vaka-Helgafell**  
ISBN 978-9979-2-2170-8 Kilja




**Má ekki elska þig**

Jenny Downham  
Þýð.: Nanna B. Þórsdóttir  
*Má ekki elska þig* er saga um tryggð, ábyrgð og fjölskyldubönd, um rétt og rangt. Líka ráðgáta um glæp sem kannski var framinn – og kannski ekki. En fyrst og fremst er þetta saga um ástina sem vaknar hjá unglingum og hvernig henni reiðir af við erfiðustu aðstæður. 384 bls.  
FORLAGIÐ  
**JPV útgáfa**  
ISBN 978-9935-11-253-8 Kilja



**Með góðu eða illu**

Elsebeth Egholm  
Þýð.: Auður Aðalsteinsdóttir  
Dicte Svendsen kemst hjá bráðum bana þegar tvær sprengjur springa í miðborg Árósa. Í annarri sprengingunni ferst fötluð kona og grunur beinist að syni Dicte sem er nýsloppinn úr fangelsi. Stjórnun hefur rignt yfir þessa bók bæði hér og erlendis: ☆☆☆ Þrælspennandi.“ – PBB/*Fréttatíminn*  
400 bls.  
FORLAGIÐ  
**Mál og menning**  
ISBN 978-9979-3-3291-6 Kilja



**Meistarinn**

Michael Hjorth og Hans Rosenfeldt  
Þýð.: Halla Kjartansdóttir

Réttarsálfræðingurinn Sebastian Bergman, sem kominn er í öngstræti í lífi sínu, átti stóran þátt í að koma upp um raðmorðingja sem nú situr í fangelsi. En þó er eins og hann sé farinn að myrða á ný. Hörkuspennandi saga, þar sem Sebastian Bergman – sem lesendur elska að hata – fær tækifæri til að koma lífi sínu á réttan kjöl. En greiðir það dýru verði. 504 bls.  
**Bjartur**  
ISBN 9789935 423863



**Minning um óhreinan engil**

Henning Mankell  
Þýð.: Hólmfríður Gunnarsdóttir  
Áhrifarík saga um unga sænska konu sem verður óvænt eigandi vændishúss í Portúgölsku Austur-Afríku árið 1904. Hún tekur nærri sér að sjá hvernig hvítir viðskiptavinir koma fram við konurnar en þær kæra sig lítt um samúð hennar. Mankell nýtir hér þekkingu sína á Mósambík í áhrifamikilli skáldsögu um samskipti hvítra og svartra. 368 bls.  
FORLAGIÐ  
**Mál og menning**  
ISBN 978-9979-3-3303-6 Kilja



### Nútíminn er trunta

Jennifer Egan

Þýð.: Arnar Matthíasson

Sasha er stelsjúk og gengur til sálfræðings. Bennie borðar gull og lætur sig dreyma um sín yngri ár. Þegar hann þráði Alice sem þráði Scotty sem þráði ...

Margverðlaunuð skáldsaga: National Book Critics Circle Award, hin virtu Pulitzer-verðlaun, og hefur verið þaulsetin á metsölulistum. Enda einstaklega vel skrifuð og skemmtileg bók, um tíðarandann sjálfan og tímann sem líður.

**Bjartur**

ISBN 9789935 423757



### Næstum eins og ástin

Ellen Feldman

Þýð.: Þórunn Hjartardóttir

Hér segir frá lífi þriggja æskuvinkvenna og fjölskyldna þeirra. Seinni heimsstyrjöldin geisar í Evrópu, en í heimabæ þeirra í USA ríkir óvissa um framvindu stríðsins og hugsanlega hernaðar-

íhlutun. Við fylgjumst með lífi þeirra sem urðu eftir heima; kvenna sem gengu í störf karla, barna sem komu undir í skyndihjónaböndum.

Höfundurinn hefur fengið tilnefningu til Orange-verðlaunanna.

Bókin fæst einnig sem raffbók og hljóðbók. 330 bls.

**Lesbók ehf.**

ISBN 978-9935-417-94-7

Leiðb.verð: 3.890 kr.



## Mary Higgins Clark

Þessi nýja skáldsaga Mary Higgins Clark – sú þrítugasta – er kannski sú magnaðasta af öllum sögum hennar.

Hún fjallar um það sem kalla mætti persónuleikabjórnað.

Hver hefur ekki lesið um – eða hefur jafnvel orðið fyrir einhverju slíku – að einhver sé farinn að nota greiðslukortið þitt, hafi komist í bankareikninginn þinn, sé jafnvel farinn að villa á sér heimildir á opinberum vettvangi, þykist vera þú. Í þessari sögu lendir söguhetjan, Alexandra „Zan“ Moreland, einmitt í þess háttar aðstæðum. Zan er sökuð um alvarleg „mistök“ í greiðslukortanotkun og viðskiptum og barnsrán í þokkabót. Margir fara að efast um geðheilsu hennar í kjölfarið. Endir sögunnar kemur vafalaust mörgum á óvart en þar siglir Mary Higgins Clark fimlega milli skers og báru.





### Næturóskin

Anne B. Ragde

Þýð.: Hjalti Rögnvaldsson

Ingunn er blaðamaður og sérfræðingur í tónlist. Utan vinnu er hún sólgin í karlmenn og kynlíf en um leið hrædd við nán tengsl og svik. Áleitin saga um rótlausa nútímakonu eftir höfund Berlínaraspenna.

☆☆☆☆ „Merkileg viðbót við kvennalitteratúr okkar daga.“ – PBB/*Fréttatíminn*  
219 bls.

FORLAGIÐ

Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3279-4 Kilja



### Parisarkonan

Paula McLain

Þýð.: Herdís Magnea Hübner  
Söguleg skáldsaga um fyrsta hjónaband Ernests Hemingway. Sögusviðið er París á þriðja áratug tuttugustu aldar þar sem hjónin verða miðdepill í hinni sögufrægu „týndu kynslóð“.

Saga um heitar ástir og svik í tryggðum, sem gefur jafnframt trúverðuga mynd af tíðarandanum í París.  
392 bls.

Salka

ISBN 978-9935-17-046-0



### Prýðisland


Grace McClellan og

Elísa Björg Þorsteinsdóttir

„Einstaklega hjartnæm saga, vel og lipurlega skrifuð og lumar á mikilli tilfinningabombu,“ sagði stórblaðið Sunday Times. Judith býr ein með föður sínum, þau trúa á Guð og boða öðrum fagnaðarerindið. En lífið er svo sannarlega enginn dans á rósum, ekki heldur þegar Judith kemst í sérstakt samband við Hann.  
335 bls.

Bjartur

ISBN 9789935 423733 Kilja



### Reglur hússins

Jodi Picoult

Þýð.: Magnea J. Matthíasdóttir  
Jacob Hunt er unglingur með Aspergerheilkenni. Hann hefur áhuga á réttar-meinafræði og mætir oft á vettvang glæpa – en þegar leiðbeinandi hans finnst myrtur fellur grunur á hann. Áhrifamikil saga um það að vera öðruvísi og fylgja ekki leikreglum samfélagsins. „... nánast ógjörningur að leggja bókina frá sér fyrr en eftir síðasta punkt.“ – FB/*Fréttablaðið*  
651 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-282-8 Kilja



Bókabúðin **HAMRABORG**



**Hamraborg 5 • 200 Kópavogur • Sími 554 0877**

HLAUPIÐ Í SKARÐIÐ EFTIR J.K. ROWLING

# NÝ SKÁLDSAGA EFTIR FRÆGASTA HÖFUND Í HEIMI



Þagford virðist mikill fyrirmyndarbær – en undir fögru yfirborðinu eiga allir í stríði við alla. Þegar Barry Fairbrother fellur frá og skilur eftir sig sæti í sveitarstjórninni verður það upphafið að mestu átökum sem orðið hafa í bænum. Fyrsta skáldsaga J.K. Rowling fyrir fullorðna er hlaðin svörtum húmor, vekur lesandann til umhugsunar og kemur stöðugt á óvart.

Þýðendur: Amar Matthiasson  
og Ingunn Snædal

YFIR  
MILLJÓN EINTÖK  
SELD!


KEMUR ÚT Á 43  
TUNGUMÁLUM

J.K. ROWLING

Hlaupið í  
skarðið



BJARTUR



**Síðasta bréfið frá Svíþjóð**

Vilhelm Moberg  
Þýð.: Magnús Ásmundsson  
Ritstj.: Hildur Hermóðsdóttir  
Fjórði og síðasti hluti sögu Mobergs um Karl Óskar og Kristínu sem námu land í Ameríku á 19. öld. Eftir erfið en viðburðarík ár færast aldurinn yfir og þau líta til baka með stolti.  
330 bls.

**Salka**  
ISBN 978-9935-17-071-2



**Síðasta freistingin**

Nikos Kazantzakis  
Þýð.: Sigurður A. Magnússon  
Hér birtist í fyrsta sinn á íslensku ein þekktasta og umdeildasta skáldsaga 20. aldar. Nikos Kazantzakis var þekktasti rithöfundur Grikkja á 20. öld (1883–1957). Það eru tvær bækur sem bera uppi

frægð hans, *Síðasta freistingin* og *Grikkinn Zorba*, sem Anthony Quinn gerði ódauðlegan í samnefndri kvikmynd. Bandaríski leikstjórinn Martin Scorsese gerði mynd eftir Síðustu freistingunni árið 1988 og þótti takast einstaklega vel en myndin olli miklu fjaðrafoki, var víða bönnuð og ekki sýnd í sjónvarpi, þar á meðal á Íslandi.

Sagan fjallar um Jesú, sögu hans og trúna, efasemdirnar, og baráttuna við holdið.

Þýðing Sigurðar A. Magnússonar á *Síðustu freistingunni* sætir miklum tíðindum.  
495 bls.

**Tindur**  
ISBN 9789979653790  
Leiðv.verð: 5.990 kr.



**Snjókarlinn**

Jo Nesbø  
Þýð.: Bjarni Gunnarsson  
Glæpasögur Jo Nesbø hafa farið sigurför um heiminn og slegið rækilega í gegn á Íslandi og hlotið fádæma lof gagnrýnenda jafnt sem lesenda. Þetta er fimmta bókin á íslensku um Harry Hole.  
509 bls.


**Uppheimar**  
ISBN 978-9935-432-36-0 Kilja



**Steinblóð**

Johan Theorin  
Þýð.: Anna R. Ingólfssdóttir  
Vorið er að koma á Ölandi, Per Mörner á von á syni sínum og dóttur í heimsókn en áætlanir hans um notalegar stundir með börnunum fara úr skorðum þegar Jerry faðir hans hringir og virðist í háska staddur. Jerry er maður með vafasama fortíð og Per hefur forðast hann árum saman en neyðist nú til að hitta að nýju.  
424 bls.

**Uppheimar**  
ISBN 978-9935-432-41-4 Kilja



**Sumarhús með sundlaug**

Herman Koch  
Þýð.: Ragna Sigurðardóttir  
Hollenski rithöfundurinn Herman Koch hefur sannarlega hreyft við íslenskum lesendum enda flinkur í að afhjúpa mein nútímasamfélagsins og brestir í samskiptum fólks. Allir hafa eitthvað að fela en þegar sjálfelska og óheilindi ráða för svikja menn jafnvel það sem þeim er heilagast. Metsölubók Hermans Koch, *Kvöldverðurinn*, kom út á íslensku 2010.

366 bls.  
FORLAGIÐ  
**JPV útgáfa**  
ISBN 978-9935-11-262-0 Kilja







### Svarti sauðurinn

Monterroso Augusto

Þýð.: Kristín Guðrún

Jónsdóttir

„Ég lærði að vera stuttur á því að lesa Proust,“ sagði Augusto Monterroso, en hann skrifaði einkum stutta illflokkanlega texta: hér er safn slíkra. Monterroso (1921–2003) var frá Guatemala en skrifaði flest verk sín í Mexíkó, einn fróðasti og viðlesnasti bókmenntamaður Rómönsku-Ameríku.

72 bls.

**Bjartur**

ISBN 9789935 423771 Kilja



### Svo heitt varst þú elskaður

Nikolaj Frobenius

Þýð.: Ólafur Bjarni Halldórsson

Þetta er saga sem lýsir

breytingum á manni sem fær heilablóðfall á efri árum. Sagan er blanda af kímni og djúpri alvöru. Höfundurinn Nikolaj Frobenius er þekktur í Noregi. Lýst er tilvistarvanda sjúklings sem er sendur á milli sjúkrahúsa og verður sífellt háðari öðru fólki. Þetta er grípanði og heillandi lesning, sem fjallar um mikið alvörumál.

344 bls.

**Draumsýn ehf.**

ISBN 978-9935-444-13-4 Kilja



### Svörtulönd

Belinda Bauer

Þýð.: Anna Margrét

Björnsdóttir

Hinn tólf ára gamli Steven Lamb grefur holar á Exmoor heiði, í von um að finna lík.

Á hverjum degi eftir skóla og um helgar, á meðan skólafélagar hans skiptast á fótboltamyndum, grefur Steven holar til þess að freista þess að leggja til hinstu hvílu frændann sem hann kynntist aldrei, sem hvarf þegar hann var ellefu ára gamall og talið er að hafi verið fórnarlamb hins alræmda raðmorðingja Arnold Avery. Æsispennandi sakamálasaga sem enginn leggur frá sér fyrr en að lestri loknum.

366 bls.

**Draumsýn ehf.**

ISBN 978-9935-444-05-9 Kilja



### Táknmál blómanna

Vanessa Diffenbaugh

Þýð.: Ásdís Guðnadóttir


Hrífandi saga um unga stúlku sem alin er upp á hrakningi og er hörð og þyrnótt eins og þistill. En hún hefur lært að tjá tilfinningar með blómum og þegar hún kynnist manni sem einnig kann táknmál blómanna rifjast fortíðin upp. Tilfinningarík saga um eftirsjá, höfnun, einmanaleika, von, fyrirgefningu og ást.

411 bls.

**FORLAGIÐ**

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-227-9 Kilja



### The Stones Speak

Þórbergur Þórðarson

Þýð.: Julian Meldon D'Arcy

*Steinarnir tala*, klassískar

bernskuminningar meistara Þórbergs, í frábærri enskri þýðingu.


255 bls.

**FORLAGIÐ**

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3286-2

Óbundin



### Ugluspegill

Hermann Bote


Þýð.: Steinar Matthíasson

Um 500 ár eru söguna um Ugluspegil kom fyrst út í Þýskalandi. Hún hlaut strax afar góðar viðtökur og hefur síðan verið gefin út margsinnis og þýdd á mörg tungumál, hún telst vera þekktasta alþýðubók sem gefin hefur verið út á þýskri tungu. Einnig hefur oft verið gefið út úrval hinna 96 sagna um þakkarann og skálkinn Ugluspegil, þær bækur hafa einkum verið ætlaðar börnum. Hér er bókin í íslenski þýðingu í heild sinni með upphaflegum myndum, 87 tréistum.

232 bls.

**STEINAR**

ISBN 978-9979-72-198-7 Kilja



**Undirstaðan**

Ayn Rand  
Þýð.: Elín Guðmundsdóttir  
Dagný Taggart rekur járnbrautarfyrirtæki fjölskyldu sinnar, en þrír menn keppa einnig um ást hennar. Baksviðið er Bandaríkin í örri hnignun. Mögnuð ástarsaga sem flytur einnig áleitinn boðskap um undirokun og frelsi, snikjulíf og sköpun. Undirstaðan er vinsælasta bók Ayn Rand, sem er metsöluhöfundur um allan heim. 1146 bls.

**Almenna bókafélagið.**  
(BF-útgáfa)  
ISBN 978-9935-426-42-0



**Veiðimennirnir**

Jussi Adler-Olsen  
Þýð.: Hilmar Hilmarsson  
Önnur bókin í hinni geysivinsælu röð um Carl Mørck og aðstoðarmann hans á deild

Q hjá dönsku lögreglunni. Tvö systkini fundust myrt á hrottafenginn hátt í sumarbústað á Sjálandi árið 1987 en þó að maður sitji inni fyrir glæpinn reynist ekki allt með felldu. „Carl Mörck er arftaki Wallanders og Erlendar.“ – FB/Fréttablaðið 416 bls.  
FORLAGIÐ  
**Vaka-Helgafell**  
ISBN 978-9979-2-2159-3 Kilja




**Vetrarlokun**

Jørn Lier Horst  
Þýð.: Örn Þ. Þorvarðarson  
Haustpókan liggur þétt yfir ströndinni og sumarbústaðirnir eru með hlera fyrir gluggunum sem snúa að blýgráum sjónum. Ove Bakkerud ætlar að njóta síðustu helgarinnar í sumarástáttu sinni áður en hann lokar því fyrir veturinn. En hann kemur að sumarbústað þar sem allt er á rúi og stúi, innbrotspjófur hafa látið greipar sópa. Í næsta sumarbústað hefur maðni verið misþyrmt þannig að bani hlaust af.


Yfir lögregluþjóninn William Wisting hefur áður séð hrottafenginn morð. En sú örvænting sem hann verður vitni af á Stavern þetta haust er ný fyrir honum. Það er eins og einhver hafi allt að vinna og mjög litlu að tapa. Það er því gegn vilja hans að Line dóttir hans fer til dvalar í

sumarbústaðnum við sjávarsíðuna. Áhyggjurnar minnka ekki þegar fleiri illa útleikin lík finnast í yfirgefnum skerjagarðinum. Og af hinnum ofan falla dauðir fuglar. 333 bls.  
**Draumsýn ehf.**  
ISBN 978-9935-444-06-6 Kilja



**Það var ekki ég**

Kristof Magnusson  
Þýð.: Bjarni Jónsson  
Ungur bankamaður í Chicago á hraðri uppleið í verðbréfamíðluninni; bókmenntaþýðandi í örvæntingarfullri leit að metsöluhöfundi sem á að vera að skrifa bók en reynist haldinn afleitri ritstíflu. Forvitnilegt þrístirni sem lendir í æsilegum ævintýrum. Sagan sló eftirminnilega í gegn í Þýskalandi árið 2010. 289 bls.  
FORLAGIÐ  
**Mál og menning**  
ISBN 978-9979-3-3308-1



**Þú afhjúpar mig**

Sylvia Day  
Þýð.: Þórdís Elva  
Þorvaldsdóttir og Þóra Karitas Árnadóttir  
„Gideon Cross kom inn í líf mitt eins og elding, flottur, klár, beinskeyttur og eldheitur. Ég hef aldrei áður láðast jafn mikið að nokkrum manni.“

Þetta er fyrsta bókin í líf Crossfire-trílógunni en hún er rómantísk ástarsaga sem er ofarlega á metsöluhlutum um víða veröld.

Sylvia Day er einn vinsælasti rómantíski rithöfundurinn í heimalandi sínu Bandaríkjunum og það lítur út fyrir að þessi bók verði valin rómantískasta bók ársins hjá Amazon-vefversluninni.

Fæst einnig sem rafbók og hljóðbók. 335 bls.  
**Lesbók ehf.**  
ISBN 978-9935-22-006-6  
Leiðb.verð: 3.890 kr.



MEISTARINN EFTIR HJORTH OG ROSENFELDT

# FYRIR RANGRI SÖK



Hörkuspennandi saga, þar sem réttarsálfræðingurinn Sebastian Bergman – sem lesendur elska að hata – fær tækifæri til að koma lífi sínu á réttan kjöl. En greiðir það dýru verði.

Eftir höfunda bókarinnar **MAÐURINN SEM VAR EKKI MORÐINGI**

ÞÝÐANDI: HALLA KIARTANSDÓTTIR

„Hrikalega spennandi.“  
AFTONBLADET

„Höfundarnir leggja á djúpið í sálfræði sinni. Miskunnarlaus – en ég gat samt ekki lagt hana frá mér fyrr en á síðustu blaðiðunni. Og hún situr ennþá í mér.“


ALLAS

EFTIR HÖFUNDA MAÐURINN SEM VAR EKKI MORÐINGI

EFTIR HÖFUND  
SJÓNVARPSPÁTTANNA  
**BRÚIN**



BJARTUR



LESENDUR ELSKA AÐ HATA RÉTTARSÁLFRÆÐINGINN SEBASTIAN BERGMAN. HANN ER ÖGRANDI, HROKAFULLUR – OG ELDKILÁR.

# Skáldverk

## « HLJÓÐBÆKUR »



### Ár kattarins

Árni Þórarinnsson

Lífshættuleg árás fyrir utan skemmtistað í Reykjavík og óhugnanlegur hrekkur í brúðkaupi hrinda af stað atburðarás þar sem ekki er allt sem sýnist. Enn ein perlan í glæpasagnaflettu Árna Þórarinnssonar um blaðamanninn Einar.

Stefán Hallur Stefánsson



### Skynjun

Dreifing: Sena

ISBN 978-9935-18-045-2



### Bíðin eftir Robert Capa

Susana Fortes

Sannsöguleg frásögn um ást,

stríð og ljósmyndun, byggð á frásögnum af ástarsambandi stríðsljósmyndaranna Gerdu Taro og Roberts Capa. Þau voru ung og þau þöldu ekki fasisma. Þau lögðu allt undir í borgarastríðinu á Spáni, myndir þeirra gera þau fræg, allt ætlar að ganga vel þang að til allt breytist.

Þessi bók hefur fengið afbragðs dóma víða um heim, og lýsir heimi þeirra sem hættu lífinu svo við hin getum fylgst með atburðarásinni úr fjarlægð.



### Hljóðbók.is

ISBN 978-9935-22-011-0

Leiðb.verð: 3.890 kr.



### Dalalíf – Æskuleikir og ástir -(1.hluti)

Guðrún frá Lundi


Mikil örlagasaga, saga af ástum, sorgum og sviptingum í lífi fólksins í Hrutadal í rúm sextíu ár á einum mesta umbyltingartíma í sögu þjóðarinnar. Ekta sveitarómantík eftir Guðrúnu frá Lundi.

▶ 515 mín.

### Hljóðbók.is

ISBN 978-9935-417-87-9

Leiðb.verð: 3.490 kr.



### Dalalíf – Alvara og sorgir (2.hluti)

Guðrún frá Lundi


Mannleg og á köflum afar myndin lýsing á íslensku bændasamfélagi fyrri tíma.

▶ 1010 mín.

### Hljóðbók.is

ISBN 9789935417893

Leiðb.verð: 3.490 kr.



### Dalalíf – Tæpar leiðir (3.hluti)

Guðrún frá Lundi

Þetta er þriðja bókin í ritröðinni *Dalalíf* eftir Guðrúnu frá Lundi sem heitir *Tæpar leiðir*.

▶ 1030 mín.

### Hljóðbók.is

ISBN 9789935417916

Leiðb.verð: 3.490 kr.



### Dóttir húshjálparinnar

Barbara Mutch

Árið 1919 flytur Cathleen Harrington til S-Afriku og giftist unnusta sínum til fimm ára. Í nýja landinu er fátt um vini og hún tengist Öðu, þeldökkri dóttur húshjálpar sinnar, vináttuböndum. Ada lærir á píanó af húsmóður sinni og lesandinn, gegnum dagbók sem Cathleen skrifar, kynnist atburðum sem grafin höfðu verið í gleymskunnar djúp.

Bókin hefur fengið frábæra dóma.



### Hljóðbók.is

ISBN 978-9935-22-001-1

Leiðb.verð: 3.890 kr.





### Englismiðurinn

Camilla Läckberg

Á Hvaley hverfur fjölskylda sporlaust um páskana 1974. Í matsal skólahússins, þar sem fjölskyldan býr, koma menn að dúkuðu veisluborði. Þar er líka yngsta dóttirin, af hinum finnst hvorki tangur né tetur, þrátt fyrir mikla leit.

Kristján Franklín leikari les.  
 934 mín.

**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-417-78-7

Leiðb.verð: 2.690 kr.



### Ég fremur en þú

Jojo Moyes

Lou Clark, ung og klár kona tekur ófús að sér að annast ungan og reiðan mann, Will, sem er í hjólastól. Brátt snúa óvæntir atburðir sögunni, sem er vel skrifuð og ómótstæðilega myndin. María Pálsdóttir leikkona les.

780 mín.

**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-417-95-4

Leiðb.verð: 3.490 kr.



### Fimmtú gráir skuggar

E L James


Rómantísk, áleitin og ómótstæðileg skáldsaga sem þú leggur ekki frá þér fyrr en að lestri loknum. Og upp frá því situr hún í þér um ókomna tíð. Fimmtú gráir skuggar er fyrsta bók E L James en Fifty shades-þríleikur hennar hefur notið slíkrar hylli lesenda um allan heim að fá dæmi eru um annað eins.

Sólveig Guðmundsdóttir les.

Skynjun

Dreifing: Sena

ISBN 978-9935-18-043-8



### Fjársjóðskistan: Sígild ævintýri

Uppl.: Huginn Þór Grétarsson

Hljóðbókin inniheldur átta sígild ævintýri. Í safninu er að finna sögur eftir höfunda á borð við Hans Christian Andersen og Grimmsbræður. 96 bls.

Öðinsauga Útgáfa

ISBN 978-9935-451-01-9

Leiðb.verð: 2.670 kr.



### Fyrir Lísu

Steinunn Sigurðardóttir

Martin Montag kynntist Lísu þegar hann var læknanemi á geðdeild og hefur aldrei getað gleymt henni. Dag einn ákveður hann að hafa uppi á henni en það hrindir af stað atburðarás sem hann missir alla stjórn á. Sjálfstætt framhald skáldsögunnar *Jójó*, sem fór sigurför á síðasta ári.

Arnar Jónsson les.

Skynjun

Dreifing: Sena

ISBN 978-9935-18-048-3



### Góðir grannar

Ryan David Jahn

Klukkan fjögur aðfaranótt 13. mars árið 1964 er ráðist á Katrínu Marion fyrir utan fjölbýlishúsið þar sem hún býr. Fjölmargir nágrannar verða vitni að miskunnarlausri árásinni, en enginn kemur til hjálpar.


Kristján Franklín leikari les.  
 447 mín.

**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-417-75-6


Leiðb.verð: 2.890 kr.






**Hér vex enginn sítrónuviður**

Gyrðir Elíasson  
Í þessari nýju ljóðabók sinni fetar Gyrðir áhugaverðar slóðir í skáldskap sínum með afgerandi hætti. Hjalti Rögnvaldsson leikari les.  
▶▶ 63 mín.  
**Hljóðbók.is**  
ISBN 978-9935-417-81-7  
Leiðb.verð: 3.690 kr.




**Húsið**  
Stefán Máni  
Lögreglumaðurinn Hörður Grímsson rannsakar dauðsfall sem flestir telja slys en Hörður er á öðru máli. Um sama leyti flytur fjölskylda í afskekkt hús innst í Kollafirði og draugar fortíðar vakna á ný. Æsispennandi og ískeyggleg saga – Stefán Máni eins og hann gerist bestur.

Baldur Trausti Hreinsson les.  
▶▶  
**Skynjun**  
Dreifing: Sena  
ISBN 978-9935-18-046-9



**Ísprinsessan**  
Camilla Läckberg  
Hann rétti fram handlegginn og snerti hana. Blóðið á úlnið hennar var löngu storknað. Hann hafði aldrei elskað hana jafn heitt.  
Kristján Franklín leikari les.  
▶▶ 860 mín.  
**Hljóðbók.is**  
ISBN 978-9935-417-86-2  
Leiðb.verð: 2.890 kr.



**Konurnar á ströndinni**  
Tove Alsterdal  
Ung kona finnur lík af manni á ferðamannaströnd á Spáni. Skammt frá tekst ólöglegum innflytjanda sem hrakist


hefur yfir hafið, að komast í land. Í New York reynir Ally Cornwall án árangurs að ná sambandi við eiginmann sinn sem er þekktur rannsóknarblaðamaður. Leiðir kvennanna þriggja liggja síðan saman með afdrifaríkum hætti.  
Sólveig Guðmundsdóttir les.  
▶▶  
**Skynjun**  
Dreifing: Sena  
ISBN 978-9935-18-033-9



**Krossgötur**  
Liza Marklund  
Lík ungrar móður finnst við leikskóla í úthverfi borgarinnar og reynist vera fjórða unga konan sem myrt er með svipuðum hætti á skömmum tíma í Stokkhólmi. Annika rannsakar málið.  
Þórunn Hjartardóttir les.  
▶▶ 785 mín.  
**Hljóðbók.is**  
ISBN 978-9935-417-85-5  
Leiðb.verð: 2.890 kr.



**Kuldi**  
Yrsa Sigurðardóttir  
Þegar ungur maður fer að rannsaka upptökuheimili frá áttunda áratugnum taka undarlegir atburðir að skekja tilveru hans og dóttur hans. En hvort eiga þeir rætur að rekja til hörmunga sem dundu yfir unglingaheimilið eða til sviplegs fráfalls barnsmóður hans hálfu ári fyrr?  
▶▶  
**Skynjun**  
Dreifing: Sena  
ISBN 978-9935-18-047-6



**Morðið á Bessastöðum**  
Stella Blómkvist  
Stella Blómkvist ratar vel um undirheima samfélagsins jafnt sem krókaleiðir valdakerfis og fjármála heims og tekst óhrædd á við andstæðinga með spakmæli mömmu gömlu á vörnum.


Katla Margrét Þorgeirsdóttir les.



### Skynjun

Dreifing: Sena

ISBN 978-9935-18-032-2



### Næstum eins og ástin

Ellen Feldman

Hér segir frá lífi þriggja æskuvinkvenna og fjölskyldna

þeirra. Seinni heimsstyrjöldin geislar í Evrópu, en í heimabæ þeirra í USA ríkir óvissa um framvindu stríðsins og hugsanlega hernaðaríhlutun. Við fylgjumst með lífi þeirra sem urðu eftir heima; kvenna sem gengu í störf karla, barna sem komu undir í skynnihjónaböndum. Höfundurinn hefur fengið tilnefningu til Orange-verðlaunanna.



### Hljóðbók.is

ISBN 978-9935-417-99-2

Leiðb.verð: 3.890 kr.



### Reykjavíkurnætur

Arnaldur Indriðason

Erlendur er nýlega genginn til liðs við lögregluna og starfið á strætum Reykjavíkur er erilsamt. Óútskýrt mannslát lætur hann ekki í friði. Útigangsmáður finnst drukknður og öllum virðist standa á sama. Örlög hans ásækja Erlend og leiða hann æ dýpra inn í

framandi heima borgarinnar. Mögnuð saga um fyrsta mál Erlendar eftir sagnameistarann Arnald Indriðason.

Ingvar E. Sigurðsson les.



### Skynjun

Dreifing: Sena

ISBN 978-9935-18-044-5



## Hljóðbækur

eBækur bjóða mesta úrval hljóðbóka á landinu. Hallaðu þér aftur í hægindastólnum meðan fremstu leikarar og lesarar landsins flytja þér nýjustu spennusögurnar eða sígild bókmenntaverk.

Smelltu þér á eBækur og byrjaðu að njóta.

Njóttu þess að hlusta á ...

eBækur

www.ebækur.is



**Mensalder**  
5690,-

„Sogleg og fýndu“ (SJS)  
Heimildaskildsaga um  
lítekan bónda,  
ástr hans og ævintýri



3490,-  
10%  
af sólu-  
verði fyrir til  
Mattholts

★★★★ (Fréttablaðið)  
Bók fyrir börn  
og dýravini á öllum aldri.  
Styrkjum Katthólt!



5990,-

Aut og reidi við Ólfiu!  
Gullfálleg ljóða- og lista-  
verkabók Soffiu og Þorláks  
Fæst einnig árituð og  
tólnsett í myndskríni Soffiu,  
grafíkverk fylgir

2490,-


**ENGLAJÓL**



Hugljúf jólasaga Guðrúnar  
Helgadóttur klædd í tónlist  
Elinar Gunnlaugsdóttur



Bókaiútgáfan  
Sæmundur  
bokaiudga@sunnienska.is



**Rof**

Ragnar Jónasson

Árið 1955 flytja tvenn ung  
hjón í afskekktan eyðifjörð.  
Dvölin fær snöggan endi  
þegar önnur kvennanna  
deyr með dularfullum hætti.  
Hálfri öld síðar finnst gömul  
ljósmynd sem bendir til þess  
að hjónin hafi ekki verið ein í  
firðinum.

Ári Þór lögreglumaður á  
Siglufirði reynir að fá botn í  
þetta dularfulla mál með lið-  
sinni fréttakonunnar Ísrúnar.

Rof er fjórða spennusaga  
Ragnars Jónassonar. Bækur  
hans hafa hlotið mikið lof  
gagnrýnenda heima og er-  
lendis.

Þorvaldur Davíð Kristjánsson les.



**Skynjun**

Dreifing: Sena

ISBN 978-9935-18-042-1



**Skáld**

Einar Kárason

Sumarið 1276 situr Sturla  
Þórðarson í friði heima á  
Staðarhóli þegar Magnús  
konungur lagabætur kallar  
hann á sinn fund. Óvænt  
vetrardvöl í Færeyjum gefur  
honum næði til að rifja upp  
válega atburði undangeng-  
inna fjörutíu ára og sjá þá í  
nýju samhengi. Með *Skáldi*  
lýkur Einar Kárason Sturl-  
ungasögu sinni sem hlotið  
hefur miklar vinsældir og lof  
gagnrýnenda.


Einar Kárason les.



**Skynjun**

Dreifing: Sena

ISBN 978-9935-18-050-6



**Snjókarlinn**

Jo Nesbø

Harry Hole hefur borist dular-  
fullt bréf í pósti, undirritað

„Snjókarlinn“. Hann setur  
saman lítin rannsóknarhóp.  
Í ljós kemur að furðumargar  
ungar mæður hafa horfið á  
undaförnum árum. Hjálmar  
Hjálmarsson leikari les.

1047 mín.

**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-417-77-0

Leiðb.verð: 2.690 kr.



**Undantekningin**

de arte poetica

Auður Ava Ólafsdóttir

Sagan hefst á gamlárskvöld,  
þegar Flóki, eiginmaður  
söguhetjunnar kemur út úr  
skápnunum og flytur til nafna  
síns og samstarfsmanns. Í  
kjallaranum býr dvergurinn  
Perla sem leggur stund á  
hjónabandsráðgjöf og ritstörf.

Fjórða skáldsaga Auðar  
Övu Ólafsdóttur, sem er  
stjórstjarna í evrópskum  
bókmenntaheimi.

Katla Margrét Þorgeirsdóttir  
les.



**Skynjun**

Dreifing: Sena

ISBN 978-9935-18-049-0







### Útkall – Sonur þinn er á lífi

Óttar Sveinsson

„Hjálp, hjálp,“ hrópar 19 ára piltur hástri röddu, kaldur og slasaður – innilokaður. –

Martröðin er rétt að byrja. Við erum á vettvangi tveggja stórra snjóflóða sem féllu í Neskaupstað fyrir jólin 1974.

Hverjir eru enn á lífi? Söguhetjurnar segja nú, margar í fyrsta skipti, frá því sem raunverulega gerðist.

Höfundur les.

▶ 330 mín.

**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-22-014-1



### Veiðimennirnir

Jussi Adler Olsen

Árið 1987 fundust tvö systkini myrt á hrottangefinn hátt í sumarbústað á Sjálandi. Árið 2007 liggja gömlu málskjölin á borði Carls Mørck,

forstöðumanns Deildar Q hjá dönsku lögreglunni. Hann áttar sig fljótlega á að þar er ekki allt með felldu og hefur rannsókn ásamt Assadi aðstoðarmanni sínum.


Hilmar Guðjónsson les.

▶

**Skynjun**

Dreifing: Sena

ISBN 978-9935-18-035-3



Vesturfararnir 1

### Vesturfararnir

Vilhelm Moberg

Þetta er fyrsti hluti *Vesturfaranna* eftir Vilhelm Moberg.

Karl Óskar flyst búferlum frá Svíþjóð til fyrirheitna landsins, Bandaríkjanna, eins og margir aðrir um miðja 19. öld.

Þetta er Mp3 bók, en fæst líka á CD-diskum. Einstakur bókaflökkur í frábærum upplestri Hjalta Rögnvaldssonar, leikara.

▶ 1204 mín.

**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-417-67-1

Leiðb.verð: 4.690 kr.

Vesturfararnir 2

### Landnemarnir

Vilhelm Moberg

*Landnemarnir* eru framhald *Vesturfaranna*, annar hluti hins fræga verks Vilhelms Mobergs sem gert var ódauðlegt í eftirminnilegum sjónvarpsþáttum.

Hjalta Rögnvaldsson leikari les

▶ 933 mín.

**Hljóðbók.is**

ISBN 9789935417732

Leiðb.verð: 3.690 kr.

Vesturfararnir 3

### Nýtt land

Vilhelm Moberg

Þetta er þriðji og næst síðasti hluti hins heimsfræga verks Vilhelms Moberg.


Hjalta Rögnvaldsson leikari les.

▶ 1080 mín.

**Hljóðbók.is**

ISBN 9789935417886

Leiðb.verð: 3.690 kr.



### Dú afhjúpar mig

Sylvia Day

„Gideon Cross kom inn í líf mitt eins og elding, flottur, klár, beinskeyttur og eldheitur. Ég hef aldrei áður laðast jafn mikið að nokkrum manni.“


Þetta er fyrsta bókin í *Crossfire*-trílógunni en hún er rómantísk ástarsaga sem er ofarlega á metsölulistum um víða veröld. Sylvia Day er einn vinsælasti rómantíski rithöfundur Bandaríkjanna. Bókin heitir á ensku *BARED TO YOU*.

▶


**Hljóðbók.is**

ISBN 978-9935-22-007-3

Leiðb.verð: 3.890 kr.



### SPENNA




### KIDDI FER I FRÍ



### SPENNA

Tindur

# Ljóð og leikrit



## Á milli okkar allt

Heiðrún Ólafsdóttir

Heiðrún fjallar hér um það sem fer á milli fólks. Ljóðin sem ýmist eru glettin eða alvörubrungin, fjalla um ástina og grámyglu hversdagsins. 54 bls.

**Ungmennafélagið Heiðrún**  
ISBN 9789979721871 Kilja



## Birtan er brothætt


Braghendur og hækur

Njórður P. Njarðvík

Í fyrri hluta þessarar bókar glímur höfundur við þennan rammíslenska bragarhátt og sýnir okkur svo ekki verður um villst að braghendan er til margra hluta nýtsamleg og á fullt erindi við samtímann.

Í síðari hlut bókarinnar eru hækur, þetta forna og rígneglda japanska form smáljóða. Hækur Njarðar túlka náttúrustemningar og þær sækir hann á æskuslóðir sínar á Vestfjörðum. Diskur með lestri höfundar fylgir. 120 bls.

**Uppheimar**  
ISBN 978-9935-432-35-3



## Bíldshöfði

Bjarni Gunnarsson

Líkt og í fyrri bókum glæðir Bjarni hversdagsleikann töfrum, um leið og vaxandi óþols gætir gagnvart nútímanum. Með hvössum og hlýjum ljóðmyndum á víxl undirstrikar Bjarni þá ábyrgð og átök sem í lífi hvers manns eru fólgin, í hinum ýmsu samfélagslegu hlutverkum. 82 bls.

**Uppheimar**  
ISBN 978-9935-432-61-2 Kilja




## Brot af staðreynd

Jónas Þorbjarnarson

*Brot af staðreynd* er níunda ljóðabók Jónasar Þorbjarnarsonar. Hann gekk frá henni til útgáfu skömmu áður en hann lést síðastlíðið sumar. Ástráður Eysteinnsson, prófessor við Háskóla Íslands, ritar eftirmála. 70 bls.

**FORLAGIÐ**  
**JPV útgáfa**  
ISBN 978-9935-11-272-9  
Óbundin




## Davíð Stefánsson frá Fagraskógi

Ljóðauval

**Umsj.: Silja Aðalsteinsdóttir**  
Nýtt úrval úr öllum ljóðabókum skáldsins sem alla ævi var ímynd þjóðskáldsins í augum lands sinna, dáður af ljóðelskum almenningi á öllum aldri. Silja Aðalsteinsdóttir sá um úrvalið og ritaði formála. 300 bls.

**FORLAGIÐ**  
**Mál og menning**  
ISBN 978-9979-3-3283-1



## Eldhús ömmu Rún

Sigmundur Ernir Rúnarsson

*Eldhús ömmu Rún* er níunda ljóðabók Sigmundar Ernir Rúnarsonar, sem er löngu landskunnur af bókum sínum, störfum við fjölmiðla og á Alþingi. Hér ferðast Sigmundur á tímavél minninganna til æskuslóða sinna á Akureyri. 84 bls.

**Uppheimar**  
ISBN 978-9935-432-60-5 Kilja



### Eystrasölt

Tomas Tranströmer  
Þýð.: Hjörtur Pálsson  
Einstök viðhafnarútgáfa í til-  
efni bókmenntaverðlauna  
Nóbels 2011. Takmarkað  
upplag: 175 tölusett eintök,  
árituð af þýðandanum, ásamt  
geisladiski með lestri hans á  
ljóðabálknum. Vandaður  
prentgripur fyrir ljóðaunn-  
endur og bókasafnara.  
36 bls.

#### Dimma ehf.

ISBN 978-9935-401-18-2  
Leiðb.verð: 6.999 kr.




**Ég get ekki gefið þér  
næturhimin fullan af  
stjörnum ... en hafðu  
þetta skömmin þín**

### Árni Larsson

Bókin skiptist í 4 hluta. Hún  
hefur að geyma 85 ljóð og  
31 orðmyndunarverk. Ljóðin  
fjalla um ást, dauða, ein-  
mannaleika, reiði og gos-  
kennd augnablik á tímum  
landráðamennsku og þjóð-  
niðingshátta. Hér má finna  
nokkur augnablik um hrúnið  
í glærum plastpokum skáld-  
skapar. Orðmyndunarverkin  
eru texti og teikningar. Þau  
eru hugsuð sem tillögur að  
veggspjöldum og bolaprenti  
til fjárfölnar fyrir aðþengda  
fjármálasníllinga á Íslandi  
sem þjáðst hafa af velleklu  
og dauðu fjármagnsrennslis  
nánast drippi eins og sagt er  
á sjúkrahúsum.  
150 bls.

#### Ljóðasmiðjan sf.

ISBN 978-9979-9424-5-0  
Leiðb.verð: 2.450 kr. Kilja




### Fjórða Davíðsbók – 150 limur

Davíð Hjálmar Haraldsson  
Þessi ljóðabók fær fólk til að  
veltast um af hlátri. Orða-

leikir, erfitt rím og groddalegt  
spaug eins og við á í limrum.  
88 bls.

#### Óðinsauga Útgáfa

ISBN 978-9935-451-11-8  
Leiðb.verð: 1.990 kr.




### Handan við ljóshraðann

#### Sigrún Björgvins

Áður hefur Sigrún sent frá sér  
þrjár bækur en þetta er fyrsta  
ljóðabók hennar. Ljóðin eru  
fjölbreytt að efni og formi,  
hún yrkir um tilgang lífsins  
og náttúran er henni hjart-  
fólgin. Hún teflir fram birtu  
sumarsins gegn myrkri vetr-  
arins og dregur iðulega fram  
andstæður í náttúrunni og líf-  
inu sjálfu. Bókin er sú tölfta í  
flokknum Austfirsk ljóðskáld.  
128 bls.

#### Félag ljóðaunnenda á Austurlandi

ISBN 978-9935-410-07-8  
Leiðb.verð: 4.499 kr.



### Hálfgerðir englar & allur fjadinn

#### Anton Helgi Jónsson

Eitt hundrað og tólf skondnar  
limrur á skrautlegum síðum.  
Þarna er kallast á við dauða-  
syndirnar: hroka, ágrind, öf-  
und, reiði, dugleysi, munúð  
og óhóf. Tilvalið innlegg í  
samkvæmi eða handa ein-  
mana sál á klóinu.  
136 bls.

#### FORLAGIÐ

**Mál og menning**  
ISBN 978-9979-3-3287-9  
Óbundin



# bóksala stúdenta

Háskóli Íslands Háskólatorgi S. 570 0777 - Háskólinn í Reykjavík Sólinni Nauthólsvík S. 599 6469 boksala@boksala.is

www.boksala.is



### Hér vex enginn sítrónuviður

Gyrðir Elíasson

Ný bók frá Gyrði Elíassyni sætir ávallt tíðindum í íslenskum bókmenntaheimi. Nú eru liðin rúm tvö ár síðan Gyrðir sendi síðast frá sér frumsamið verk, en árið 2009 komu ljóðasafnið *Nokkur almennt orð um kulnun sólar* og smásagnasafnið *Milli trjáanna* út samtímis. Höfundurinn hlaut Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir þá síðarnefndu.

100 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-50-6



### Hjaltlandsljóð

Þýð.: Aðalsteinn Ásberg

Sigurðsson

Veglegt tvímála safn ljóða eftir samtímaskáld frá Hjalt-

landseyjum. Mállyskan þar á rætur að rekja til norræns tungumáls sem nú er glatað, en lifir þó í örnefnum og stöku orðasamböndum á eyjunum fyrir norðan Skotland. Í eftirmála skrifar þýðandinn um bókmenntir Hjaltlend-inga.

205 bls.

**Dimma ehf.**

ISBN 978-9935-401-19-9

Leiðb.verð: 4.999 kr.



### Hugsjór

Jóhann Hjálmarsson

Jóhann Hjálmarsson hefur í áranna rás ort ljóð og þýtt. Bækur hans skipta orðið tugum og hafa ljóð hans og þýðingar auðgað huga margra lesenda. „Ljóðin eru unnin af natni og aðdánarverðri fagmennsku ... Vel heppnuð og fagmannlega unnin ljóðabók.“ – PHS/*Fréttablaðið*


77 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-276-7

Óbundin



### Kuðungasafnið

Óskar Árni Óskarsson

Kuðungarnir í safni Óskars Árna hljóma eins og klíður þorpsbúa sem hafa komið saman á torginu til að ræða það sem gleymdist að ræða síðast. Óskar Árni hefur sent frá sér fjölda ljóðabóka og þýðinga, og er sannur meistari smáprósans.

60 bls.

**Bjartur**

ISBN 9789935 423764 Kilja



### Laufin, trén og vindarnir

*Ljóðaúrval*

Jón Óskar

Myndir: Kristján Davíðsson

Formáli: Sigurður Ingólfsson

Gullfalleg útgáfa á úrvali ljóða eins af formbyltingarmönnum ljóðsins á Íslandi með blekmyndum eftir Kristján Davíðsson og formála eftir Sigurð Ingólfsson.


95 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3282-4

Óbundin



### Lán í óláni

Hjálmar Freysteinsson

Hér slær Hjálmar læknir á léttu nóturnar og útkoman er vægast sagt bráðfyndin. Vísurnar eru gjarnan tengdar atburðum og umræðuefnum í samfélaginu og þá bent á spaugilegan flöt málanna til að gera tilverna agnarlítið skemmtilegri.

78 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9935-435-19-4

Leiðb.verð: 2.480 kr.



### Leitin að upptökum Orinoco

Ari Trausti Guðmundsson

Í þessari óvenjulegu ljóðabók býður skáldið lesandanum í langferð með manni sem tíminn hefur smám saman molað undan það sem hann þekkir best og er honum kærast. Haldið er í siglingu yfir hálfan heiminn til að láta gamlan draum rætast: að leita upptaka fljótsins mikla – Orinoco.

78 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-48-3 Kilja




sagnasafn, auk nokkurra rita handan skáldskapar.

167 bls.

**Skrudda**

ISBN 978-9979-655-89-3

Leiðb.verð: 2.990 kr. Kilja



### Litlir sopar

Huldar Breiðfjörð

Hér er kíkt á glugga í Reykjavík og mannlífið skoðað frá óvæntu sjónarhorni. Opnaðar eru flöskur, óteljandi flöskur, og flotíð á korktappa í átt að landi brossins. Bókin geymir 27 athugasemdir, nokkur ljóð og litla sopa.

78 bls.

**Bjartur**

ISBN 9789935 423849 Kilja



### Ljóðorkulind

Sigurður Pálsson

*Ljóðorkulind* er þriðja ljóðorkubókin, hinar fyrri eru *Ljóðorkusvið* (2006) og *Ljóðorkuþörf* (2009). Þessar þrjár ljóðabækur mynda einstaka hljómkviðu. Þótt form ljóðanna sé margbreytilegt er kjarninn ætíð sá sami, þar fer saman galsafengin sýn á umhverfi og mann og undursamleg fagurfræði.

76 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-303-0



### Macbeth

William Shakespeare

Þýð.: Þórarinn Eldjárn


Eitt magnaðasta leikrit heimsbókmenntanna, harmleikur sem jafnan er talinn meðal blóðugustu og áhrifaríkustu verka Shakespeares. Gamalt og þó síungt meistaraverk um mannlegan breyskleika, metorðagirnd, ótta, grimmd og hatur, nú í nýrri þýðingu Þórarins Eldjárns.

130 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2204-0 Kilja



### Megasar

Textar 1966-2011

Magnús Þór Jónsson

Hér er kominn obbinn af söngtextum Megasar sem

ortir voru á árabílinu 1966–2011. Margir textanna hafa aldrei birst áður en aðrir hafa aflað honum skáldfrægðar. Í bókinni er fjöldi ljósmynda af meistararum og veröld hans og síðast en ekki síst þrýða bókina myndskreytingar sem hann gerði sérstaklega fyrir útgáfuna. Bókin fæst með fjórum mismunandi kápum.

736 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-269-9



### Nýr dagur

Þórarinn Hannesson

Hugþekkt ljóð um lífið og tilveruna – ástina, börnin og náttúruna eftir forstöðumann Ljóðasafns Íslands á Siglufirði.

80 bls.

**Ugla**


ISBN 978-9935-21-012-8 Kilja

### Ljóðasafn og sagna

1972–2012

Pjetur Hafstein Lárússon

Úrval ljóða og smásagna Pjeturs Hafsteins Lárússonar frá 40 ára höfundarferli. Fyrsta bók hans, ljóðabókin *Leit að línunum*, kom út árið 1972. Síðan hefur hann sent frá sér allmargar bækur með frumortum ljóðum, fáein þýðingarsöfn og eitt smá-





### Ópera sálarinnar

Sigfríð Þórisdóttir

Ævisaga í ljóðum. Einnig er bókin til á ensku, *Opera of the soul*, sem væri tilvalin sem gjöf til erlendra vina. Bókin hefur fengið frábæra dóma í Edinborg.

72 bls.

**Sigfríð Þórisdóttir**

ISBN 978997972184-0

Leiðb.verð: 1.999 kr. Kilja



### Rómantískt andrúmsloft

Bragi Ólafsson

Heillandi ljóðabók, myndir og ögrandi. „Enn og aftur er Bragi ... kominn fram á sjónarsviðið með frábært verk. Djúphugulan texta og hressilega vakningu fyrir lífinu í öllum sínum stórkostlega en líka fánýta margbreytileika.“ – FBI/Viðsjá


75 bls.

FORLAGIÐ

### Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3270-1

Óbundin



### Sjálfsmyndir

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson

Undirstöðurit um einn af helstu sögustöðum þjóðarinnar. Bók sem ætti að vera





**Ritverkið Reykjavíkingar  
fjallar um húsin og fólkið  
í Reykjavík árið 1910**

Á annað þúsund ljósmyndir prýða  
hvert bindi verksins.

Efni hvers bindis:

3. bindi: Brekkustígur - Frakkastígur
4. bindi: Framnesvegur - Grettisgata

Áður útgefin bindi:

1. bindi: Aðalstræti - Bergstaðastræti 8
2. bindi: Bergstaðastr. 9 - Bráðræðisholt



SÖGUSTEINN

ofarlega á lista hjá öllu áhugafólki um sögu Íslands. 456 bls.

**Vestfirska forlagið**

ISBN 978-9935-430-24-3

Leiðb.verð: 6.900 kr.



**Vestfirskar konur í blíðu og stríðu**

3. bók

**Finnogi Hermannsson**

Hér er fjallað um vestfirskar kjarnakonur á ýmsum tímum. Spyrja má hvort ekki sé tímaþætt að halda nafni þeirra betur á lofti en tíðkast hefur. Þekktur maður sagði: Konur eru vitrari en karlmenn vegna þess að þær vita minna en skilja fleira. Einnig í rafbók. 112 bls.

**Vestfirska forlagið**

ISBN 978-9935-430-36-6

Leiðb.verð: 2.900 kr.



**Par minnst fjöll og firðir**

*Ýmislegt um Gufudalshrepp hinn forna í máli og myndum.*

**Ástvaldur Guðmundsson og Lýður Björnsson**


Trúlega er hvergi hægt að nálgast jafn ítarlegar heimildir í myndum og máli um Gufudalshrepp í Barðastrandarsýslu, íbúa hans, jarðir og landshætti.

229 bls.

**Vestfirska forlagið**

ISBN 978-9935-430-33-5

Leiðb.verð: 4.900 kr.



**Þekktu bæinn þinn**

*Akureyrarkaupstaður 150 ára*  
**Ritstj.: Jón Hjaltason**

Bókin er óður til Akureyrar. Í máli og myndum er dregin upp athyglisverð mynd af afmælisbarninu sem ort var um: „Þú ert fögur Akureyri“. Sérstæðar loftmyndir setja einstakan blæ á þetta vandaða rit sem prýtt er miklum fjölda ljósmynda.

**Völuspá, útgáfa ehf.**

ISBN 978-9979-9796-9-2

Leiðb.verð: 14.900 kr.



**Þórsmörk**

*Vinin í skjóli jökla*

**Þórunn Tómasson**

**Ritstj.: Ívar Gissurarson og Hálfdan Ómar Hálfdanarson**

Í huga margra er Þórsmörk fegursti staður á Íslandi. Í þessari fjölbreyttu ferðahandbók er Þórsmörk lýst á einstaklega greinargóðan hátt með hjálp fjölda glæsilegra ljósmynda og vandaðra korta. Sígildur texti Þórðar Tómassonar opnar ómetanlega sýn á land, náttúru og sögu. Ómissandi verk fyrir náttúruunnendur.

305 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-448-11-8 Kilja






*Umhverfis Ísland eru fjölmargar eyjar,  
hver með sína fegurð og náttúrulegu einkenni.  
Í bókinni Eyjar sýnir Lárus Karl Ingason ljósmyndari  
okkur helstu eyjar og eyjaklasa landsins í  
nýju ljósi með glæsilegum loftmyndum.  
Bókin er bæði á íslensku og ensku.*

**LJÓSMYND**  
ÚTGAFA

uppl í síma 8935664

# Ævisögur og endurminningar



## Abraham Lincoln

Thorolf Smith

Í þessari sígildu ævisögu rekur blaðamaðurinn Thorolf Smith með ljóslifandi hætti viðburðaríka ævi Abrahams Lincoln, eins merkasta forseta Bandaríkjanna. Aðáunarverð framganga þessa drenglynda og heiðvirða stjórnmaláskorungs í blíðu og stríðu — svo og váleg örlög hans — láta engan ósnortinn. Ólafur Þ. Harðarson ritar inngang.

350 bls.

Ugla

ISBN 978-9935-21-019-7 Kilja



## Andvaka

Lifshlaup og ljöd Tómasar skálds Guðmundssonar Geirdælings hins víðförla Fyrra bindi

Lárus Jóhannsson


Tómas Geirdælingur ólst upp í örbergð og fátækt. Hann var förumaður á Vestfjörðum á seinni hluta 19. aldar og var líklega eitt af bestu alþýðuskáldum síns tíma, þó fáir hafi heyrnt hans getið.

Baráttan við allsleysið setti mark á allt hans líf. 222 bls.

Vestfirski forlagið

ISBN 978-9935-430-32-8

Leiðb.verð: 3.900 kr.



## Appelsínur frá Abkasíu

Vera Hertzsch, Halldór Laxness og Hreinsanirnar miklu Jón Ólafsson

Nafn Veru Hertzsch er órjúfanlega tengt uppgjöri Halldórs Laxness við kommúnismann en árið 1938 voru Vera og dóttir hennar teknar höndum fyrir augunum á Halldóri í Moskvu. Áratugir liðu án þess að nokkur vissi hvað af þeim varð. Sú hörmulega saga er hér loksins sögð til enda. Jón Ólafsson hefur rannsakað ævi Veru gegnum torsóttar heimildir og varpar jafnframt ljósi á kynni Íslandinga af Sovétríkjum Stalíns og ástæður þess að Vera varð þjóðþekkt hérlendis löngu 430 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-302-3



## Á vit hins ókunna

Endurminningar Erlends Haraldssonar fyrrum sálfræðiþrúfessors Erlendur Haraldsson og


Hafliði Helgason

Erlendur fer hér yfir viðburðaríkt lifshlaup sitt og segir frá samferðamönnum, störfum og rannsóknum, þar á meðal á sýnum fólks á dánarbeiði og minningum barna um fyrra líf. Erlendur kannaði reynslu landsmanna af dulrænum fyrirbærum. Sú könnun vakti þjóðarathygli. Hér fjallar hann einnig um rannsóknir sínar á miðlum Hafsteini Björnsyni og Indriða Indriðasyni og kynni sín af hinum stórmerka Sai Baba. Hann veltir fyrir sér spurningunni um líf eftir dauðann og lýsir rannsóknum sem reyna að varpa ljósi á þann leyndardóm. 256 bls.

Almenna bókafélagið.

(BF-útgáfa)

ISBN 978-9935-426-40-6



## Dagbók í óskilum

Hvað gerir þjóðkunn leikona þegar hún týnir dagbókinni, óprúttinn fyrrum fjölskyldumeðlimur finnur hana (dagbókina), fær hana í hendur á ófyrirleitnum útgefanda sem lætur prenta hana (bókina)

í stóru upplagi?

Tindur





### Árni Sam


**Sigurgeir Orri Sigurgeirsson**  
Hér segir frá lífi og starfi Árna Samúelssonar og fjölskyldu hans í Sambíóunum. Fyrir daga Árna var kvikmyndamenningin á Íslandi mjög bágborin og urðu Íslendingar að bíða í allt að fjögur ár áður en vinsælar kvikmyndir voru sýndar. Þetta breyttist allt með tilkomu Bíóhallarinnar í Mjóddinni, en með byggingu hennar lagði fjölskyldan allt undir. Framhaldið þekkja allir. Stórskemmtileg bók um framkvæmdaglaðan athafnamann.

240 bls.

**Almenna bókafélagið.**

**(BF-útgáfa)**

ISBN 978-9935-426-40-6



### Bara börn

Patti Smith

Þýð.: Gísli Magnússon

Hér segir frá sambandi Patti Smith og listamannsins Robert Mapplethorpe á sjöunda og áttunda áratugnum í New York. Sönn og einlæg frásögn sem snertir lesandann á sama ljóðræna hátt og textar og tónsmíðar höfundar.

220 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-068-2



### ð ævisaga

**Stefán Pálsson, Anton Kaldal Ágústsson, Gunnar Vilhjálmsson og Steinar Ingi Farestveit**

Sagan af því hvernig út-dauður bókstafur varð óað-skiljanlegur hluti nútíma-íslensku er ævintýraleg og fáum kunn. ð-ið var tekið upp af íslenskum skrifurum á miðöldum en datt svo úr tísku og sást ekki í málinu í margar aldir. Það birtist

fyrst á prenti í Lundúnum á tímum Elísabetar fyrstu en rataði ekki á íslenskar bækur fyrr en í Kaupmannahöfn á tímum Fjölnismanna. ð-ið er hæverskt og tranar sér aldrei fremst, en fáir bókstafir hafa átt jafn viðburðaríka ævi.

200 bls.

**Crymogeia**

ISBN 978-9935-420-26-8



### Elly

**Ævisaga Ellyjar Vilhjálms Margrét Blöndal**

Elly Vilhjálms var um sína daga dádasta söngkona þjóðarinnar og list hennar tengist því besta sem til er í íslenski dægurtónlist. Söngurinn var fágaður, túlkunin hógvær og ígrunduð, röddin mjúk og hlý. Svo vel vandaði hún til verka að allt hljómaði

þetta eins og hún þyrfti ekkert fyrir því að hafa.

Tilviljun réð því að Elly byrjaði að syngja á dansleikjum. Sjálf ætlaði hún sér að verða rithöfundur og leikkona, en sautján ára tók hún þátt í söngprufu sem KK-sextettinn efndi til og þá voru örlög hennar ráðin. Reynslan var hennar skóli og vinsældir hennar miklar þrátt fyrir andstreymið sem fylgdi því að fást við dægurtónlist á árum áður, þá list sem margir litu hornauga.

Elly var dul að eðlisfari og forðaðist sviðsljós fjölmíðlanna. Því varð líf hennar stundum efni í sögusagnir og slúður sem hún hirti sjaldan um að svara. Hver var hún, þessi kona sem heillaði karlmenn á skemmtistöðum og vakti afbrýðisemi kvenna, gekk þrisvar í hjónaband, drakk forboðið snákablóð og smyglaði sögufrægum apa til Íslands?

Margrét Blöndal segir ævisögu Ellyjar Vilhjálms og leitar víða fanga eftir heimildum. Hér er sögð heillandi saga af konu sem bjó yfir óræðri dulúð og töfraði marga, konu sem aldrei gafst upp, sjálfstæð til síðasta dags.

205 bls.

**Sena**

ISBN 978-9935-9008-8-3

Leiðb.verð.: 5.900 kr.


## Óvenjuleg bók — og ógleymanleg!

„Þetta er mannþætandi texti.“  
~Ísak Hardarson



Tindur

www.tindur.is  
www.facebook.com/litlatre



**Elly**

Margrét Blöndal

Elly Vilhjálms var um sína daga dáðasta söngkona þjóðarinnar og list hennar tengist því besta sem til er í íslenskri dægurtónlist. Söngurinn var fagaður, túlkunin hógvær og ígrunduð, röddin mjúk og hlý.

Margrét Blöndal les.



**Skynjun**

Dreifing: Sena

ISBN 978-9935-18-041-4

aldri og kom m.a. til Íslands að afla heimilda. Hann hefur áður skrifað ævisögur Orson Welles og Onassis skipakóns. Einstaklega læsileg og fróðleg bók um mesta skáksnilling sögunnar sem tengdist Íslandi óvenjulegum böndum.

416 bls.

**Ugla**

ISBN 978-9935-21-022-7 Kilja



**Ég er á lífi, pabbi**

Siri Marie Seim Sønsteli og Erik H. Sønsteli

Þýð.: Örn Þ. Þorvarðarson

Ég er á lífi, pabbi er heimild um hryðjuverkaárásina í Osló og Útey 22. júlí 2011. Í bókinni er sögð saga Siri og Eriks Sønsteli með aðstoð ólíkra heimilda og funda höfunda með öðrum sem upplifðu atburðina. Bókin gefur góðar upplýsingar um hryðjuverkaárásirnar sem breyttu Noregi. Hún segir einnig sögu um baráttuna við að takast aftur á við lífið eftir hina ógnvekjandi upplifun.

302 bls.

**Draumsýn ehf.**

ISBN 978-9935-444-02-8 Kilja



Sagan mín

**Ég er Zlatan Ibrahimović**

David Lagercrantz og Zlatan Ibrahimović

Þýð.: Sigurður Helgason

Zlatan er einn af bestu knattspyrnumönnum heims og hefur unnið átta gullverðlaun með knattspyrnuliðum sem hann hefur leikið með, þeirra á meðal Ajax, Inter, Juventus, Barcelona og AC Milan. Á sama tíma er hann þekktur fyrir litríka framkomu sína jafnt utan vallar sem innan. Hann kemur sjaldan fram í fjölmiðlum, en er samt sá sem flestar fyrirsgnir fjalla um.

Í samvinnu við blaðamanninn og rithöfundinn David Lagercrantz hefur Zlatan skrifað óvenju opinskáa og spennandi sjálfævisögu – um sitt stutta en viðburðaríka líf.

418 bls.

**Draumsýn ehf.**

ISBN 978-9935-444-08-0 Kilja



**Ég gefst aldrei upp**


Borghildur Guðmundsdóttir

Borghildur giftist ung bandarískum hermanni og eignast með honum tvo syni. Að Íraksstríðinu loknu kemur hann heim breyttur maður og martröðin hefst. Eftir skilnað berst Borghildur fyrir forræði barnanna í þrjú ár og gefst aldrei upp.

253 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-067-5



**Endatafl**

Ævisaga Bobbys Fischer

Frank Brady

Þýð.: Jón Þ. Þór

Í þessari frábæru ævisögu, sem hefur fengið mikið lof, leitast Frank Brady við að svara spurningunni: Hver var Bobby Fischer? Brady kynntist Fischer ungum að



**Gísli á Uppsölum**

Ingibjörg Reynisdóttir

Myndskr.: Ólöf Erla

Einarsdóttir

Einbúinn í Arnarfirði varð landsfrægur þegar Ómar Ragnarsson sýndi þjóðinni líf hans í sjónvarpinu 1984. Líf hans virtist órafjarri 20. öldinni. En var Gísli sérvitur





égg  
❤️ð

minnipokamaður eða nægju- samur meinlætamaður? Ingi- björg segir sögu hans á hlý- jan og aðgengilegan hátt, svo bæði ungir og gamlir geta notið. Sérlega falleg bók. 162 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-448-06-4



**Grimmdarlíf**

Melissa Gavin

Þýð.: Erla Sigurðardóttir  
Íslensk stúlka lendir í klón- um á mjög ofbeldisfullum bandarískum eiginmanni. Afar óvæginn og grimmileg frásögn. Melissa byggir hana á raunverulegum heimildum um ofbeldismanninn föður sinn, og segir í eigin persónu frá hrikalegri reynslu sinni í seinni hluta bókarinnar. 240 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-448-03-3



**Hreint út sagt**

*Sjálfsævisaga*

Svavar Gestsson

Baráttumaðurinn Svavar Gestsson segir hér persónulega og pólitíska sögu sína sem er samofin sögu Íslands í meira en hálfra öld. Hann segir frá mótun sinni og pólitískum átökum, sigrum og ósigrum en einnig frá fjölskyldu og samferðamönnum. Stíll hans er hressilegur og beinskeyttur og hristir upp í lesandanum. 426 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-306-1



**Kleopatra villt af vegi**


Kleopatra Kristbjörg

Kleopatra Kristbjörg segir sögu sína blátt áfram og hispurslaust og má segja að heiti bókarinnar lýsi innihaldinu

vel. Um leið og hún lýsir eigin örlögum, ástum og sorgum beinir hún sjónum að ýms- um sammannlegum vanda- málum. Frásögnin er berorð, Kleopatra segir m.a. frá því sem er hið allra nánasta í einkalífi sérhvers manns – og er það mjög ólíkt henni – sem hefur aldrei viljað ræða einka- mál sín opinberlega. Hún skrifar á tæpitungulausan og mjög persónulegan hátt og frásögnin verður lesandanum minnisstæð. 443 bls.

**Ljósrák ehf**

ISBN 978-9979-72-228-1



**Litlatré**

Óli Ágústar

Sérvitur karlfauskur missir áttanna þegar hann er settur af fyrir aldurs sakir, en konan „sem kyndir hjarta hans“ er áfram í fullu fjöri. Saman reisa þau frístundakofa á bökkum Hvítár í Borgarfirði þar sem þau felldu hugi saman fyrir hálfri öld. Gamli maðurinn kemur sér upp staðsetning- artæki og veðurstöð, og með gangráð í brjósti hefst hann handa við smíðar, gróður- setningu og matseld á nýjum sælureit á jörð. Hann tekur ástfóstri við litlar trjáplöntur og smáa sönggjafa í mó- anum, en þegar loftvogin fellur og veturinn gengur í garð þarf hann að ganga

á hólmi við svarta hunda. Í fásinni borgarlífsins finnur hann sig knúinn til að endur- skoða tilveru sína í heiminum og minnst liðins tíma. Með slitróttum dagbóarskrifum verður til heimur trega og vonar þar sem einungis gamlir bókavínir virðast veita sanna hjálp og hug- svölu — og smávinir fagrir í Hvítársíðu.

Óbundið, laust mál *Litla- trés*, ljóðrænt að tjáningu, myndnotkun og orðavali, er einn samfelldur óður til lífsins, óður til ástarinnar, óður til náttúrunnar, óður til Borgarfjarðar — en jafnframt slóttug lýsing á sárri einsemd og þeim vanda mannsins að finna sér merkingu á ævi- kvöldinu. 230 bls.

**Tindur**

ISBN 9789979653806

Leiðb.verð: 5.590 kr.



**Magnea Þorkelsdóttir**

Magnea Þorkelsdóttir var listakona í hannyrðum og töfraði fram heilu hljómkviðurnar, leiknar á hárfínan hör og bómull. Bókin geymir myndir af handverki hennar, einnig er sagt frá lífshlaupi hennar og Sigurbjörns biskups, manns hennar. 164 bls.

**Skálholtsútgáfan**

ISBN 978-9979-792-96-3

Leiðb.verð: 2.490 kr. Kilja





### Með sumt á hreinu

Þórunn Erlu Valdímarsdóttir Einstök hljóðbókaútgáfa, skreytt með tónlist og áður óútgefnu efni sem ramma inn stórskemmtilega sögu. Jakob rekur af hispursleysi sára örlagasögu móður sinnar, talar um konurnar í lífi sínu, segir frá félögunum í Stuðmönnum, sköpunargleðinni, árekstrunum og vináttunni. Þórunn Erlu-Valdímarsdóttir skráir af sinni alkunnu sníld. Í henni mætast sagnfræðingur og skáld og vinna saman að því að draga upp heillandi mynd af margbrotnum manni.


*Jakob Frimann Magnússon les.*

**Skynjun**

Dreifing: Sena

ISBN 978-9935-18-027-8

# Alla sína ævi á leiðinni heim



„Satt að segja reyndi ég að stúdera þennan mann meiren minn er siður um flesta vini mína – kannski ekki síst fyrir þá sök að mér þótti hann næstum of ótrúlegur til að vera sannur; og of sannur til þess að vera trúlegur.“

– Halldór Laxness um Jón Sveinsson

Hann var auðmjúkur prestur, rithöfundur, kennari, sagnamaður, fyrirlesari, tónlistarmaður, heimsborgari. Pater Jón Sveinsson lifði alla ævi í heimi bernskunnar, þrátt fyrir að vera einn víðförlasti og þekktasti Íslendingu síns tíma. Ævi hans er töfrum slungin.



Þar sem þekkingin á sér samastað




**Mei mí beibísitt?**

*Æskuminningar úr bítlabænum Keflavík.*  
**Marta Eiríksdóttir**  
 Mei mí beibísitt? er söguleg skáldsaga úr Keflavík sem gerist á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Höfundur rifjar upp og segir frá daglegu lífi barnanna í götunni þar sem hún bjó. Þetta eru minningar um horfna veröld, þar sem skapandi kraftur barnanna sá um að skemmta þeim sjálfum daglangt á sumrin.

Höfundur bókarinnar, Keflvíkingurinn, Marta Eiríksdóttir er vel þekkt fyrir öflugt námskeiðahald á vegum Púlsins en einnig fyrir jákvæð og skemmtileg viðtöl, sem birst hafa eftir hana í Víkurfréttum undanfarin tuttugu ár.

*Mei mí beibísitt?* er önnur bók höfundar en fyrsta bók Mörtu *Becoming Goddess – Embracing Your Power!* kom út á ensku, á vegum Balboa Press, deild innan Hay House í Bandaríkjunum, sumarið 2012.

190 bls.  
**Víkurfréttir og**  
**Marta Eiríksdóttir**  
 ISBN 978-9979-72-234-2



**Pater Jón Sveinsson**  
**Nonni**

**Gunnar F. Guðmundsson**  
 Jón Sveinsson var víðfrægur barnabókakahöfundur á meginlandi Evrópu fram yfir miðja síðustu öld. Nonnabækur hans voru þýddar á um 30 tungumál og prentaðar í hundruðum þúsunda ef ekki milljónum eintaka.

Pater Jón Sveinsson var heimsborgari hið ytra sem hrærðist með framandi þjóðum og ferðaðist heimshorna á milli, en lifði jafnframt alla tíð í heimi minninganna í skjóli móður sinnar heima á Íslandi, sem hann varð að yfirgefa 12 ára gamall.

Gunnar F. Guðmundsson sagnfræðingur hefur kannað ævi Nonna um árabíl og skilað þessari makalausni ævi á glæsilega bók sem búin er fjölmörgum ljósmyndum.

460 bls.  
**Bókaútgáfan Opna**  
 ISBN 978-9935-10-053-5  
 Leiðb.verð: 6.990 kr.



**Ruth og Billy Graham**  
**Hanspeter Nöusch**

**Þýð.: Andrés Böðvarsson**  
 Ævi- og áhrifasaga hjónanna Ruth og Billy Graham. Hvers vegna náði Billy Graham svona langt? Hvaða arf skilja þau eftir? Horft er á þá þætti sem mótuðu þau og eru til eftirbreytni enn í dag.

368 bls.  
**Salt ehf. útgáfufélag**  
 ISBN 978-9935-9115-0-6 Kilja




**Spánarpóstar**

**Þorsteinn Antonsson**  
 Faðir lýsir fyrir dóttur sinni og syni, í bréfum frá sólarströnd, eigin bernsku og foreldrakynnum. Samhliða dregur hann upp svipdrætti íslenskrar þjóðarsögu síðustu áratuga með útsýn á Evrópumálefni líðandi stundar. Tilvísunin er á eigin bernsku við tvenns konar uppeld-

isaðstæður; á foreldra sem kosið hafa að kasta sér út í iðu borgarlífs í von um skjótfengna lífsfyllingu og fósturforeldra sem spyrna gegn þróuninni með gamla laginu.

Spánarpóstar vitna með sínu lagi um ástríðubundna þörf síðustu kynslóða Reykvíkinga fyrir rótfestu á tímabili þegar fornar íslenskar sveitavenjur hafa verið af lagðar en borgarmyndin er þó enn varla annað en draumsýn.

143 bls.  
**Skrudda**  
 ISBN 978-9979-655-93-0  
 Leiðb.verð: 2.990 kr. Kilja



**Steve Jobs**

**Þýð.: Helga S Einarsdóttir**  
 Ástríðufullur og knúinn áfram af einstæðri sýn um samruna tækni og fagurra lista var Steve Jobs sá einstaklingur á síðari hluta tuttugustu aldar sem hafði hvað mest áhrif á mótun samtímans eins og hann snýr við okkur frá degi til dags. Hin sérstæða þráhyggja og óhvikula fullkonnunarárátta varð til þess að umbylta sex af veigamestu iðngreinum síðari tíma: einkatölvunni, teiknimyndum, tónlist, farsímum, spjaldtölvum og stafrænni útgáfu. Úr verður ekki aðeins áhugaverð ævisaga um einn litríkasta einstakling tæknialdarinnar




Lafleur

# Nýjar bækur frá Lafleur!



*Sjálfsævisaga  
Evu Joly er nú fáanleg  
í næstu verslun.*

*Væntanleg í rafbók  
ásamt mörgum fleiri bókum,  
á íslensku, þýsku og ensku.*

[www.lafleurebooks.com](http://www.lafleurebooks.com)  
[lafleur@simnet.is](mailto:lafleur@simnet.is) | 659 3313



## Rafbækur frá Lafleur



*Úrval rafbóka fyrir alla aldurshópa frá bókaforlögum,  
sjálfstæðum útgefendum, rithöfundum og fræðimönnum.*

 [emma.is](http://emma.is) íslenskar rafbækur

heldur einnig menningarsaga nútímans.

592 bls.

**Sena**

ISBN 978-9935-9008-9-0

Leiðb.verð: 6.200 kr.



**Sveinn frá Elivogum**

*Nokkrir ævilættir og ljóð*

**Auðunn Bragi Sveinsson**

Sumir sjá margt líkt með þeim Skagfirðingunum Bólu-Hjálvari og Sveini frá Elivogum.

Vísur Sveins voru ótvíræðar og beinskeyttar og flugu um allt land á sínum tíma og menn lærðu þær. Sveinn átti marga strengi í hörpu sinni. Hann orti ljúf ástarkvæði og fögur minningaljóð, en hann gat einnig ort hárbeytt niðkvæði og ádeilur.

Sveinn ortki svo:


Helst til var ég höggvagjarn,  
hníflum tamt að ota,  
enda varð ég einkabarn  
olnboganna skota.

244 bls.

**Vestfirska forlagið**

ISBN 978-9935-430-31-1

Leiðb.verð: 3.900 kr.



**Urðarmáni**

**Ólafur Ásgeir Steinþórsson**

Í þessari bráðskemmtilegu endurminningabók Ólafs Ásgeirs er brugðið upp einstökum myndum af daglegu lífi og störfum fólks í Bjarneyjum á Breiðafirði síðustu árin sem eyjarnar voru í byggð. Frá Bjarneyjum er horfið vestur til Flateyjar og að lokum er mannlífi og uppgangi í stórbænum Stykkishólmi lýst. Höfundur segir frá af leiftrandi sagnagáfu svo að lesandi skellir einatt upp úr. Í bókinn er endurvakin veröld sem var á eyjunum við Breiðafjörð.

156 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-65-0



**Veturhús**

**Þorsteinn J.**

Fjölkskyldan á bænum Veturhús á Eskifjarðarheiði vann einstaka hetjudáð aðfaranótt 21. janúar 1942. Breskur herflokkur lenti í miklu óveðri og hermennirnir hefðu trúlega flestir farist, ef fjölkskyldan hefði ekki komið þeim til bjargar. Í bókinni er fjallað um þessa næst stærstu björgun Íslandssögunnar sem fær vissu af. Bókinni fylgir veglegur dvd diskur með heimildarmyndinni Veturhús, ásamt miklu af aukaefni frá gerð myndarinnar.


80 bls.

**Winterhouse ehf**

Dreifing: Bjatur-Veröld

ISBN 978-9979-72-227-4

Leiðb.verð: 5.600 kr.



**Wayne Rooney**

*Áratugur minn*

*í úrvalsdeildinni*

**Wayne Rooney**

Þýð.: **Sigurður Helgason**

Áratugur minn í úrvalsdeildinni er frásögn Wayne Rooney af 10 árum meðal þeirra bestu í enskum fótbolta – og leik hans með einu stærsta knatt-

spyrnuliði heims. Þetta er sagan af því sem gerist innan veggja Manchester United: úrvalsdeildartitlar, bikarmeistararitlar, deildarbikarmeistararitlar og ævintýri innan Meistaradeildarinnar.

Wayne Rooney er talinn einn fremsti knattspyrnumaður sinnar kynslóðar. Hann hefur verið stjarna liðsins frá því hann var keyptur til liðsins árið 2004.

Wayne fjallar á sterkan hátt um hvert tímabil sem hann hefur leikið í Úrvalsdeildinni og hvernig tilfinning það er að vera einn þekktasti knattspyrnumaður veraldar.

305 bls.

**Draumsýn ehf.**

ISBN 978-9935-444-17-2/-

9935-444-18-9



**Þótt þúsundir falli ...**

**Susi Hasel Mundy**

Meðhöf.: **Maylan Church**

Þýð.: **Stefán Stefánsson**

Einstakar endurminningar fjölkskyldu þýska hermansins Franz Hasel sem lendir í þeirri óbærilegu aðstöðu að gegna þegnskyldu jafnframt því að vera opinskátt í andstöðu við hugmyndafræði og aðfarir Hitlers. Spennuþrungin en mannleg reynslusaga um ógnvænlega og á stundum dularfulla atburði. Bók sem skilur eftir hughrif og lætur engan ósnortinn.

208 bls.

**Frækornið**

ISBN 978-9979-873-45-7



# SÖNN LÍFSREYNSLUSAGA



Hér segir Kleopatra Kristbjörg sögu sína, segir frá ástum sínum og sorgum, blátt áfram og hispurslaust. Nafn bókarinnar segir mikið til um innihaldið.

Kleopatra er berdreymin og draumspök. Hún hefur oft fengið leiðbeiningar og viðvaranir gegnum drauma en fór því miður ekki alltaf eftir þeim leiðbeiningum.

Frásögnin er berorð og Kleopatra segir m.a. frá ýmsu því sem er hið allra nánasta í einkalífi sérhvers manns – og er það mjög ólíkt henni – sem hefur aldrei viljað ræða einkamál sín opinberlega.

# Matur og drykkur




## Að hætti Sígga Hall – Jólaréttirnir

Síggi Hall

Myndir: Lárus Karl Ingason  
Hér fer sælkeri og listakokkurinn Síggi Hall á kostum í þessari bók þar sem jólaréttirnir eru aðal þemað. Uppskriftir og ýmis trix varðandi jólamatinn sem og glæsilegar myndir teknar af Lárusi Karli. Bók sem ætti að vera til á hverju heimili.

Litróf ehf.

ISBN 978-9935-9016-4-4



## Bollakökur

Ritstj.: Larousse

Þýð.: Snjólaug Lúðvíksdóttir

Bollakökur hafa að geyma 20 uppskriftir að ljúffengum bollakökum og leiðbeiningar sem gera bollakökubaksturinn auðveldan og skemmtilegan. Bókin er gefin út í vinsælli matreiðslubókaröð frönsku bókaútgáfunnar Larousse. Bollaköku-bókin er í fallegri gjafaöskju ásamt 16 fjölnota silikonformum.

64 bls.

**Bókafélagið**

ISBN 978-9935-426-22-2

gætis fyrir alla sem hafa áhuga á heilbrigði og hollri næringu samfara girnilegum kræsingum. Hér má finna tertur, litlar og stórar bökur, brownies, smákökur, konfekt, ís og fleiri freistingar sem óhætt er að láta undan. Solla er í fararbroddi meðal hráfæðiskokka, héraendis sem erlendis.

184 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-308-5



## Eldað og bakað í ofninum heima

Góður matur – gott líf

Gisli Egill Hrafnsson og

Inga Elsa Bergþórsdóttir

Einstök bók fyrir alla sem njóta þess að elda og baka frá grunni með þátttöku allrar fjölskyldunnar. Fjölbreyttar uppskriftir að gómsætum heimilismat, girnilegum veisluréttum, góðu brauði og freistandi og frábærum tertum og öðru góðgæti, með áherslu á gott hráefni. Höfundur sendu í fyrra frá sér bókina *Góður matur – gott líf í takt við árstíðirnar* og var hún tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

249 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2197-5



## Eldað með Ebbu í Latabæ

100 hollar og góðar uppskriftir fyrir alla fjölskylduna

Ebba Guðný Guðmundsdóttir

Hin vinsæla Pure Ebba – höfundur *Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?* – eldar hér hollar og bragðgóðar uppskriftir í Latabæ. Fjölbreyttir heitir réttir, pítsur, kökur, morgunmatur, drykkir o.fl. o.fl. Ebba kennir allri fjölskyldunni að búa til einfaldan og frábæran mat. Hollur matur gerir okkur ekki bara hraust, heldur líka kát og glöð.

226 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-448-02-6



## Eftirréttir Solla

Sólveig Eiríksdóttir

Myndir: Matthías Árni

Ingimarsson

Solla opnar nýjar víddir í gerð gómsætra eftirréttanna og sæl-








## MÚFFUR Í HVERT MÁL

# Gómsætar, einfaldar og fljótlegar


Girnilegar múffur sem henta við hvert tækifæri, frá morgni til kvölds:

- morgunmúffur
- hádegismúffur
- sætar múffur
- kvöldverðarmúffur
- hversdagsmúffur
- múffur fyrir hundinn og köttinn



NANNA RÖGNVALDARDÓTTIR er löngu orðin landsþekkt fyrir skrif sín um mat og matargerð. Hún hefur sent frá sér á annan tug vinsælla matreiðslubóka, þar á meðal **Smárétti Nönnu** og **Jólamat Nönnu**.

  
ÍDUNN  
www.forlagid.is



**HaPP HaPP hurrah**

Unnur Guðrún Pálsdóttir og Erna Sverrisdóttir

Ensk útgáfa bókarinnar Happ happ hurra sem út kom á síðast ári. Í Happ-eldhúsinu eru grænmeti, ávextir, hnetur og fræ í öndvegi. Það er fátt fallegra en litatónar ávaxta og grænmetis. Litirnir bera með sér lífsgleði og orku og með hæfilegu magni af hreinu kjöti og fiski verður til dásamlegur matur. Í bókinni eru fjölmargar uppskriftir að hollum réttum og skreyttum fallegum ljósmyndum.

140 bls.

**Bókafélagið**  
ISBN 978-9935-426-25-3



**Heilsuréttir fjölskyldunnar**  
Berglind Sigmarsdóttir

Hér eru uppskriftir að ljúffengum réttum sem fjölskyldan elskar en bókin er skrifuð fyrir þá sem vilja bæta mataræði og lífsstíl fjölskyldunnar. Hér nýtur Berglind aðstoðar eiginmanns síns, landsliðskokksins Sigurðar Gíslasonar, við gerð uppskriftanna og afraksturinn er glæsileg lífsstíls- og matreiðslubók, stútfull af gírnilegum heilsuréttum. Gefin eru ráð um hvernig hægt er að draga úr sykurneyslu barna og ungmenna – og hvernig við fáum börn og unglinga til að borða heilsusamlegan mat og bæta lífsstíl sinn.

240 bls.

**Bókafélagið**  
ISBN 978-9935-426-24-6




**Heilsusúpur og salöt**

Auður Ingibjörg Konráðsdóttir Hér er að finna uppskriftir að gírnilegum, hollum og fjölbreyttum súpum og salötum við allra hæfi. Þetta er bók fyrir þá sem vilja huga vel að mataræði sínu og heilbrigði en bjóða jafnframt upp á ljúffenga en ekki síst fallega og freistandi rétti. Höfundur bókarinnar er annálaður heilsukokkur og hefur meðal annars haldið úti vinsælli vefsíðu, [www.heilsukokkur.is](http://www.heilsukokkur.is). Í fyrra kom út eftir hana bókin *Heilsudrykkir*. Sú bók er nú uppseld.

110 bls.  
**Bókafélagið**  
ISBN 978-9935-426-36-9

sem hlutu vinsældir og eru væntanlegar í endurútgáfa. 132 bls.

**Salka**  
ISBN 978-9935-17-061-3 Kilja



**Into the North**


*Live well, eat well – the Icelandic way*

Gísli Egill Hrafnsson og Inga Elsa Bergþórsdóttir

Þýð.: María Helga Guðmundsdóttir

Höfundarnir voru tilnefndir til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í fyrra fyrir bók sína *Góður matur – gott líf*. Þetta er að hluta til ensk útgáfa þeirrar bókar en með nýjum texta sem er kynning á landi, sögu og þjóð og fjölda nýrra og stórglæsilegra mynda af íslenskrri náttúru og íslenskum mat. Góð gjöf til erlendra vina sem vilja kynna Íslenskrri matargerð. Á ensku. 176 bls.


FORLAGIÐ  
**Vaka-Helgafell**  
ISBN 978-9979-2-2182-1



**Hollt og hátíðlegt**

Guðrún Jóhannsdóttir

Hér eru uppskriftir að hollum og næringarríkum mat fyrir fólk sem vill fara óhefðbundnar leiðir í hátíðarmat. Höfundur hefur áður gefið út bækurnar *Hollt* og *fjótlegt* og *Hollt* og *ódyrt*




# GÓMSÆTT OG HOLLT

SOLLA EIRÍKS

– besti hráfæðiskokkur í heimi  
að dómi [www.bestofrawfoods.com](http://www.bestofrawfoods.com).



RAW



*Eftirréttir Sollu* er einstök sælkerabók sem geymir fjölmargar uppskriftir að gómsætum og hollum freistingum. Kökur, bökur, konfekt, ís og margt annað ótrúlega girnilegt.

JPL

JPV ÚTGÁFA

[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)






**SPENNA**



**KIDDI FER I FRÍ**



**SPENNA**



**Konfekt**

Ritstj.: Larousse  
 Þýð.: Snjólaug Lúðvíksdóttir  
 Konfekt hefur að geyma 20 uppskriftir að ljúffengu konfekt og leiðbeiningar sem gera konfektgerðina auðveld og skemmtilega. Bókin er gefin út í vinsælli matreiðslubókaröð frönsku bókaútgáfunnar Larousse. Konfekt-bókin er í fallegri gjafaöskju ásamt 30 fjölnota silíkonformum sem frábært er að nota við konfektgerðina. Nú verður konfektgerðin leikur einn.

**Bókafélagið**  
 ISBN 978-9935-426-23-9



**Ljúfmeti úr lækningajurtum**

– Albert og Anna Rósa elda  
 Albert Eiríksson og Anna Rósa Róbertsdóttir  
 Anna Rósa grasalæknir og ástríðukokkurinn Albert hafa

brennandi áhuga á elda-mennsku og lækningajurtum. Í þessari bók hafa þau tekið höndum saman og útkoman er fjöldi girnilegra og gómsætra rétta þar sem krydd- og lækningajurtir eru í hávegum hafðar. Hér er meðal annars næringarríkur morgunmatur, kjöt-, fisk- og grænmetis-réttir og ljúffengar súpur að ógleymdum drykkjum, brauði og eftirréttum. Miðlað er fræðandi upplýsingum um lækningamátt jurtanna og stungið upp á öðru hráefni þegar ekki fást ferskar lækningajurtir á veturna. 116 bls.

**Anna Rósa grasalæknir ehf.**  
 ISBN 978-9979-72-208-3  
 Leiðb.verð: 4.999 kr.




**Matur og meiri matur**

Ögmundur G. Albertsson  
 Bókin hefur að geyma 100 ljúffengar uppskriftir að fjölbreyttum mat eins og kafaheitin bera með sér: súpur, pasta, samlokur, salöt, fisk-réttir, kjötréttir og eftirréttir. Eingöngu er notað hollt og gott hráefni sem auðvelt er að nálgast. Uppskriftirnar eru einfaldar í framkvæmd og sniðnar að getu almennings. Höfundur útskrifaðist frá Hótel- og veitingaskólanum árið 1994 og hefur síðan starfað við matreiðslu, m.a. á Horninu og Café Milanó. Hann hefur því mikla reynslu

af matargerð sem honum tekst að miðla skilmerkilega til lesenda. Hér ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi, hvort sem elda á einfaldan hversdagsmat eða bjóða til veislu.

Verði ykkur að góðu.  
 152 bls.

**Steinegg ehf.**  
 ISBN 978-9935-421-22-7  
 Leiðb.verð: 1.990 kr.



**Múffur í hvert mál**

Nanna Rögnvaldardóttir  
 Það er fljótlegt og auðvelt að baka girnilegar múffur og þær henta við öll tækifæri – frá morgni til kvölds. Nanna hefur sent frá sér á annan tug vinsælla matreiðslubóka og hér gefur hún uppskriftir að alls konar múffum, hollum morgunmúffum, nestis- og kvöldverðarmúffum, sætum múffum með kaffinu og jafnvel múffum fyrir gæludýrin. 120 bls.

**FORLAGIÐ**  
**Iðunn**  
 ISBN 978-9979-1-0518-3






# 100 skemmtilegar uppskriftir fyrir alla fjölskylduna

**Hollur matur gerir okkur öll hraust og sterk – og líka kát og glöð. Allra skemmtilegast er þegar öll fjölskyldan vinnur saman í eldhúsinu og býr til hollan og bragðgóðan mat.**

**Það er líka miklu auðveldara en flestir halda!**

Ebba Guðný Guðmundsdóttir, eða Pure-Ebba eins og hún kallar sig, slæst hér í lið með Latabæ og kennir allri fjölskyldunni að búa til mat eftir einföldum og skemmtilegum uppskriftum.

Nú getur öll fjölskyldan sameinast og búið til ljúffengar pítsur, bollur, dásamlega drykki, morgunmat, pottrétti, kökur, ís og allt mögulegt annað.



**Orð, krydd & krásir**

*Spennandi og girnilegir réttir af slóðum Biblíunnar*

Sigrún Óskarsdóttir og Kristín Þóra Harðardóttir

Áhugaverð og glæsileg bók með spennandi og girnilegum réttum af sögu-slóðum Biblíunnar. Hráefnið er hins vegar úr íslenskri náttúru til sjávar og sveita. Einfaldur og heilsusamlegur matur en um leið kitlandi og framandi!

**Verið**

ISBN 978-9935-440-26-6



**Pítsur**

Carla Bardi

Þýð.: Nanna Gunnarsdóttir

Hér er að finna meira en 50 uppskriftir að gómsætum pítsum, allt frá hefðbundnum ítölskum pítsum yfir í frumlegri útfærslur frá öllum heimshornum. Uppskriftin að deiginu er einföld og fljótgerð, deigið er blandað og hnoðað á einungis nokkrum mínútum. Með bókinni verður pítslugerðin skemmtileg og öll fjölskyldan getur tekið þátt í að hnoða og leggja áleggjið á þar til ljúffeng og

næringarríkt máltíð er komin á borðið.

128 bls.

**Bókafélagið**

ISBN 978-9935-426-32-1



**Safaríkt líf**

*Ljúffengir heilsudrykkir*

Þorbjörg Hafsteinsdóttir

68 uppskriftir af ljúffengum heilsudrykkjum; þeytingum, hristingum og grænum sófum sem eru stútfullar af hollustu. Njóttu – og líf þitt verður safaríkara!

**Salka**

ISBN 978-9935-17-039-2 Kilja



**Stóra Disney heimilisréttabókin**

Ritstj.: Margrét Þóra Þorlákssdóttir

Þessi bók hefur að geyma 112 spennandi, hollar og gómsætтар uppskriftir fyrir upprennandi matreiðslumenn. Hér er að finna einfaldar uppskriftir af kraftmiklum kjötréttum, skemmtilegum fiskréttum, girnilegum græmetisréttum, sjóðheitum súpum, freistandi salötum, svo ekki sé minnst á gómsætтар samlokur.

140 bls.

**Edda útgáfa**

ISBN 978-9935-13-108-9

Leiðb.verð: 3.990 kr.



**Súpur allt árið**

Sigurveig Káradóttir

Myndir: Gunnar Sverrisson

Sigurveig Káradóttir gefur hér uppskriftir að kjarngóðum súpum úr fersku grænmeti og bragðmiklu soði. Fjölbreytni ræður ríkjum og finna má strauma frá ýmsum heimshornum.

72 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-059-0 Kilja



**Villibráð**

Úlfar Finnbjörnsson

Myndir: Karl Petersson

Myndskr.: Jón Baldur Hlíðberg  
Glæsilegt alfræðirit um nýtingu villibráðar, fullt af fróðleik og ómóttstæðilegum sálkeruuppskriftum. *Stóra bókinn um villibráð* kom út 2011 en er nú gefin út lítið breytt í minna broti.

288 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-064-4



Ný bók  
eftir höfunda  
*Góður matur*  
– gott líf í takt við  
árstíðirnar

## Krásir úr ofni

*Eldað og bakað í ofninum heima* er einstök bók fyrir alla sem njóta þess að útbúa góðan mat fyrir fjölskyldu og vini. Í þessari veglegu bók eru á annað hundrað girnilegra uppskrifta að fjölbreyttum réttum sem elda má í ofni, allt frá ljúffengum heimilismat að spennandi veisluföngum, ásamt brauði, freistandi kökum og öðru góðgæti. Einnig má finna margvíslegan fróðleik um mat og matargerð auk þess sem mismunandi bakstursaðferðum er lýst í máli og myndum, skref fyrir skref.

Bókina prýðir mikill fjöldi stórglæsilegra ljósmynda.



VAKA-HELGAPELL  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)



Ómótstæðilegir fiskréttir



Langeldaðir kjótréttir



Meðlæti og grænmetisréttir



Fjölskylduvæn matargerð



Brauðbakstur



Hollari bakstur



Eftirréttir



Makrónur



Að breyta uppskriftum



Öðruvísi veislutertur

# Fræði og bækur almenns efnis



## 23 atriði um kapitalisma sem ekki er sagt frá

Ha-Joon Chang

Þýð.: Ólöf Eldjárn

Í þessari stórmerku bók eru viðteknar hugmyndir um hagkerfi og stjórnkerfi heimsins teknar fyrir og sýnt fram á að þær standast í raun ekki skoðun. Höfundurinn, sem er prófessor við Cambridge-háskóla, sýnir hér að við þurfum ekki að sætta okkur við heiminn eins og hann er, við getum farið aðrar leiðir og náð árangri. Gagnrýnin og uppbyggileg bók á mannamáli.

336 bls.

FORLAGIÐ

Vaka-Helgafell

ISBN 978-9979-2-2192-0

Óbundin



## 9 leiðir til lífsorku

Þorbjörg Hafsteinsdóttir

Jafnvægi, orka, vakning, hreyfing, kjarkur, samhljómur, ástriða, skýrleiki, meðvitund. Saman skapa þessir níu þættir þann tíunda, sjálfa lífsorkuna en með hana í farteskínu eflist starfsemi líkama og huga og betur gengur að sinna markmiðum okkar.

298 bls.

Salka

ISBN 978-9935-17-028-6



## A Visit to the World of the Puffin

Friðbjörgur Helgason

Friðbjörgur hefur ljósmyndað lundann og aðra fugla um langt skeið og í þessari litlu en gullfallegu bók er að finna úrval af myndum hans af lundanum við strendur Íslands. Texti bókarinnar er stuttur en gefur miklar upplýsingar um lundann, saminn af Sigfúsi Bjartmarssyni og Guðbrandi Siglaugssyni. Anna Margrét Björnsdóttir þýddi á ensku.

96 bls.

Uppheimar

ISBN 978-9935-432-11-7



## Að elska það sem er

Fjórar spurningar sem geta skipt sköpum

Byron Katie

Þýð.: Vésteinn Lúðvíksson

Hér er sett fram ný aðferð til að vinna úr sársaukafullum hugsunum. Lesandi svarar fjórum einföldum spurningum til að kanna eigin huga og leysa „verkefnið“. Markmiðið er að losna við spennu og njóta lífsins betur.

232 bls.

Salka

ISBN 978-9935-17-026-2 Kilja



„Ein allra áhrifaríkasta bók sem ég hef lesið.“

Martin Scorsese  
leikstjóri



Síðasta freistingin

Nikos Kazantzakis

„Ég vænti einskis.

Ég óttast ekkert.

Ég er frjálsl.“

Nikos Kazantzakis  
rit höfundur

Tindur



## Af sjónarhóli leikstjóra

Svein Einarsson

Ritstj.: Trausti Ólafsson



Sveinn Einarsson gefur lesanda innsýn í starf leikstjórans með því að lýsa eigin sviðsetningum á alls fjórtán verkum sem hann hefur sett á svið, allt frá Yvonne Búrgúndarprinsessu í lðnó 1968 til Cavalleria Rusticana og I Pagliacci í Gamla bóí 2008. Bókin Af sjónarhóli leikstjóra er hin fyrsta í fyrirhugaðri ritróð um íslenska leikstjóra. 234 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-977-2

Leiðb.verð: 4.500 kr. Kilja



#### Afreksfólk öræfanna

Æviferill Fjalla-Eyvindar og Höllu

Hjörtur Þórarinnsson

Fjalla-Eyvindur var á flótta í um 40 ár á átjánndu öld og bjó sér fylgsni víða um land ásamt Höllu lagskonu sinni. Hjörtur Þórarinnsson hefur tekið saman rit um ferðir þeirra og dvalarstaði. 44 bls.

Ferðafélag Íslands

ISBN 978-9935-414-06-9

Leiðb.verð: 1.900 kr.



#### Afmælis dagar með máls háttum

Samant.: Friðrik A. Friðriksson og Hildur Hermóðsdóttir

Bókin kom fyrst út árið 1950 og hefur notið vinsælda á síðan. Hér hefur hún verið endurskoðuð og færð í nútímalegri búning. 160 bls.

Salka

ISBN 978-9935-17-027-9



#### Akranes

milli fjalls og fjöru

Friðbjófur Helgason

Myndstj.: Aðalsteinn S.

Sigfússon

Fjórða ljósmyndabók Friðbjófs Helgasonar um bæjarfélagið og fólkið á Akranesi lítur dagsins ljóa á 70 ára afmæli kaupstaðarinnar en sú fyrsta kom út fyrir aldafjórðungi. Viðmyndir eru ákveðið stef í bókinni og setja mark sitt á form hennar 96 bls.

Uppheimar

ISBN 978-9935-432-63-6

# Boðið vestur

GUÐLAUG JÓNSDÓTTIR & KARL KRISTJÁN ÁSGEIRSSON



## VEISLUFÖNG ÚR NÁTTÚRU VESTFJARÐA

**Boðið vestur** er í grunninn matreiðslubók en jafnframt svo miklu meira. Bókinni er skipt upp í kafla eftir mánuðum ársins og hverjum mánuði fylgja fjölbreyttar uppskriftir að ýmiss konar réttum að vestan úr því náttúrulega hráefni sem í boði er og hefið er fyrir á hverjum árstíma.

Ríkuleg náttúra, menning og saga Vestfjarða skipa stóran sess í þessu verki sem er prýtt glæsilegum ljósmyndum Ágúst Atlasonar.

Höfundarnir, hjónin og matreiðslumeistararnir Guðlaug Jónsdóttir og Karl Kristján Ásgæirsson á Ísafirði, kynna lesendum gamlar hefðir og siði samhliða því að notfæra sér spennandi nýjungar úr eldhúsi samtímans.


Hér er á ferðinni einstakt verk í flokki matreiðslubóka; virðing höfundanna fyrir náttúru og mannlífi Vestfjarða skilar sér vel.

**Boðið vestur** er kærkomin og forvitnileg bók fyrir allt áhugafólk um matreiðslu og matarmenningu.

**Boðið vestur** er einnig fánlega á **ensku og þýsku.**



UPPHEIMAR



### Almanak Háskóla Íslands 2013


Ritstj.: Þorsteinn Sæmundsson og Gunnlaugur Björnsson  
Auk dagatals flytur almanakið margvíslegar upplýsingar, svo sem um sjávarföll og gang himintungla. Lýst er helstu fyrirbærum á himni, sem frá Íslandi sjást. Í almanakinu eru stjörnukort, kort sem sýnir áttavítastefnur á Íslandi og kort sem sýnir tíma-belti heimsins. Þar er að finna yfirlit um hnetti himingeimsins, mælieiningar, veðurfar, stærð og mannfjölda allra sjálfstæðra ríkja og tímanna í höfuðborgum þeirra. Loks eru í almanakinu upplýsingar um helstu merkisdaga fjögur ár fram í tímann.

96 bls.

Háskólaútgáfan

ISSN 1022-8527

Leiðb.verð: 1.890 kr. Kilja



### Almanak Þjóðvinafélagsins 2013

Ritstj.: Heimir Þorleifsson, Jón Árni Friðriksson, Þorsteinn Sæmundsson og Gunnlaugur Björnsson  
*Almanak Þjóðvinafélagsins* er aðgengileg handbók um íslensk málefni. Í almanakinu sjálfu er m.a. að finna dagatal með upplýsingum um gang himintungla, messur kirkjuársins, sjávarföll, hnattstöðu Íslands o.fl. Í Árbók Íslands er fróðleikur um árferði, atvinnuvegi, stjórnmal, úrslit Íslandsmóta, náttúruhamfarir, slys, mannalát, verklegar framkvæmdir, vísitölur, verðlag o.s.frv. 204 bls.

Híð íslenska þjóðvinafélag

Dreifing: Háskólaútgáfan

ISSN 1670-2247

Leiðb.verð: 1.990 kr.



### Alþjóðlegir mannréttindasamningar sem Ísland er aðili að


Björg Thorarensen  
Íslenska ríkið er aðili að fjölmörgum alþjóðlegum mannréttindasamningum og ber þjóðréttarleg skylda til þess að virða og vernda mannréttindi sem þar eru talin.

Í þessu riti er safnað saman mikilvægustu samningum á vettvangi Evrópuráðsins og Sp sem Ísland hefur fullgilt fram til ársins 2012. Frá því að fyrsta útgáfa ritsins kom út árið 2003 hefur verið ör þróun í alþjóðlegri samningsgerð um mannréttindi, nýjar samþykktir hafa bæst við og aðrar breyst og hefur Ísland gerst aðili að nýjum samningum. Þar má nefna breytingar sem gerðar voru á Mannréttindasáttmála Evrópu með 14. viðauka á reglum um kæruskilyrði og málsmeðferð fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu. Markmið útgáfunnar er að greiða sem mest aðgang að samningunum og breiða út þekkingu um efni þeirra. 300 bls.

Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-964-2

Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja



### Andlitsmeðferð og efnafræði snyrtivara

Kennslubók í snyrtifræði

Á. Bergljót Stefánsdóttir og Guðrún Pétursdóttir

Starfsvið snyrtifræðinnar er afar fjölbreytt. Það nær til alls þess er varðar húðina og undirliggjandi vefi, hvort sem um er að ræða andlitsmeðferð, handsnyrtingu, fótisnyrtingu eða líkamsmeðferð. Í þessari bók er fjallað um andlitsmeðferð og efnafræði snyrtivara með hliðsjón af námskrá menntamálaráðuneytisins í snyrtifræði. Hún skiptist í fimm hluta. Fyrstu þrjú hlutarnir eru grunnmeðferð A, B og C, fjórði hlutinn er um sérhæfðar meðferðir og sá fimmti um efnafræði snyrtivara og notkun þeirra. Þetta er fyrsta bók sinnar tegundar á íslensku og ætti að nýtast öllum þeim sem eru að læra snyrtifræði í skólum, eða til endurmenntunar. Höfundarnir eru snyrtifræðimeistarar og kennarar við Fjölbrautaskólann í Breiðholti en hafa auk þess viðtæka reynslu af námskeiðahaldi, snyrtistofurekstri og faglegu starfi innan greinarinnar. 232 bls.

ÍDNÚ bókaútgáfa

ISBN 9789979673132 Kilja



ÓMÓTSTÆÐILEGIR RÉTTIR!



„Himneskar  
uppskriftir og sérlega  
bragðgóð skemmtun að fletta  
þessari matreiðslubók.“  
SIGURLAUG M. JÓNASDÓTTIR,  
MATGÆÐINGUR

# FREISTA, SEÐJA OG GLEÐJA!

Áhugaverð og glæsileg bók með spennandi og gírnilegum réttum af söguslóðum Biblíunnar. Hráefnið er hins vegar úr íslenskri náttúru til sjávar og sveita. Einfaldur og heilsusamlegur matur en um leið kitlandi og framandi!



### Andvari 2012

Nýr flokkur LIV. 137. ár

Ritstj.: Gunnar Stefánsson

Aðalgrein *Andvara* að þessu sinni er æviágrip Róberts Abrahams Ottóssonar, tónlistarmanns og fræðimanns, eftir Árna Heimi Ingólfsson. Róbert var þýskur að uppruna, kom ungur til Íslands og vann hér margháttuð forustustörf í tónlistarmálum um áratugaskeið, stjórnaði kórum og hljómsveitum, kenndi guðfræðinemu og var söngmálastjóri þjóðkirkjunnar. Hann var ástríðufullur listamaður, skarpur fræðimaður og einn sá sem best kynnti öndvegisverk tónbókmenntanna fyrir Íslendingum. Í öðrum greinum er m. a. fjallað um Hallgrím Scheving kennara á Bessastöðum, Benedikt Gröndal Sveinbjarnarson, Charles Dickens og sagnfræðingana


og frændurna Pál og Boga Th. Melsteð. 184 bls.

### Hið íslenska þjóðvinafélag

Dreifing: Háskólaútgáfan

ISSN 0258-3771

Leiðb.verð: 2.500 kr. Kilja



### Ábyrgðarkver

*Bankahrun og lærdómurim um ábyrgð*

Gunnlaugur Jónsson

Bók um ábyrgð, bæði í fjármálum og á öðrum sviðum. Hugsjón Gunnlaugs um persónulega og einstaklingsbundna ábyrgð snýst ekki aðeins um fjármál og stjórnmál, heldur í reynd um aðferðina við að ná árangri í lífinu yfirleitt.

144 bls.

Sögur útgáfa

ISBN 978-9935-416-73-5



### Bílar

*í máli og myndum*

Ritstj.: Kathryn Hennessy

Þýð.: Árni Óskarsson og

Jóna Dóra Óskarsdóttir

Bókin *Bílar í máli og myndum* leiðir lesandann á einstakan hátt í gegnum sögu þessa merkilega farartækis sem umbylti 20. öldinni. Hér getur að líta meira en 1200 bíla af öllum stærðum og gerðum, margbreytilegar vélar og sögu ástsælustu tegundanna og mannanna á bak við þær. Sannkölluð skemmtireisa í gegnum bílasöguna og fullkomin gjöf handa bílaáhugamönnum á öllum aldri.

360 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-267-5



### Boðið vestur

Guðlaug Jónsdóttir og

Karl Kristján Ásgeirsson


Myndir: Ágúst Atlason

*Boðið vestur* er í grunninn matreiðslubók en jafnframt svo miklu meira en það. Í bókinni, sem skipt er upp í kafla eftir mánuðum ársins, er mikill fjöldi uppskrifta að ýmiss konar réttum að vestan úr því náttúrulega hráefni sem í boði er á hverjum árstíma. Ríkuleg náttúra, menning og saga Vestfjarða skipar stóran sess í bókinni sem er prýdd glæsilegum ljósmyndum. Bókin er jafnframt gefin út á ensku og þýsku.

256 bls.

Uppheimar

ISBN 978-9935-432-49-0



### Dagar vinnu og vona

*Saga Verkamannafélagsins*

*Dagsbrúnar; 2 hluti*

Porleifur Friðriksson

Verkið er sjálfstætt framhald af bókinni *Við brún nýs dags* (2007) og líkt og þar eru hér fetaðar nýjar brautir í íslenskri samtímasögu, hvorki hefðbundin félagssaga né strípuð fræðileg greining. Hún er enn síður saga af hetjum og fórnarlömbum.

Verkamannafélagið Dagsbrún er leiðarhnoða um samfélag alþýðufólks.

Með aðstoð félagsins fetum við okkur um umhverfi og hugmyndaheim samfélags sem einu sinni var og dýpkum jafnframt skilning okkar á því sem er.

Verkið er tilraun til þess að skoða viðfang allrar sagnfræði, manneskjuna sjálfa, í umhverfi sem byggt er á hlutlægri sagnfræðilegri rannsókn.

Bókin er prýdd fjölda ljósmynda af vettvangi vinnunnar og hversdagslífs. Þær eru flestar teknar af Karli Christian Nielsen (1895–1951), verkamanni.

Linsuuga hans er notað til þess að skoða heim alþýðufólks, vinnuna, húsnæði, klæði og annað sem taldist til hvunn dagslífs í Reykjavík fram um miðja 20. öld.

430 bls.

Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-978-9

Leiðb.verð: 5.900 kr.





### Dagbók Eddu Björgvins Edda Björnsdóttir

Hvað gerir þjóðkunn leikona þegar hún týnir dagbók sinni, óprúttinn fyrrum fjölskyldumeðlimur finnur hana (bókina) á förnun vegi, fær hana í hendur ófyrirleitnum útgefanda sem síðan lætur prenta hana (bókina) í stóru upplagi og gefur hana út? Á hún (leikkonan) að taka viljann fyrir verkið og sætta sig við orðinn hlut eða leita tafarlausra ráða til að ná sé niður á misyndismönnunum? Eða á hún að kaupa allt upplagið áður en það fer í dreifingu og giftast verðbréfasalanum, bróður útgefandans, sem spákonan Karen Lykkemose hefur gegn riflegri þóknun fallist á að upplýsa að sé hinn raunverulegi tilgangur örlaganna með þessari gráglettnu uppákomu?

240 bls.  
**Tindur**  
ISBN 9789979653783  
Leiðb.verð: 5.690 kr.



### Dagbók Elku

*Alþýðumenning í þéttbyli á árunum 1915–1923 í frásögn Elku Björnsdóttur verkakonu*  
Ritstj.: Hilma Gunnarsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon  
Elka Björnsdóttir var verkakona í Reykjavík í upphafi 20. aldar. Hún var trúuð, þátttakandi í verkalyðsmálum, áhugasöm um menntir, menningu og framfarir en um leið íhaldssöm og fastheldin á hefðir. Hún var höfðingjadjörf og jafnréttissinnuð sveitakona sem fylgdist grant með því sem var að gerast í þjóðmálum og tileinkaði sér margt af því sem nútíminn

hafði upp á að bjóða. Bókin veitir einstaka innsýn í lífsbaráttu, kjör og aðbúnað fátæks fólks í Reykjavík um það leyti sem Ísland var að verða fullvalda ríki. Vinnuharka, hús-næðisekla, vöruskömmtnun, dýrtíð, alvarleg veikindi og óhagstætt tíðarfar settu svip á hina daglegu lífsbaráttu en einnig má greina í texta Elku sterka samhljál, kröftuga stéttabaráttu og sókn í menntun og menningu.

330 bls.  
**Háskólaútgáfan**  
ISBN 978-9979-54-967-3  
Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja



### Einn plús einn

*Bréfaskipti Steinars Sigurjónssonar og Jóns Ýngva*  
Umsj.: Þorsteinn Antonsson

Ástríðufull bréfaskipti tveggja manna í leit að samtið sinni og sjálfum sér í sögu og ljóði. Neistaflug orða milli tveggja ólíkra manna frá árunum 1965–1980. Jón heimakær á leið inn í myrkur og óvit. Hinn kunnari Steinar á þeytingi um Evrópu til að gerast sem tíðast og mest þátttakandi í erli og óhöfslifnaði stórborga álfunnar. Sjálfslýsing hans í bréfunum er einstök meðal birtra heimilda um rithöfundinn Steinar Sigurjónsson. Líkt má segja um hlédrægni hins minna þekktu Jóns Ýngva. Hún talar sínu máli um rætur íslensks þjóðlífs sem enginn kannast við að hafa sáð fyrir.

Með bókinni koma bréfin nú í fyrst sinn fyrir sjónir almennings og fræðimanna. Þau hafa verið fæstum kunn til þessa. Umsjón útgáfunnar er í höndum Þorsteins Antonssonar sem ritar formála.

171 bls.  
**Skrúdda**  
ISBN 978-9979-655-94-7  
Leiðb.verð: 2.990 kr. Kilja



**Eivör**

Jens Guðmundsson

Íslendingar hafa tekið ást-fóstri við færeysku tónlistar-konuna Eivöru. Það er ofur eðlilegt. Hún er stórkostleg! Henni þykir líka mjög vænt um Ísland. Í bókinni er sagt frá mörgu því sem þig hefur langað til að vita – en ekki hefur verið sagt frá áður. Hvernig barn og unglingur var hún? Af hverju á hún fjölmennan frændgarð á Íslandi? Hvernig lýsa æskuvínir persónunni Eivöru. Af hverju hætti hún við að verða atvinnukona í knattspyrnu? – Fjöldi ljósmynda af Eivöru allt frá barnsaldri. Frásögnin er fjörleg eins og hún Eivör okkar sjálf. Bráðskemmtileg bók!

160 bls.

**Bókaútgáfan Æskan**

ISBN 978-9979-767-91-6

**Eldheitar leiðarvísir að leyndardómum kynlífs**

Ritsstj.: Cosmopolitan

Þýð.: Sigga Dögg

Bættu smá erótík í líf þitt með þessum efnismikla leiðarvísi frá ritstjórum tímaritsins Cosmopolitan. Bókin ljóstrar upp um hina margvíslegu leyndardóma kynlífsins og býður upp á fjölda ráða og djarfra hugmynda sem víkka sjónvildarhringinn og hámarka kynlífsupplifunina.

240 bls.

**Bókafélagið**

ISBN 978-9935-426-37-6

**Equality into Reality**

*Action for Diversity and Non-Discrimination in Iceland*

Ritstj.: Evelyn Ellis og Kristín

Benediktssdóttir

Í bókinni er fjallað um reglur Evrópusambandsins um bann við mismunun, einkum tilskipun 2000/43/EB um jafna meðferð án tillits til kynþáttar eða þjóðernis og tilskipun 2000/78/EB um jafna

meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi, og þá vernd sem íslensk löggjöf, sem bannar mismunun, veitir einstaklingum í ljósi framangreindra reglna Evrópusambandsins. 424 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-919-2

Leiðb.verð: 5.900 kr.

**Eru allir öðruvísi?***Fjölmenning og heimspæki*

Jóhann Björnsson og Björn


Jóhannsson

Bókin fjallar um ýmsa þætti fjölmenningsarsamfélagsins með heimspækilegum hætti. Hún samanstendur af sex köflum sem hver um sig hefur ákveðið þema. Bókin getur gagnast í kennslu með nemendum á ýmsum aldri, en hana má einnig nota sér til ánægju í góðra vina hópi þar sem áhugi er á að rökkræða og pæla saman. 60 bls.

**Sisyfos heimspækismiðja**

ISBN 978-9979-72-203-8

Leiðb.verð: 2.500 kr.

**Eyjafjallajökull on Fire**

Ari Trausti Guðmundsson

Myndir: Ragnar Th.


Sigurðsson

Þessi útgáfa er smækkuð gerð af metsölubókinni *Eyjafjallajökull* eftir þá félagi Ara Trausta og Ragnar Th. sem út kom rétt um það leyti sem eldgosinu lauk snemmsumars 2010.

96 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-51-3

**Eyjar og úteyjallíf**

*Úrval verka Árna Árnasonar*

*simritara frá Grund*

Árni Árnason

Ritn.: Erpur Hansen,

Kári Bjarnason,

Marínó Sigursteinsson og

Sigurgeir Jónsson


Í bókinni er að finna úrval þess sem Árni Árnason, símritari frá Grund í Vestmannaeyjum, skrifaði og safnaði saman á lífsleiðinni. Hvað fyrirferðarmest er það sem tengist áhugamáli hans, úteyjum og lífinu þar, fuglaveiðum, ásamt viðamikilli samantekt um bjargveiðimenn í Vestmannaeyjum. 450 bls.

**Sögufélag Vestmannaeyja**

ISBN 9789979722410

Leiðb.verð: 5.900 kr.





LEIÐSÖGN Í MÁLI OG MYNDUM

# FORSAGA LÍFSINS



*Heillandi yfirlit  
yfir milljóna ára sögu  
lífsins á jörðinni*



JPV ÚTGÁFA  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)




512 bls.  
í stóru  
broti



**BÆTTU  
ÞESSARI  
Í SAFNIÐ!**





### Ég get það

Louise L. Hay

Þýð.: Margrét Sólvaldóttir


Uppörvandi bók þar sem höfundur útskýrir hvernig hægt er að bæta heilsu, efnahag og ástalíf með því að hafa stjórn á hugsunum sínum og nota jákvæðar staðfestingar á markvissan hátt.

Hljóðbók fylgir.

84 bls.

Salka

ISBN 978-9935-418-74-6



### Ferða Atlas

Ritstj.: Örn Sigurðsson

Myndir: Jón Baldur Hlíðberg

*Ferða Atlasinn* er ómissandi ferðafélagi sem inniheldur 78 ný landkort í mælikvarða 1:200 000 og 47 þéttbýliskort auk upplýsinga um sundlaugar, tjaldsvæði, söfn og golfvelli. Meðal helstu nýjunga eru lýsingar og litmyndir af 104 náttúruperlum og sögustöðum. Þessar upplýsingar, ásamt einstökum teikningum Jóns Baldurs Hlíðberg af varpfluglum, plöntum og skeljum lands-

ins, gera ferðalagið um Ísland ógleymanlegt. Kort gerðu Hans H. Hansen og Ólafur Valsson.

208 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3315-9/3261-9

Óbundin með gormum/innbundin



Lærdómsrit

Bókmenntafélagsins

### Fjórða Makkabeabók

Þýð.: Rúnar Már Þorsteinsson

Efnistökin eru trúfræðileg en viðfangsefnið heimspekilegt. 180 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

ISBN 978-9979-66-297-6

Leiðb.verð: 3.490 kr.



### Frábær eftir fertugt

Jóna Ósk Pétursdóttir

Hér er fjallað um líkamlega og andlega heilsu kvenna

eftir fertugt; hormónabreytingar, félagsleg tabú, útlit, kynlífið og ótalmargt fleira. Tímabær og gagnleg bók um þetta merkilega æviskeið þroska og breytinga.

Salka

ISBN 978-9935-17-072-9



### Frábært hár

Íris Sveinsdóttir

Nú þarftu ekki að fara á hárgreiðslustofu til að fá nýja og spennandi greiðslu eða mikilvæg ráð um hvernig þú átt að sinna hárinu þínu. Allt þetta finnurðu hér í þessari ríkulega myndskreyttu bók! 101 bls.

Veröld

ISBN 978-9935-440-27-3



### Förðunarhandbókin

Pat Henshaw og Audrey

Hanna

Þýð.: Ásdís Guðnadóttir

Sérfræðileiðbeiningar hjálpa þér að auka sjálfsstraustið og líta vel út – á hverjum degi. Gefnar eru leiðbeiningar um val á réttu litunum, hvernig

nota á snyrtivörurnar, rétta hreinsun og umhirðu húðarinnar og gagnlegar ráðleggingar um förðun. Glæsileg bók sem auðvelt er að nota. 128 bls.

**Bókafélagið**

ISBN 978-9935-426-29-1 Kilja



### Getum við enn trúað Bibliunni?

Bryan Ball

Þýð.: Bogi Arnar Finnbogason  
Út frá samskiptum sínum í biblíufræðslu meðal unglinga tekst Bryan Ball á við þessar spurningar í anda 21. aldarinnar. Með viðkomu í rannsókn á mannkynssögunni, tungumálum, menningu, fornleifafræði, spádómum og heiminum eins og hann er í dag færir Getum við enn trúað Bibliunni? þér hin sterkustu rök til að takast á við þessar spurningar.

Bryan Ball er fyrrum háskólaprófessor, stjórnandi kirkjulegs starfs og rithöfundur. Eftir hann liggja bækur og greina um trúarleg efni. Hann er Englendingur en hann og kona hans Dawn hafa búið til margra ára í Ástralíu. 170 bls.

**Frækornið – bókaforlag aðventista**

ISBN 978-9979-8733-7-2

Leiðb.verð: 1.750 kr.





### Gísli B. Fimm áratugir í grafískri hönnun

Ritn.: Harpa Þórsdóttir og Edda V. Sigurðardóttir  
Myndrstj.: Ármann Agnarsson  
Gísli B. Björnsson er einn atkvæðamesti grafíski hönnuðurinn í íslenskri hönnunarsögu á 20. öld. Merki hans eru hluti af umhverfi okkar

og hann hefur hannað fjölda bóka og bókakápa svo dæmi séu tekin. Bókin er gefin út í tilefni yfirlitssýningar á Gísla. Goddur, Haraldur J. Hamar og fleiri rita texta og fjöldi mynda prýða bókina. 96 bls.

Hönnunarsafn Íslands  
ISBN 978-9979-9899-3-6



### Gjafabækur

Ástarljóð Davíðs Stefánssonar frá Fagvaskógi  
Gæfuspor  
Íslensk kvæði  
Íslensk orðsnilld

Forlagið hefur ýtt úr vör nýrri ritröð í einstaklega glæsilegum búningi. Þetta eru litríkar

og fallegar bækur sem innihalda orðlist og speki af ýmsu tagi. Komnir eru út fjórir titlar: *Ástarljóð Davíðs Stefánssonar*, *Silja Aðalsteinsdóttir* og *Guðmundur Andri Thorsson* völdu, *Gæfuspor* eftir Gunnar Hersvein, *Íslensk orðsnilld* valin af Ingibjörgu Haraldsdóttur og *Íslensk kvæði* sem Vigdís Finnbogadóttir valdi. 108/222/192/163 bls.

### Forlagið

ISBN 978-9979-53-564-5/-560-7/-563-8/-561-4



# Laufás við Eyjafjörð



Lýst er þekktum kirkjum í Laufási, skruða þeirra og áhöldum allt frá öndverðu. Verkið er eitt mikilvægasta framlag höfundarins til byggingarsögunnar og lýsir Laufásstað frá hámiðöldum fram á 20. öld og veitir þannig sýn á lifnaðarhætti, hugmyndaheim og listfengi Íslendinga fyrr á tímum, enda kirkjan samofin lífi og menningu þjóðarinnar frá upphafi.

Í fyrra bindi (útg. 2004) er fjallað um bæjarhúsin í Laufási frá öndverðu.



Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is





### Gleðigjafar


Frásagnir foreldra einstakra barna

Sigrún Ósk Kristjánsdóttir og Thelma Þorbergssdóttir

Hér deila foreldrar reynslu sinni af því að eiga börn sem eru sérstök á einhvern hátt, með alvarlega sjúkdóma eða fötlun. Hér er öllum þeim upplifunum og tilfinningum sem hafa gert vart við sig í lífi þeirra lýst á óvenju hispurslausan og einlægum hátt. Foreldrar sýna mikið hugrekki með frásögnum sínum sem láta engan ósnortinn. Bók sem þessa hefur sárlega vantað á Íslandi. 272 bls.

**Bókafélagið**

ISBN 978-9935-426-45-1



### Glettur og gamanmál

Vilhjálmur Hjálmarsson

Villi á Brekku fer hér á kostum líkt og oft áður og segir gamansögur af sér og öðrum eins og honum er einum lagið. Sagnameistarinn er svo sannarlega í essinu sínu og hrífur vafalítið aðra með. 108 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9935-435-15-6

Leiðb.verð: 3.980 kr.



### Gljúfrasteinn – hús skáldsins

Ritstj.: Símon Jón Jóhannsson

Gljúfrasteinn í Mosfellsdal var heimili Halldórs Laxness og Auðar Sveinsdóttur allt frá 1945 og þar er nú safn til minningar um feril skáldsins og líf og störf þeirra hjóna. Hér er sporum Halldórs fylgt frá vöggu til grafar og sagt frá ritverkum hans en einnig fjallað um Auði og heimilislífið á Gljúfrasteini. Fróðlegt

og greinargott yfirlitsrit, prýtt fjölda ljósmynda.


96 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2149-4

Óbundin



### Grímsey

– perla við heimskautsbaug

Myndir: Friðþjófur Helgason

Inng.: Valgarður Egilsson

Í þessari bók er að finna greinargóðan texta um Grímsey; sögu, náttúru og mannlíf. Ljósmyndir Friðþjófs birta skýra mynd af því kraftmikla fólk sem býr þar við ysta haf, af stórbrotinni náttúru og fjölskrúðugu fuglalífi.

Texti bókarinnar er bæði á íslensku og ensku.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-59-9 Kilja



### Grunnur að námi

Ársreikningar

Fjármálastærðfræði


Ómar Skapti Gíslason

Grunnur að námi er flokkur verka sem eru stuðningsverk við kennslu og kappkostar að kynna á einfaldan og skýran hátt undirstöðu atriðin í hverjum flokki, jafnframt eru sýndir útreikningar. Í þessum flokki eru: *Ársreikningar*, *fjármálastærðfræði* og *Tölfræði I*.

**Ritaskinna**

ISBN 978-9979-9943-98/-

9943-29



### Guðbergur

Um rit Guðbergs Bergssonar

Örn Ólafsson

Í þessari einstæðu bók fjallar dr. Örn Ólafsson, bókmenntafræðingur, um höfundarverk Guðbergs Bergssonar – skáldsögur, smásögur, bernskuminningar, ljóð og greinar, auk þýðinga. Í bókinni eru frábærar ljósmyndir af Guðbergi, sem ljósmyndarar Morgunblaðsins hafa tekið gegnum tíðina, auk litmynda af kápuforsíðum allra frumsamdra bóka hans. 320 bls.

**Ugla**

ISBN 978-9935-21-021-0



### Gunnar Magnússon Húsgögn og innréttingar

Ásdís Ólafsdóttir

Ritn.: Harpa Þórsdóttir og

Tinna Gunnarsdóttir



# Stórfenglegasti „stuðrantur“ Íslandssögunnar

**Loks er komin út saga íslenskrar dægurtónlistar í stórglæsilegri útgáfu. Bókin er prýdd aragrúa ljósmynda og stuðið gusast bókstaflega af blaðsíðunum.**

Hinn poppspaki Dr. Gunnar rekur söguna samviskusamlega allt frá 19. öld og fram til dagsins í dag, með viðkomu í bílskúrum, félagsheimilum, rútum, hljóðverum, umboðsskrifstofum og tónleikahöllum. Allt er undir í þessum fróðlega, geysiskemmtilega og hnausþykka „stuðranti.“

„Með þessu stórvirki hefur Gunnar Hjálmarsson ekki einasta reist sjálfum sér glæstan og gullfallega hannaðan bautastein, heldur jafnframt unnið frónskri taktlist ómælt gagn og gaman.“  
*Jakob Frímann Magnússon, tónlistarmaður og formaður FTT og STEF.*

„Sá virðingurvottur sem íslensk poppsaga á skilið. Til hamingju Ísland!“  
*Óli Palli, Rás 2.*

Ásdís Ólafsdóttir listfræðingur hefur rannsakað feril Gunnars Magnússonar húsgagna- og innanhússarkitekts og gerir hönnun hans ítarleg skil. Fjallað er um innréttingar Hótel Holts, einbýlishúsaínnréttingar og húsgögn Gunnars sem voru í framleiðslu hér og í Danmörku að ógleymsdu skákbörðinu frá Einvígi aldarinnar. Bókin er á íslensku og ensku og prýdd fjölda mynda. 136 bls.

**Hönnunarsafn Íslands**  
ISBN 978-9979-9899-2-9



### Handbók hrekkjalómsins

Logi Bergmann Eiddsson

Það er algjör misskilningur að innra með Loga Bergmann Eiddssyni búi settlegur fréttabúlar í snyrtilegum jakkafötum.

Nei, hans innra sjálf hefur alla tíð verið í meira lagi upp-tækjasamt og hrekkjótta en gengur og gerist. Með aldrinum hefur hann náð að temja órlítið í sér hrekkvísina, þroska hana og þróa, og hrekkir nú samborgara sína af fáheyrðri alúð og umhyggju í þeirra garð. Þeir kunna líka að meta það. Flestir.

Í þessari bók leiðir Logi lesendur í allan sannleika um hrekk, hvað má og hvað ekki, gefur góðar hugmyndir og segir sögur af þeim hrekkjum sínum sem hann er stoltastur af.

Ekki má svo gleyma játningum og frægðarsögum þekktara og minna þekktara hrekkjalóma sem sinna margvíslegum hlutverkum í daglega lífinu, allt frá því að stjórna lögreglunni til þess að stjórna landinu – og allt þar á milli. 216 bls.

**Sena**  
ISBN 978-9935-9104-1-7  
Leiðb.verð: 4.900 kr.



### Hárið

Theodóra Mjöll

Myndir: Saga Sig.

Glæsileg bók fyrir konur á öllum aldri. Aðgengilegar leiðbeiningar um fjölbreyttar hárgreiðslur sem henta við ýmis tækifæri. Einnig fróðleikur um umhirðu hársins. 178 bls.

**Salka**  
ISBN 978-9935-17-051-4



### Hetjur og hugarvöl

Gedðsjúkdómar og persónuleikaraskanir í Íslendingasögum

Óttar Guðmundsson

Óttar Guðmundsson læknir ræðst alltaf á garðinn þar sem hann er hæstur. Hér tekst hann á við hefðbundna sýn á Íslendingasögur og beitir fagþekkingu sinni á óvæntan hátt. Torfi Tulinius prófessor ritar eftirmála. Hvaða geðvandamál hrjáðu Gunnar,

Hallgerði, Skarphéðin og Njál – eða Egil? Hver er skoðun geðlæknisins á ástamálum Guðrúnar Ósvífursdóttur? „Þetta er hrikalega skemmtileg bók.“ – EH/*Kiljan*  
239 bls.

FORLAGIÐ  
**JPV útgáfa**  
ISBN 978-9935-11-266-8 Kilja




### Heyrnin

– fyrsta skilningarvitið

Konráð Konráðsson

Aðgengileg og afar fróðleg bók, jafnt fyrir fagfólk og almenning, um heyrn og heyrnardeyfu, heyrnarskaða og sögu heyrnarlækninga. Einnig er rætt um heyrnar-mælingar, hvað gerist þegar heyrnin minnkar og úrræði fyrir þá sem eru með heyrnarvanda. Höfundur bókarinnar er heyrnarlæknir í Svíþjóð. 184 bls.

FORLAGIÐ  
**Vaka-Helgafell**  
ISBN 978-9979-2-2178-4  
Óbundin



### Handan hafsins

Greinar

Helgi Guðmundsson

Í bókinni er að finna eftirfarandi greinar: Athugun um óðul. Codex Regius Eddukvæða. Egils saga og Jörvík. Illugi, Hilarius og Hólar. Ísfrón. Karlsár. Lingua Franca. Magnúss saga berfættis. Málsháttur í Egils sögu. Málsháttur í Magnúss sögu berfættis. Reiðarkúla. Ritun Færeyinga sögu. Skalla-Grímur allur. Sæmundur fróði. Tisma og tems. Um Karlamagnúss sögu. Um menningu á Íslandi. Vestrænt nafn. Vilhjálms saga sjóðs. Þorláks saga biskups. Þormóður Kolbrúnarskáld. 256 bls.

**Háskólaútgáfan**  
ISBN 978-9979-54-976-5  
Leiðb.verð: 4.900 kr.






### Hin mörgu andlit kristninnar

Þórhallur Heimisson

Hér er fjallað um kristna trú frá ýmsum sjónarhornum. Lýst er kirkjuárinu, sagt frá átökum trúarhópa og velt upp siðferðilegum álitamálum, t.d. varðandi umhverfi, jafnréttismál, samkynhneigð. Einnig veltir höfundur fyrir sér eilífðarmálum, dulrænni reynslu og ótalmörgu fleira. 334 bls.

Salka

ISBN 978-9935-17-057-6 Kilja



### Hvað viltu veröld?

Dr. Sigurbjörn Einarsson, biskup

Árin 2007 – 2009 birtust í Morgunblaðinu pistlar eftir Sigurbjörn Einarsson, biskup sem nefndust „Hvað viltu veröld?“ og „Leit og svör“. Í

pistlum þessum ræðir Sigurbjörn spurningar um tilgang lífsins og leitast við að veita svör kristinnar trúar við þeim spurningum. Pistlarnir vöktu mikla athygli. Hér birtast þeir á bók ásamt ýmsu öðru efni sem koma mun á á óvart. 224 bls.

Skálholtsútgáfan

ISBN 978-9935-456-03-8

Leiðb.verð: 3.490 kr. Kilja



### Hver er ég – og ef svo er, hve margir?

Richard David Precht

Þýð.: Arthúr Björgvin Bollason

Aldrei áður hafa hinar stóru heimspekilegu spurningar – með tilvísun til náttúruvísindalegrar þekkingar – verið lagðar fyrir lesendur á jafn skemmtilegan, yfirgripsmikinn og kunnáttusamlegan hátt: Hvað get ég vitað? Hvað ber mér að gera? Hvað leyfist mér að vona? Metsölubók í Þýskalandi í meira en 240 vikur og þýdd á 34 tungumál. 397 bls.

Ormstunga

ISBN 978-9979-63-115-6

Leiðb.verð: 4.490 kr.

# MAGMA

ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON RAGNAR TH. SIGURÐSSON



## Glæsileg gjöf til vina og samstarfsfólks erlendis!

**MAGMA** greinir frá íslenskum eldstöðvum og fjallar um öll eldgos á Íslandi frá Kötlugosinu 1918 til gossins í Vatnajökli 2011. Áhrifamiklar ljósmyndir eru af flestum þessara gosa og ítarlegur, aðgengilegur texti sem gerir bókina einkar fræðandi og áhugaverða.

**Ragnar Th. Sigurðsson** er aðalmyndhöfundur og myndritstjóri bókarinnar, en í henni er jafnframt að finna margar af sterkustu eldgosamyndum síðustu aldar, eftir fjölmarga myndhöfunda. Ragnar er víðkunnur af myndum sínum, hefur unnið til fjölda verðlauna og myndir hans birst í virtustu blöðum og tímaritum.

**Ari Trausti Guðmundsson** á að baki tugi bóka um jarðfræði, náttúrufræði, fjallamennsku og fleira, auk þess að vera afkastamikill skáld seinni ár.

**MAGMA** er 208 blaðsíður í stóru broti og er einungis gefin út með **enskum texta**.

 UPPHEIMAR



### Hver er í fjölskyldunni?

*Skilnaðir og stjúp tengsl*  
**Valgerður Halldórsdóttir**  
 Fjölskyldur eru margbreytilegar; stjúp fjölskyldur verða stöðugt algengari og ný tengsl myndast – og um leið fjölga atriðum sem geta valdið óvissu og togstreitu. Höfundur fjallar hér um málin frá ýmsum hliðum, rekur reynslusögur og bendir á leiðir til að takast á við vanda á uppbyggilegan hátt. Fróðleg og þörf bók um fjölskyldulíf og mannleg samskipti.

225 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2198-2

Óbundin



### Höfnin

*saga Hafnarfjarðarhafnar*  
**Björn Pétursson og Steinunn Þorsteinsdóttir**

*Höfnin* er saga af stórhug, uppbyggingu og krafti sem einkennir bæinn sem kenndur er við hana. Saga af fólki sem átti drauma um öflugt samfélag, byggt í kringum fjarðarbotn sem til varð úr hrauni. Sagan er samofin sögu bæjarins því hvorugt, höfnin né bærinn, getur án hins verið. Sagnfræðingarnir Björn Pétursson og Steinunn Þorsteinsdóttir byggja söguna upp á stuttum frásögnum, byggðum á sögum og heimildum sem teknar hafa verið saman í gegnum tíðina og raða brotunum saman í hundrað ára heild. Sagan er einnig sögð með fjölda ljósmynda sem sumar hverjar hafa ekki áður birst á prenti. Myndum sem Lárus Karl Ingason ljósmyndari hefur valið til sögunnar.

240 bls.

**Ljósmynd – útgáfa**

ISBN 978-9935-9015-2-1



### Icelandic Icons

**Illugi Jökulsson**

Lítill og handhæg bók þar sem farið er með stuttum líflegum texta og flottum myndum yfir ýmislegt það sem til tíðinda telst á Íslandi. Þarna er fjallað um dýr og náttúrufrýrbæri, menningu og einstaklinga, jólasveina og víkinga. Skemmtileg bók á ensku fyrir ferðamenn.

130 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-87-2 Kilja

heila mannsins fást með einum eða öðrum hætti við úrvinnslu sjónáreita.


Árni Kristjánsson, sálfræðingur og sérfræðingur í taugavísindum, fjallar í bókinni um hlutverk hugans í sjónskynjun. Fjölmörg atvagnsverð dæmi eru nefnd til vitnis um hvernig hugurinn ræður því hvernig við skynjum umheiminn.

266 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-924-6

Leiðb.verð: 6.400 kr. Kilja



### Í ljósi sannleikans, 1. bindi

**Adb-ru-shin**

**Þýð.: Jóhann Guðnason**

Gralsboðskapur Adb-ru-shin færir okkur heim sanninn um tilhögun og löggengi sköpunarverksins.

Á skýran, skiljanlegan hátt svarar ritið helstu spurningum lífs okkar: Hvaðan komum við? Hver erum við? Hvert höldum við? –

Fyrirlestrarir í þessari bók vekja okkur til meðvitundar um raunveruleg verðmæti

lífsins og vísa veginn til frelsunar og endurlausnar.

200 bls.

**Stiftung Gralsbotschaft**


ISBN 978-3-87860-424-2



Allt um  
 íslenska  
 knattspyrnu  
 2012  
 Ómissandi í safnið



Tindur




### Innra augað

*Sálfræði hugar, heila og skynjunar*

**Árni Kristjánsson**

Titillinn, *Innra augað*, vísar til þess að heilinn er stærsta skynfærið. Það að sjá felur í sér mun meira en að opna einungis augun. Rúm 50%



## *Hvaðan kem ég? Hver er ég? Hvert fer ég?*

Að lokinni þýðingu á fyrirlestrunum í fyrsta bindi ritverksins „Í ljósi sannleikans“ lögðum við tvær spurningar fyrir þýðandann – Jóhann Guðnason.

**Hvað hreif þig mest við þýðingu þessa verks?**

Í fyrsta lagi er það rökföst lýsing á því að til er í heiminum jafn máttugt og viðtækt löggengi og við þekkjum í tengslum við efnafræði, eðlisfræði eða segulhrif. Annað atriði sem ég hrífst sérstaklega af er að gjörðir okkar, aðgerðaleyfi og hugsanir skuli lúta þessu sama löggengi og meira að segja hafa áhrif á líf okkar eftir andlátíð. Það sem mér þykir líka heillandi er, að útskýringar ritverksins eru settar fram skref fyrir skref á rökréttan hátt.


Hverjum myndir þú sérstaklega ráðleggja að lesa þetta verk, nú þegar bókin er fánleg á viðráðanlegu verði í bókaverslunum?

Ég mæli með þessu verki við alla þá sem langar að kynna sér hvernig lífinu er háttað fyrir, nú og eftir núverandi líf okkar, því það er augljóslega um að ræða tilvist bæði fyrir fæðingu og eftir andlátíð. Sem venjulegur íbúi þessa lands, með þokkalega yfirsýn yfir það sem er á boðstólum í bókaverslunum, tel ég að fram að þessu hafi ekki verið til hér á landi sambærileg bók – án dulspeki.



Jóhann Guðnason





### Ísland í aldanna rás 2001-2010

*Saga lands og þjóðar ár frá ári*  
Björn Þór Sigbjörnsson og  
Bergsteinn Sigurðsson

Fyrsti áratugur 21. aldarinnar var ævintýralegt tímabil hér á landi svo ekki sé meira sagt. Nægir þar að nefna umfangsmikla sölu ríkisfyrirtækja, byggingu Kárahnjúka-virkjunar og heimkvæðingu bandaríska hersins en jafnframt bankahrúnið, Icesave og búsaðhaldabyltinguna. Hér er öllum helstu merkisviðburðum áratugarins gerð ítarleg skil en ýmsum veigaminni þáttum, sköndnum eða skelfilegum, jafnframt haldið til haga. Þá auka myndir, sem skipta hundruðum, gildi bókarinnar til muna. *Ísland í aldanna rás 2001-2010* geymir sögu sem mikilvægt er að muna og

skilja. Þetta er verk sem ungir jafnt sem aldnir munu sækja í aftur og aftur.  
488 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-315-3



### Íslensk knattspyrna 2012

Víðir Sigurðsson

Allt um íslenska knattspyrnu 2012. Ómissandi í safnið.  
256 bls.

Tindur

ISBN 9789979653882

Leiðb.verð: 6.490 kr.



### Íslensk samheitaorðabók

Ritstj.: Svavar Sigmundsson

*Íslensk samheitaorðabók* kom fyrst út árið 1985 en hefur nú verið endurskoðuð og færð í nýjan búning. Hún er ómetanlegt hjálpargagn hverjum þeim sem vill skrifa eða tala auðuga og blæbrigðaríka íslensku. Hér má fletta upp tugþúsundum orða og orðasambanda og finna önnur sömu eða svipaðrar merkingar sem hæfa mismunandi stíl og tilefnum.  
760 bls.

Forlagið

ISBN 978-9979-53-568-3



### Íslensk-ensk, ensk-íslensk vasaorðabók

Jón Skaptason, Christopher Sanders o.fl.

*Íslensk-ensk, ensk-íslensk vasaorðabók* er sérstaklega hugsuð fyrir námsmenn, bæði í efstu bekkjum grunnskóla og á framhaldsskólastigi, og þess gætt að nauðsynlegar málfræði- og notkunarupplýsingar fylgi hverju uppflettiorði. Bókin er efnismikil og í henni eru um 20.000 uppflettiorð í hvorum bókarhluta auk fjölda máldæma. Handhæg bók fyrir námsmenn og almenning.  
1037 bls.

Forlagið

ISBN 978-9979-53-567-6

Óbundin



## Óvenjuleg bók — og ógleymanleg!

„Þetta er mannþætandi texti.“  
~Ísak Hardarson

Tindur

www.tindur.is

www.facebook.com/litlatre



### Íslensku ættarveldin

Frá Oddaverjum til  
Engingja

Guðmundur Magnússon



Hér er skyggst inn í heim valdafjölskyldna fyrr og nú, varpað ljósi á lífshætti þeirra, innbyrðis átök og hjónabönd, og hvernig þær hafa borist á. Einstök bók sem kemur á óvart eftir höfund Thorsaranna!  
336 bls.  
**Veröld**  
ISBN 978-9935-440-33-4

skrifuð í léttum dúr af föður hans, Benedikt Axelssyni.  
176 bls.  
**Bókafélagið**  
ISBN 978-9935-426-43-7 Kilja



### Kirkjur Íslands 18. og 19. bindi

Ritstj.: Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason  
Hinum sjö friðuðu kirkjum í Reykjavíkúrprófastsdæmum er lýst í máli og myndum frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu. Gersemar íslenkrar þjóðmenningar.  
610 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**  
ISBN 978-9979-66-292-1  
Leiðb.verð: 5.490 kr.



### Kirkjur Íslands 20. bindi

Ritstj.: Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason  
Hinum ellefu friðuðu kirkjum í Austfjarðaprófastsdæmi er lýst í máli og myndum frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu. Gersemar íslenkrar þjóðmenningar.  
384 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**  
ISBN 978-9979-66-301-0  
Leiðb.verð: 3.990 kr.



Umhverfisrit  
Bókmenntafélagsins  
**Kolefnis-hringrásin**  
Sigurður Reynir Gíslason  
Ritstj.: Trausti Jónsson  
Mengandi koltvíoxíði úr jarðfundnum orkugjöfum, olíu og kolum má koma þangað aftur.  
305 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**  
ISBN 978-9979-66-303-4  
Leiðb.verð: 3.790 kr. Kilja



### Kannski verður þetta ævintýri

Benedikt Axelsson  
Kannski verður þetta ævintýri er saga Ágústs Þórs Benediktssonar tónlistarmanns sem ungur fékk krabbamein og hefur verið að fást við afleiðingar þess síðan. Sagan er



Dagbók í óskilum

Hvað gerir þjóðkunn leikkona þegar hún týnir dagbókinni, óprúttinn fyrrum fjölskyldumeðlimur finnur hana (dagbókina), fær hana í hendur á ófyrirleitnum útgefanda sem lætur prenta hana (bókina) í stóru upplagi?

**Tindur**

Dagbók í óskilum



SPENNA




KIDDI FER Í FRÍ



SPENNA

Tindur



### Konur eiga orðið allan ársins hring 2013

Ritstj.: Kristín Birgisdóttir  
Myndskr.: Myrra Leifsdóttir  
Sjötta árið í röð eiga konur á Íslandi orðið í dagatalsbók SÖLKU. Hnyttar tilvitnani frá 55 orðheppnum konum og skreytingar Myrru gera bókina ómissandi. 224 bls.

**Salka**  
ISBN 978-9935-17-054-5/9935-17-055-2 Kilja/innbundin



### Kristnar íhuganir

Dr. Sigurbjörn Einarsson, biskup  
Dr. Sigurbjörn Einarsson, biskup, er einn áhrifamesti kennimaður samtímans.

Hann var afkastamikill rithöfundur og prédikari. Eftir hann liggja bækur, ritsöfn og þýðingar, einnig sálmar og ljód.

**Skálholtsútgáfan**  
ISBN 978-9935-456-05-2  
Leiðb.verð: 1.990 kr.



### Laðaðu til þín það góða

**Sigríður Arnardóttir**  
Í þessari áhugaverðu og uppbyggilegu bók fjallar Sírý um fjölmarga þætti daglegs lífs, framkomu okkar hvert við annað og hvaða augum við lítum á tilveruna. Einnig er hér að finna upplýsandi reynslusögur, hagnýt verkefni og notadrjúg hollráð. 191 bls.

**Veröld**  
ISBN 978-9935-440-16-7 Kilja



### Laðaðu til þín það góða

**Sigríður Arnardóttir**  
Í þessari áhugaverðu og uppbyggilegu bók fjallar Sigríður Arnardóttir, Sírý, um fjölmarga þætti daglegs lífs, framkomu okkar hvert við annað og hvaða augum

við lítum tilveruna. Textinn er í senn lipur, lifandi og persónulegur og er hér meðal annars að finna upplýsandi reynslusögur, hagnýt verkefni og notadrjúg hollráð.

*Sigríður Arnardóttir les.*



**Skynjun**  
Dreifing: Sena  
ISBN 978-9935-18-034-6



### Landshagir 2012

**Hagstofa Íslands**  
Hversu vel þekkir þú íslenskt samfélag í raun? Árbók Hagstofu Íslands, *Landshagir*, kemur nú út í 22. sinn með nýjum hagtölum um flesta þætti íslensks samfélags. Bókin skiptist í 23 kafla og í henni eru yfir 300 tölur, 50 gröf og fjöldi skýringarmynda og ljósmynda. Bókin er bæði á íslensku og ensku og hentar vel til gjafa innanlands sem utan. *Landshagir* eru mikilvægt uppláttarrit fyrir alla sem vilja fá raunsæja og hlutlausu mynd af Íslandi og alþjóðlegum samanburði. 460 bls.

**Hagstofa Íslands**  
ISBN 978-9979-770-49-7  
Leiðb.verð: 3.500 kr.





Ný bók  
eftir höfund  
Thorsaranna!

# AUÐUR, VÖLD OG ÆTTIR!

Stórmerkileg bók eftir Guðmund Magnússon sagnfræðing sem afhjúpar innviði íslensks samfélags og gefur innsýn í heim sem flestum er framandi. Hvernig urðu íslensku ættarveldin til og hvernig fóru þau að því að tryggja að auður og völd héldust innan ættarinnar? Einstök bók sem kemur á óvart!



Staðir og kirkjur

### Laufás – kirkjur

Hörður Ágústsson


Ritstj.: Möður Árnason

Mikilvægt framlag til rannsóknna á byggingarsögu, lífnaðarhátum, hugmyndaheimi og listfengi fyrri alda. 252 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

ISBN 978-9979-66-293-8

Leiðb.verð: 5.490 kr.



### Leyndarmál englanna

Mārtha Louise prinsessa og Elisabeth Nordeng

Þýð.: Örn Þ. Þorvarðarson

Mārtha Louise prinsessa og Elisabeth Nordeng segja það ekkert leyndarmál að þær eigi samskipti við engla. Í bókinni *Leyndarmál englanna* segja þær frá reynslu sinni af þessari upplifun og fara með lesandann í ferð til alheims englanna. Höfundarnir vilja veita lesendum

bókarinnar möguleika til að finna nýjar hliðar líffins með hjálp æfinga, hugleiðslu og andlegra leiðbeininga, þannig að englarnir geti verið hluti hins daglega lífs þeirra. Meðal þess sem höfundarnir segja er:

„Þú munt sjá tækifæri þar sem aðrir sjá hörmungar, þú munt sjá ljós þar sem aðrir sjá myrkur og þú munt geta skapað kringumstæður sem eru til góðs fyrir þig og þá sem þú elskar.“

**Draumsýn ehf.**

ISBN 9789-935-444-14-1 Kilja



### Leyndarmál hundabjálfunar

Biblíja hundaeigandans

Heiðrún Villa

Leyndarmál hundabjálfunar – biblíja hundaeigandans er bók skrifuð af kostgæfni, reynslu og þekkingu með það að markmiði að hundum líði vel í okkar samfélagi og eigendur nái þeim árangri sem þeir sækjast eftir.


Höfundur bókarinnar, Heiðrún Villa, sem skrifaði Gerðu besta vininn betri, hefur löngum verið talin einn helsti hundaatferlisfræðingur landsins þegar kemur að hegðunarvandamálum og sýnir það í þessari bók að þetta er hennar helsta ástríða og áhugamál. Þetta er bók sem allir hundaeigendur verða að eignast. Hún er litprentuð og hin eigulegasta.

202 bls.

**Tindur**

ISBN 9789979653912

Leiðb.verð: 5.690 kr.



### Létta leiðin

Ásgeir Ólafsson

Létta leiðin er margreynt heilsubótarkerfi, nýstárleg og aðgengileg leið til að losna við aukakílóin. „Frábært kerfi sem virkar,“ segir Sirrý á Rás 2. 174 bls.

**Veröld**

ISBN 978-9935-440-25-9 Kilja



### Léttir

Atlaga að aukakílónum

Jónína Leósdóttir

*Léttir* er dagbók Jónínu Leósdóttur um bardaga við aukakílóin, þar sem hún segir frá aðferðunum sem hún beitir til að léttast, árangrinum sem hún nær og öllum fróðleikum (og firrunum) um

megrún og mataræði sem verða á vegi hennar á einu ári. Einlæg, hvetjandi, fróðleg og fyndin lesning fyrir alla sem spá í lífurnar og hafa áhuga á heilbrigðara lífi. 215 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2161-6 Kilja



### Liðnir Landeyingar

Þóroddur Tómasson

Í riti þessu fetar Þóroddur Tómasson safnvörður að Skógum slóðir liðinna Landeyinga sem skildu fátt eftir af þessa heims auði, nokkur gullituð blöð rituð af þreyttum mönnum á stopulum hvíldarstundum. En af blöðum þessum rísa myndir genginna kynslóða, saga harðrar lífsbaráttu og margra sorga er skráð og endurrituð af sagnameistar- anum með þeim tókum sem alþjóð þekkir. 40 bls.

**Sögusetur 1627 og Safnahús Vestmannaeyja**

ISBN 9789935910202

Leiðb.verð: 1.900 kr. Kilja



### Limrubókin

*Snjöllustu, fyndnustu  
og fjarðulegustu limrnar*

Samant.: Pétur Blöndal

Hér er safnað saman úrvals-  
limrum af fjölbreyttum toga.  
Sumar limrnar leika á hvers  
manns vörum, aðrar eru á  
fárra vitorði og enn aðrar eru  
frumbirtar hér. Í upphafi bók-  
arinnar er ágríp af uppruna

limrnar og rakið hvenær  
hún skaut rótum hér á landi.  
Frábærar teikningar Valtýs  
Péturssonar prýða bókina.  
260 bls.

**Almenna bókafélagið.**  
**(BF-útgáfa)**


ISBN 978-9935-426-38-3

### Litlu-Núpar í Aðaldal

*Þingeyskt fræðasafn I*

Ritstj.: Birna Lárusdóttir

Í ritinu er fjallað á aðgengi-  
legan hátt um niðurstöður  
fornleifarannsókna á Litlu-  
Núpum í Aðaldal. Þar hefur  
m.a. verið grafinn upp  
kumlategur með sjö kuml-  
um, þar af eitt bátkuml. Ritid  
er ætlað lærdum og leikum  
og er það ríkulega mynd-  
skreytt.



100 bls.

**Hið þingeyska fornleifafélag  
og Fornleifastofnun Íslands**

Dreifing: Fornleifastofnun  
Íslands

ISBN 978-9979-9946-1-9

Leiðb.verð: 2.000 kr. Kilja




### Lífsleikni – Listin að vera leikinn í lífinu

*Handbók í Lífsleikni*

María Jónasdóttir

Tilgangur þessarar hand-  
bókar í *Lífsleikni* er að taka  
saman og koma með hug-  
myndir um það hvernig hægt  
er að bæta lífið, einfalda það  
og sjá það jafnvel í nýju ljósi.



# Eivör!

Hlý og væn og góð -  
en líka fjörkálfur  
sem tekur upp á  
ýmsu óvæntu.

Sagt er frá ótalmörgu sem íslenskir aðdáendur hennar vissu ekki...  
Fjöldi mynda af tónlistarkonunni og náttúrubarninu Eivöru.

Við erum í raun öll nemendur hér á jörðinni – við erum öll að leggja okkur fram við að læra á lífið. Í bókinni eru settar fram fjölmargar leiðir til að verða hæfari, skilvirkari, betri og hamingjusamari manneskja og með því verða virkari þátttakandi í að skapa hamingjusamara samfélag, öllum til aukinnar velferðar!

Um er að ræða uppflettirit fyrir í raun alla, alla nemendur hér á jörð og leiðbeinendur nemenda, hvort sem það er innan menntastofnunar, í tótmundastarfi, félags-og/eða leiðbeinendastarfi, innan veggja heimilisins eða á öðrum vettvangi. Bókin kemur inn á fjölmörg svið og má þar nefna heimspeki, vísindi, menntun, trú, félagsfræði, sálfræði og bæði andlega og líkamlega velferð. Segja má að inntak bókarinnar sé velferð í margvíslegum skilningi þess orðs.

257 bls.

**Leturprent, www.allir.is**

ISBN 978-9935-9077-0-7 Kilja



### Lykilorð 2013

*Orð Guðs fyrir hvern dag*

Lykilorð hafa komið út árlega á íslensku síðan 2006. Í bókinni eru tvö biblíuvers fyrir hvern dag auk sálmafers eða fleygs orðs, sem bæn eða til frekari ihugunar. Lykilorð er bók fyrir þá sem vilja leita leiðsagnar Biblíunnar inn í líf sitt.

144 bls.

**Lífsmótun**

ISSN 1670-7141

Leiðb.verð: 1.290 kr. Kilja



### Magma

**Ari Trausti Guðmundsson**

**Myndir: Ragnar Th.**

**Sigurðsson**

*Magma* greinir frá íslenskum eldstöðvum og fjallar um öll eldgos á Íslandi frá Kötlogosinu 1918 til gossins í Vatnajökli 2011. Áhrifamiklar ljósmyndir eru af flestum þessara gosa og ítarlegur, aðgengilegur texti sem gerir bókina einkar fræðandi og áhugaverða. Bókin er einungis gefin út á ensku.

256 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-54-4



### Makalaust líf

*Um ást og sorg, úrvinnslu og uppbyggingu við makamissi*

**Anna Ingólfsdóttir, Guðfinna Eydal og Jóna Hrönn Bolladóttir**

Bolladóttir

Magnþrungin frásögn Önnu Ingólfsdóttur, sem mun ekki láta neinn ósnortinn. Anna missti eiginmann sinn 35 ára gömul. Guðfinna Eydal sálfræðingur fjallar um sorgina og leiðina til nýs lífs eftir makamissi, og Jóna Hrönn Bolladóttir sóknarprestur tekur áhrifamikil viðtöl við fjóra einstaklinga sem á ólíkum aldri misstu maka sinn. Hljóðdiskur með hugleiðslu og djúpslökun fylgir bókinni.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-448-04-0



### Manifesto hægri manns

**Óli Björn Káráson**

Óli Björn Káráson hefur lengi verið einn ötulasti talsmaður hægri manna á Íslandi. Hér hefur úrvali greina hans frá 2008 til 2012 verið safnað í heildstæða bók sem gefur góða innsýn í skoðanir og hugsjónir höfundar.

224 bls.

**Ugla**

ISBN 978-9935-21-023-4 Kilja



**Lærdómsrit**

**Bókmenntafélagsins**

**Manngerðir**

**Þeófrastos**

**Uppl.: Hjalti Rögnvaldsson**

Lýst er á gamansaman hátt á mælisverðum sérkennum í háttum manna.

■ 5 klst.

**HÍÐ íslenska bókmenntafélag**

ISBN 978-9979-66-302-7

Leiðb.verð: 3.490 kr.



### Mannleg samskipti

**Benni Sig. og menn fólksins**

**Benedikt Sigurðsson**

Eina leiðin út úr erfiðleikum er að takast á við þá. Svo segir Benni Vestfirðingur í bók sinni og margt fleira spaklegt. Einnig í rafbók.

96 bls.

**Vestfirski forlagið**

ISBN 978-9935-430-22-9

Leiðb.verð: 2.400 kr. Kilja

# SAGAN AF KLAUSTRINU Á SKRIÐU



Steinunn  
Kristjánsdóttir

„Textinn er líflegur og fræðandi í senn, enda greinilegt að skrifað er fyrir leikmenn ekki síður en fræðinga”

Árni Matthíasson, Morgunblaðið

„Heillandi rannsókn”

\*\*\*\*\*

Páll Baldvin Baldvinsson,  
Fréttatíminn





**Mensalder**  
5690,-

„Sögleg og myndin“ (SJS)  
Heimildaskildruga um  
lítekan bónda,  
ástrí hans og ævintýri



3490,-

10%  
af sólu-  
verði fyrir til  
Katthóts

★★★★ (Fréttablaðið)  
Bók fyrir börn  
og dýravini á öllum aldri.  
Styrkjum Katthóti!



5990,-

Tutlugu  
þúsund  
flóð

Art og reidi við Ólfiu  
Gullfálleg ljóða- og lista-  
verkabók Soffiu og Þorláks  
Fæst einnig árituð og  
tólnett í myndskríni Soffiu,  
grafíkverk fylgir

2490,-

ENGLAJÖL



Hugljúf jólasaga Guðrúnar  
Helgadóttur klædd í tónlist  
Elinar Gunnlaugsdóttur



Bókauitgáfan  
Sæmundur  
bokaka@id.sunnienska.is



### Máttur athyglinnar

Sjö skref að varanlegri velsæld

Guðni Gunnarsson

Ritstj.: Davíð A. Stefánsson

Guðni leiðir lesendur í sjö vikna verkefnavinnu sem umblyttr lífi þeirra sem henni fylgja.

Bókin er sjálfstætt framhald bókarinnar *Máttur viljans* sem kom út árið 2011 við góðar undirtektir.

210 bls.

Salka

ISBN 978-9935-17-025-5 Kilja



### Medicinal Plants of Iceland

Collection, preparation and uses

Ritstj.: Arnbjörg Linda Jóhannsdóttir

Þýð.: Keneva Kunz  
Í þessari handhægu bók er gerð grein fyrir lækningamætti íslenskra jurta. Fjallað er um einkenni jurta, hvar þær er að finna, virk efni og áhrif þeirra á mannslíkamann og gegn hvaða kvillum jurtafyll hafa reynst

best. Bókin kom fyrst út fyrir um 20 árum og var gefin út í aukinni og endurskoðaðri útgáfu í fyrra. Nú kemur hún út í enskri þýðingu. Höfundurinn hefur starfað við grasa- og nálastungulækningar hér á landi og erlendis um árabíl.


125 bls.

FORLAGIÐ

Mál og menning

ISBN 978-9979-3-3278-7

Óbundin í plastkáu



### Milli mála 2011

Ritstj.: Erla Erlendsdóttir og

Sigrún Ástriður Eiríksdóttir

Þessa heftisins er erlendar bókmenntir frá rísum sjónarhornum og rita sjö fræðimenn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur greinar í það. Sex af þessum sjö greinum fjalla um þemað en í þeirri sjöundu segir frá rannsókn á tungumálakennslu og aðlögun innflytjenda á Norðurlöndum.

226 bls.

Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-941-3

Leiðb.verð: 4.500 kr. Kilja



### Mótmælið öll!

Stéphane Hessel

Þýð.: Friðrik Rafnsson


Í þessari bók skorar Stéphane Hessel á lesendur sína að vera virkir borgarar og mótmæla hástöfum þegar þeim ofbýður óréttlæti heimsins. Hann rifjar hér upp þau gildi og réttindi sem vestræn samfélag hafa grundvallast á allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar og færir gild rök fyrir því að þau hafi alltof oft verið sniðgengin á fyrsta áratug 21. aldarinnar. Því hvetur hann fólk, ekki síst ungt fólk, til að efna til „fríðsamlegrar uppreisnar“ og gæta vel að þessum grunngildum.

48 bls.

Skrudda

ISBN 978-9979-655-92-3

Leiðb.verð: 1.290 kr. Kilja








### Mótun menningar – Shaping Culture

*Afmælissrit til heiðurs  
Gunnlaugi A. Jónssyni*  
Áhrif Gamla testamentisins á  
samfélag og menningu. Höf-  
undar eru m.a. helstu Biblíu-  
fræðingar heims.

Margir höfundar.  
400 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**  
ISBN 978-9979-66-300-3  
Leiðb.verð: 4.985 kr.



### Nám fyrir alla

Diane L. Ferguson o.fl.  
Þýð.: Ásta Björk Björnsdóttir  
Hér er fjallað um kennslu og  
mat í skóla margbreytileikans  
og hvernig hægt er að gera  
nám að gæðanámi fyrir alla  
nemendur. Bent er á leiðir að  
þessu marki og gefin dæmi.  
Þá eru birt eyðublöð sem  
kennarar geta nýtt sér til að  
kynnast nemendum sínum  
betur, auka samstarf við  
samkennara og fjölskyldur

nemenda, kenna í getu-  
blönduðum hópum, meta  
nám nemenda og veita þeim  
endurgjöf.

Bókin er samin af hópi  
kennara og sérkennara og  
er afrakstur 15 ára þróunar-  
starfs. Hugmyndum bókar-  
innar er ætlað að styrkja alla  
kennara í kennslu sinni og  
benda á nýjar leiðir í sam-  
starfi bekkjarkennara og sér-  
kennara.

122 bls.

**Háskólaútgáfan**  
ISBN 978-9979-54-940-6  
Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja



Umhverfisrit  
Bókmenntafélagsins  
**Náttúruauður**  
Brynhildur Davíðsdóttir

Ritstj.: Trausti Jónsson  
Hagrænt mikilvægi náttúru-  
auðs og þjónustu náttúrunnar.  
120 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**  
ISBN 978-9979-66-305-8  
Leiðb.verð: 3.790 kr. Kilja



### Náttúruvá á Íslandi


*Eldgos og jarðskjálftar*  
Ritstj.: Júlíus Sólmes,  
Freysteinn Sigmundsson og  
Bjarni Bessason

Náttúruvá á Íslandi er fræð-  
rit fyrir almenning þar sem  
helstu sérfræðingar landsins  
fjalla um eldgos og jarð-  
skjálfta. Bæði er greint frá eðli  
þessara náttúruyfyrirbæra og  
þeirri vá sem af þeim stafar.  
Sagt er frá nýjustu rann-  
sóknum í jarðvísindum og  
jarðskjálftafræði sem teng-  
jast Íslandi. Er bókin þannig  
einstakt yfirlit yfir þekkingu  
okkar á þessum þáttum ís-  
lenskrar náttúru.

Um sextíu höfundar hafa  
lagt til efni í bókina, og í  
henni eru nærri 1000 ljós-  
myndir, teikningar og skýr-  
ingamyndir.

Náttúruvá á Íslandi er án  
efa eitt ítarlegasta og efnis-  
mesta rit um eldvirkni og  
jarðskjálfta á Íslandi sem  
gefið hefur verið út.  
750 bls.

**Háskólaútgáfan**  
ISBN 978-9979-54-943-7  
Leiðb.verð: 19.900 kr.




### Návígí á Norðurslóðum

*Íshafsskipalestirnar og  
öfriðurinn 1942-1945*  
Magnús Þór Hafsteinnsson  
Hitler sagði norðurslóðir  
örlagasvæði seinni heims-  
styrjaldarinnar. Hann óttaðist  
innrás í Noreg m.a. frá Íslandi.  
Miklir skipalestaflutningar  
fóru um hafsvæðin við Ís-  
land. Þeim fylgdu hatrammar  
sjóorrustur við herskip og  
kafbáta auk árása á Noreg.  
Stærstu herskipum Þjóð-  
verja var að lokum eytt. Þjóð-  
verjar brenndu niður byggðir  
Norður-Noregs. Valdahlutföll  
á norðurslóðum gerbreytt-  
ust. Kalda stríðið hófst. Lega  
Íslands skipti höfuðmáli í  
þessum ofsafengnu átökum.  
Bókin er sjálfstætt framhald  
Dauðans í Dumbshafi (2011).  
Sú hlaut mjög góðar viðtökur  
lesenda og einróma lof gagn-  
rýnenda. Báðar varpa nýjum  
skilningi á sögu seinni heims-  
styrjaldar, – ómissandi öllu  
áhugafólki um sagnfræði,  
stjórnmál og æsispennandi  
viðburði.

**Bókaútgáfan Hólar**  
ISBN 978-9935-435-20-0  
Leiðb.verð: 7.480 kr.






### Njála – Persónur og leikendur

**Bjarni Eiríkur Sigurðsson**  
Myndskr.: Þórhildur Jónsdóttir  
Bjarni Eiríkur er manna fróð-astur um þessa listasmíð íslenskra bókmennta, og í þessari bók segir á aðgengilegan hátt frá sögunni sjálfri og persónum hennar. Hvað vakti fyrir Njáli og Gunnari, Hallgerði og Bergþóru? Því svarar Bjarni Eiríkur á sinn einstaka og kankvísa hátt. 152 bls.

**Sögur útgáfa**  
ISBN 978-9935-448-13-2 Kilja



### Nota Bene

*Latína á Íslandi*  
**Jón R. Hjálmarsson**  
Hér segir frá latneskum áhrifum á Íslandi og nefnd eru dæmi þar um svo sem í mannanöfnum, máli kirkju og skóla og ýmsu fleira. Þá eru í bókinni latneskar bæni, ljóð, sögur og sagnir og ýmiss konar fróðleikur auk latneskra orðtaka, spakmæla og algengra skammstafana. 60 bls.

**Suðurlandsútgáfan**  
ISBN 9789979916437  
Leiðb.verð: 2.490 kr.



### Off the beaten track in Iceland

**Jón G. Snæland**  
Ensk útgáfa bókarinnar  
*Óbyggðaleiðir á Íslandi*.  
192 bls.

**Skrudda**  
ISBN 978-9979-655-87-9  
Leiðb.verð: 4.490 kr. Kilja



### Óbyggðaleiðir á Íslandi

**Jón G. Snæland**  
Lítt þekktar og áhugaverðar ferðaleiðir um landið, einkum á hálendinu. Bókinni er skipt í nokkra kafla eftir landsvæðum. Sprengisandsleiðir fara með lesandann um spennandi leiðir sem liggja út frá Sprengisandi. Í Fjallabaksleiðum er farið um ýmsar leiðir norðan Mýrdalsjökuls og Jöklaleiðir fara með okkur um jökla landsins, einkum Langjökul og Vatnajökul. Alls eru lýsingar á rúmum 40 leiðum í bókinni. Kort fylgir hverri leið og í bókinni er aragrúf ljósmynda. Loks eru hagnýtar upplýsingar um hverja leið fremst í hverjum kafla. Í inngangi bókarinnar eru miklar almennar upplýsingar um ferðalög á hálendinu, hvað ber að varast og hvað er nauðsynlegt að hafa með í fartaskinu. 228 bls.

**Skrudda**  
ISBN 978-9979-655-83-1  
Leiðb.verð: 4.990 kr. Kilja



### Orð og tunga 14

**Ritstj.: Ásta Svavarsdóttir**  
Þema 14. heftis er: Net til að fanga orð. Greining og lýsing á merkingu og merkingarvenslum. Greinahöfundar eru Matthew Whelpton, Anna B. Nikulásdóttir og Jón Hilmar Jónsson. 101 bls.

**Háskólaútgáfan**  
ISSN 1022-4610  
Leiðb.verð: 3.000 kr. Kilja

## SLICE OF LIFE: A Self-Help Odyssey

A practical perspective for thriving  
within the trappings of the physical world.

**Rick Lindal, PhD**  
**Slice Of Life:  
A Self-Help Odyssey**

**Rick Lindal, PhD**  
Bók þessi er samþætting á meðferðarlegum og andlegum (og spírtístalegum) hugtökum, sem sameina klíniska (þ.e. heilbrigðisstofnana) reynslu og rannsóknir fjölda höfunda, sem hafa starfað á sviðum sálfræði, læknisfræði og eðlisfræði. Bókin er verkfærakista til hjálpar fólki allt frá aldrinum fjórtán til hundrað ára. Hún teiknar upp kraftmikla mynd af lífinu; séðu með augum ungs manns með fjörugt myndunarafli, mikið viljaprek og viðleitni til að hjálpa öðrum gegnum hlutverk sitt sem sálfræðingur.

Til sölu hjá Eymundsson, Amazon, Author House. **ISBN: 978-1-4685-2397-3**  
[www.self-helpodyssey.com](http://www.self-helpodyssey.com)  
 Blogg og greinar um bókina finnast á Facebook





### Óðsmál 2012

*Ævi hver til uppljómunar*

**Guðrún Kristín Magnúsdóttir**

Litla kjaffora völva fræðir um ýmislegt sem enginn hefur kennt okkur. Útskýrir orð Jesú og forfeðra okkar. Segir okkur hvers vegna við erum að fæðast og lifa. Þið verðið mjög mjög hissa á ýmsum fróðleik hér.

164 bls.

**Freyjukettir, Norræn menning**

Dreifing: Netverslun amazon, eða odsmal@mmedia.is  
ISBN 9789935409829 Kilja  
Aðeins prentkostnaður



### Peace and War: Niagara of Quotations

**Jon Thormodsson**

Veglegt verk í tveimur bindum, bók eða rafbók, ávöxtur 33 ára tólmundastarfs Jóns Ögmundar Þormóðssonar lögfræðings.

Ítarlegar upplýsingar um

bókina og sýnishorn úr henni eru á vefnum:

[Sites.Google.com/site/peaceandwarquotations](http://Sites.Google.com/site/peaceandwarquotations)

Á You Tube finnst kynningarmyndband, Peace and War Address (leitið undir „Peace and War: Niagara of Quotations“).

**Jón Ögmundur Þormóðsson**  
ISBN 978-1461157922/-  
1463554453

### Pétrísk-íslensk orðabók með alfræðivafi

**Pétur Þorsteinsson**

Séra Pétur er löngu orðinn landspekkur fyrir nýyrðasöfnun sína og – smíði þar sem mörg orð hafa öðlast aðra og jafnvel betri merkingu en áður. Hvað er arftaki? Eða ástmar? Hvað er



bardása? Og hvernig drykkur er bílstjórabjór?

Þessi bók kemur öllum í gott skap og dýpkar skilning okkar á íslensku máli. 86 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9935-435-13-2

Leiðb.verð: 2.280 kr. Kilja



## „AÐGENGILEG, FRÆÐANDI OG GLÆSILEG BÓK“

BRÓSI HÁRGREIÐSLUMEISTARI

Nú þarftu ekki að fara á hágreiðslustofu til að fá nýja og spennandi greiðslu eða mikilvæg ráð um hvernig þú átt að sinna hárinu þínu. Allt þetta finnurðu í þessari aðgengilegu og ríkulega myndskreyttu bók!

„Þessi bók er best geymda fegurðar-leyndarmálið mitt. ... Spennandi leyndarmál leynast á hverri síðu.“

TOBBA MARINÓS

VERÖLD



### Raddir barna

Ritstj.: Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir  
Í samningi Sameinuðu þjóðanna um rétt barnsins er lögð áhersla á að ung börn séu sjálfstæðir borgarar með viðhorf sem taka beri alvarlega. Þau hafi rétt á að láta í ljósi skoðanir sínar og séu hæf til að gefa upplýsingar um eigin reynslu og skoðanir. Skilningur á viðhorfum barna er því afar mikilvægur við stefnumörkun í menntamálum og þróun skólustarfs og er bókin framlag í þann brunn. Meginumfjöllunarefni bókarinnar er viðhorf ungra barna til ýmissa þátta í daglegu lífi þeirra og umhverfi og byggjast kaflar hennar á rannsóknum sem fram fóru í Reykjavík á nokkurra ára tímabili. Jafnframt eru kynntar fjölbreyttar aðferðir til að

nálgast hugarheim barna og viðhorf þeirra.  
203 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-973-4

Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja



### Reykholt

*Archaeological Investigations at a High Status Farm in Western Iceland*

Dr. Guðrún Sveinbjarnardóttir  
Bókin *Reykholt – Archaeological Investigations at a High Status Farm in Western Iceland* eftir dr. Guðrúnu Sveinbjarnardóttur er gefin út af Þjóðminjasafni Íslands og Snorrastofu í sameiningu. Bókin fjallar um fornleifarannsókn sem gerð var á bæjarstæðinu í Reykholti á árunum 1987–89 og 1997–2003.

Reykholt í Borgarfirði er meðal merkustu sögu- og minjastaða Íslands. Þar var líklega reist kirkja þegar á

11. öld og kirkjumiðstöð komið á stofn á 12. öld, og var staðurinn löngum auðugur að eignum og ítökum. Þekktasti ábúandi staðarins er sennilega Snorri Sturluson á þrettánda öld. Í bókina rita, auk aðalhöfundar/ritstjóra, 20 innlendir og erlendir sérfræðingar sem komu að rannsókninni á í Reykholti. Ríkulegar minjar um búsetu, byggingartegundir, kornrækt og verslun við útlönd sem fundust í Reykholti vitna um mikilvæga stöðu Reykholtis á miðöldum.  
368 bls.

#### Þjóðminjasafn Íslands

ISBN 978-9979-790-35-8

Leiðb.verð: 6.990 kr.



### Ripleys 2013

*Studandi staðreyndir*

Robert Ripley


Þýð.: Kolbeinn Proppé

Farðu í ótrúlega ferð í kringum hnöttinn, hittu dularfullar verur, stórskrýtið fólk og upplifðu fáránleika og furður tilverunnar. Þú munt ekki trúa ýmsu því sem þessi bók greinir frá, en vita skaltu að allt er það satt. Ótrúlegt en satt!

254 bls.

#### Sögur útgáfa

ISBN 978-9935-416-91-9



### Ritið 1/2012

*Menningarsaga*

Ritstj.: Sólveig Anna

Bóasdóttir og Þröstur

Helgason

Hér er m.a. rýnt í menningarsögu út frá ólíkum sjónarhornum hugvísinda. Í fyrstu greininni er komið inn á það viðkvæma þjóðernispolítíska samhengi sem þátttaka Íslands í bókasýningunni í Frankfurt var sett í með upphafningu fornsagnaarfsins og óbeislaðrar náttúrunnar og vísunum til velvildar þjóðverja gagnvart hvorutveggja. Ólafur Rastrick hugar einnig að sjálfsmynd þjóðarinnar en út frá öðru sjónarhorni. Í samanburði við evrópska menningarsögu virtist hin íslenska full af eyðum sem krafta var gerð um að fylla í kjölfar fullveldis þjóðarinnar 1918. Metnaður Íslendinga var að vera menningarþjóð á meðal menningarþjóða en




Tindur

„Þetta er frábær og gagnleg  
bók þar sem margir  
hafa lagt hönd á plóg  
og gefið okkur hinum  
innsýn í líf sitt og sorgir.“  
*Lára Björnsdóttir, félagsráðgjafi  
og syrgjandi*

„Afar hjálpleg bók.“  
*Guðrún Jónsdóttir, ekkja*

„Vel skrifuð, af næmni  
og innsæi. Æðisleg bók,  
takk fyrir mig.“  
*Mikael Torfason, rithöfundur*



## Mögnuð bók um sorg, úrvinnslu og uppbyggingu

**Í óumflýjanlegum og grímmum  
aðstæðum kemst manneskjan oft að  
því að hún býr yfir meiri styrk en hún  
taldi sig gera.**

Í þessari bók segir Anna Ingólfssdóttir á  
vægðarlausan hátt frá reynslu sinni af því  
að missa eiginmann sinn. Frásögn hennar  
er djúp og hispurslaus.

Jóna Hrónn Bolladóttir sóknarprestur  
skrifar einlæg viðtöl við fjóra einstaklinga  
sem deila persónulegri reynslu sinni af því  
að missa maka.

Guðfinna Eydal sálfræðingur skrifar um  
ástina, tengslin við makann, sorgar-  
viðbrögð og samkennd eftir áfall.


**Hljóðdiskur með hugleiðslu  
og djúpslökun fylgir bókinni.**

svo virtist sem lágrúrulegar afurðir erlendra alþýðumenningar hefðu afvegaleitt hana. Í þriðju þemagreininni leiðir Þröstur Helgason svo getum að því að þjóðernisleg íhaldssemi hafi verið ástæða þess að módernismi átti ekki upp á pallborðið á Íslandi fyrr en eftir lýðveldisstofnun árið 1944.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-966-6

Leiðb.verð: 3.290 kr. Kilja



### Saga

Tímarit Sögufélags.

L: 1 2012 og L: 2 2012

Ritstj.: Sigrún Pálsdóttir


Tímaritið *Saga* kemur út tvisvar á ári, vor og haust. Efni þess er fjölbreytt og tengist sögu og menningu landsins í víðum skilningi. Þar birtast m.a. greinar, viðtöl og umfjallanir um bækur, sýningar, heimildamyndir og kvikmyndir. Ómissandi öllum þeim sem áhuga hafa á sögu Íslands. Tekið er við nýjum áskrifendum hjá Sögufélagi; nánar á [www.sogufelag.is](http://www.sogufelag.is).

244 bls.

Sögufélag

ISSN 0256-8411

Kilja



### Sagan af klaustrinu á Skriðu

Steinunn Kristjánsdóttir

Í bókinni er rakin saga Skriðuklausturs. Sagt er frá leitinni að klaustrinu og óvæntum


niðurstöðum uppgrafarins en þar kom í ljós að Skriða var ekki aðeins aðsetur munka heldur einnig skjól hinna sjúku og dauðvona. Í verkinu eru yfir 150 ljósmyndir, kort og teikningar.

375 bls.

Sögufélag

ISBN 978-9979-9902-6-0

Leiðb.verð: 5.990 kr.



### Samskiptafærni

Samskipti, hópar og teymisvinna

Haukur Ingi Jónasson og Helgi Þór Ingason

Í *Samskiptafærni* er fjallað um það hvernig efla megi samskiptafærni lesenda, einkum þeirra sem hafa mannaforráð og vinna í verkefnahópum og teymum. Bókin er í senn kynning á nokkrum mikilvægum kenningum um hópa og handbók um hvernig má bæta samskiptin í samvinnu við aðra. Höfundar bókarnar eru forstöðumenn í meistaranámi í verkefnastjórnun (MPM) og ráðgjafar hjá Nordica ráðgjöf.

266 bls.

FORLAGIÐ

JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-215-6

Óbundin



### Sjálftæðisflokkurinn – Átök og uppgjör

Styrmir Gunnarsson

Hér er lesandanum boðið inn í bakherbergi stærsta stjórn málaflokks þjóðarinnar þar sem menn í innsta hring tókust harkalega á um mörg stærstu mál 20. aldar – fjárrí kastljósi fjölmiðlanna.

284 bls.

Veröld

ISBN 978-9935-440-37-2



### Ritið 2/2012

Kirkja í krísu

Ritstj.: Sólveig Anna

Bóasdóttir og Þröstur

Helgason

Vandi kirkjunnar er þema heftisins – krísan sem hún stendur frammi fyrir – í fortíð, nútíð og framtíð. Fjórir höfundar sem allir eru guðfræðingar fjalla um efnið frá ólíkum sjónarhornum og greina orsakir jafnt sem afleiðingar þeirra krísa sem um er fjallað. Sameiginlegt stef þemagreinanna er að krísa sé ekkert nýtt í kirkjulegu samhengi, allra síst í hinu evangelísk-lútherska kirkjudeildarsamhengi sem íslenska þjóðkirkjan tilheyrir.

226 bls.

Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-971-0

Leiðb.verð: 3.290 kr. Kilja



### Skagfirskar skemmtisögur 2

Meira fjör!

Björn Jóhann Björnsson

Skagfirskar skemmtisögur koma nú út öðru sinni. Fyrra bindi varð metsölubók og vel tekið víða um land, ekki eingöngu meðal Skagfirðinga. Hér koma 237 óborganlegar gamansögur til viðbótar af Skagfirðingum, gestum

# LOKSINS!

## ANGRY BIRDS BÓK!



VINSÆLASTI  
TÖLVULEIKUR  
SAMTÍMANS!

Hér hafa svínin spælt fuglana, yfirtekið eldhúsið þar sem allt er löðrandi í eggjum og bjóða upp á spennandi og girnilegar uppskriftir af öllu tagi!

Bókin er gefin út með stuðningi Félags eggjaframleiðenda.

## TOP GEAR BÓK!

Hvaða bíll er  
eins og stökkmús  
á sterum?



Ómissandi fyrir  
alla bílaáhugamenn,  
unga jafnt sem  
aldna!

100 geggjuðustu bílarnir að mati Top Gear-gengisins. Ótrúlegt samsafn bifreiða, allt frá sannkölluðum furðufyrirbærum til hraðskreiðustu sportbíla. Magnaðar staðreyndir í bland við hinn óborganlega húnor sem einkennir Top Gear!

þeirra og góðkunningjum. Við sögu koma m.a. Ólafur Ragnar Grímsson, Gísli Einarsson, Pétur Jóhann Sigfússon og móðir hans, Jón Ormar Ormsson, Hjörleifur á Gilsbakka, Magnús á Vöglum, Guttormur Óskarsson, Brynjar Pálsson, Óskar Pétursson, Friðrik á Svaðstöðum, Halli í Enni og margir fleiri.

#### Bókaútgáfan Hólar

ISBN 978-9935-435-21-7

Leiðb.verð: 2.980 kr.



#### Skil skólastiga

Frá leikskóla til grunnskóla og grunnskóla til framhaldsskóla

Gerður G. Óskarsdóttir  
Tengsl skólastiga, sveigjanleiki á skilum þeirra og samfella í námi hefur talsvert verið til umræðu hér á landi en mjög hefur skort á upp-


lýsingar um efnið. Úr því er bætt með þessari bók. Höfundur dregur upp ítarlega mynd af starfi á síðasta ári í leikskóla og 1. bekk í grunnskóla annars vegar og 10. bekk grunnskóla og fyrsta ári í framhaldsskóla hins vegar. Varpað er ljósi á mun og samfelli í umgjörð starfsins og starfsháttum og tengslin við næsta skólastig. Lýsingarnar byggjast á vettvangsathugunum í 30 skólum, spurningakönnunum og yfir 50 viðtölum við nemendur og kennara.

Höfundur færir rök fyrir því að starfshættir séu með mjög líku sniði í skólum á sama skólastigi og samfella milli skólastiga talsvert þó að rof hafi komið fram og þá stundum það sem höfundur nefnir afturhverft rof. Því sé breytinga og jafnvel mikilla umbóta þörf á vissum sviðum en tillögur í þá veru má finna í lokakafli bókarinnar ásamt hugmyndum að frekari rannsóknunum.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-975-8

Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja



#### Skipulagsfærni

Verkefni, vegvisar og viðmið

Helgi Þór Ingason og Haukur Ingi Jónasson

Skipulagsfærni er bæði hand-

bók og kennslubók fyrir þá sem vilja auka þekkingu sína á stjórnun og verkefnavinnu. Markmiðið með henni er að gera lesendur færari um að taka þátt í, skipuleggja og stjórna verkefnum. Höfundar bókarinnar eru forstöðumenn í meistaranámi í verkefnastjórnun (MPM) og ráðgjafar hjá Nordica ráðgjöf. 284 bls.

FORLAGIÐ

#### JPV útgáfa

ISBN 978-9935-11-214-9

Óbundin



#### Skírnir – Tímarit HÍB

vor & haust 2012, 184. árg.

Ritstj.: Halldór Guðmundsson og Páll Valsson

Fjölbreytt og vandað efni m.a. um íslenskar bókmenntir, náttúru, sögu og þjóðerni, heimsspeki, vísindi, myndlist og stjórnmal og önnur fræði í sögu og samtíð. *Skírnir* er eitt allra vandaðasta fræðatímarit Íslendinga. Nýir áskrifendur velkomnir!

555 bls.

#### Hið íslenska bókmenntafélag

ISSN 0256-8446 Kilja



#### Skírnir sem breyttu heiminum


#### Hanna Guðný Ottósdóttir

Þetta er skvísúbókin í ár. Hvaða skór henta vel á ströndinni? Af hverju heita loðnu stígvélin Ugg? Hvernig tengist lögreglumaður í London upphafi stríga-skónna? Hvaða skór hafa í gegnum tíðina verið tengdir við hippa og grænmetisætur? Hver er konungur pinna-hælanna? Hvernig á að velja hælinn? Af hverju ætti ekki að mæta skó fyrir en í lok dags?

#### Bókaútgáfan Hólar

ISBN 978-9935-435-18-7

Leiðb.verð: 4.780 kr.



#### Slice of Life: A Self-Help Odyssey

Ríkarður Línal, Ph.D

Bók þessi er samþætting á meðferðarlegum og andlegum hugtökum sem sameina klíniska reynslu og rannsóknir höfunda sem hafa starfað á sviðum sálfræði, læknisfræði og eðlisfræði. Hún sé verkefærakista til hjálpar fólki allt frá aldrinum fjórtán til hundráð ára. Sjá blogg/greinar um bókina á Facebook. Einingunni upplýsingar á [www.self-helpodyssey.com](http://www.self-helpodyssey.com)

Til sölu hjá Eymundsson og

Amazon.com

210 bls.

#### Ríkarður Línal

ISBN 978-1-4685-2397-3





# ÁRATUGUR ÖFGA



Ísland í aldanna rás 2001–2010 fjallar á líflegan hátt um atburði einhverra æsilegustu ára í sögu lands og þjóðar.

Rifjaðu upp áratug öfganna!




**JPV**  
JPV ÚTGÁFA  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)



Ótæmandi brunnur fróðleiks og skemmtunar sem öll fjölskyldan sækir í – aftur og aftur.

BÆTTU ÞESSARI GLÆSILEGU BÓK Í SAFNIÐ!

[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is) – alvöru bókaverslun á netinu



### Speki Konfúsíusar

Þýð.: Ragnar Baldursson

Glæsileg útgáfa í þýðingu Ragnars Baldurssonar úr kínversku af Speki Konfúsíusar, sem uppi var á sjöttu öld fyrir Kristburð. Hugmyndakerfi Konfúsíusar er bakgrunnur sem íbúar hins kínverska menningarsvæðis vísa ósjálfrátt til. Það leggur grunninn að því viðskiptasiðferði og viðskiptaháttum sem hafa gert kínverskum kaupmönnum kleift að ná undirtökum í efnahag Suðaustur-Asíu. Ekkert rit hefur haft jafn mikil áhrif, í svo langan tíma, á menningu og stjórnkerfi nokkurs ríkis.

Í orðum hins forna vitrings Konfúsíusar er að finna frábæra djúpskyggni og mikið mannvit og eiga þau enn fyllstu erindi við nútíamanninn.

268 bls.

**Ritskinna**

ISBN 9789979994312

Leiðb.verð: 2.699 kr. Kilja



### Stafræn ljósmyndun

– skref fyrir skref

Tom Ang

Þýð.: Helga Jónsdóttir

Einstaklega yfirgrípsmikill og aðgengilegur leiðarvísir um hvaðeina er lýtur að stafrænni ljósmyndun og nýtist öllum sem vilja ná betri tökum á ljósmyndun, hvort sem þeir eru að stíga fyrstu skrefin eða eru reyndir myndasmiðir. Höfundurinn er margverðlaunaður ljósmyndari, sjónvarpsþáttastjórnandi og metsöluhöfundur. Stórfróðlegt uppflettirit sem þú munt leita í aftur og aftur.

360 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2179-1



### Starfsmannaval

Ásta Bjarnadóttir

Gagnleg handbók sem allir stjórnendur þurfa að eiga. Hér er fjallað skipulega um helstu þætti starfsmanna-vals: starfsgreiningu, öflun umsækjenda, hefðbundnar og óhefðbundnar aðferðir við að meta umsækjendur, ákvarðanatöku og reynslutíma. Höfundur hefur stýrt starfsmanna- og mannaúsmálum og stundað kennslu og rannsóknir á sviði mannaúdsstjórnar um árabil.

216 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-239-2

Óbundin



### Stasiland

Sögur af fólki handan

Berlínarmúrinsins

Anna Funder

Þýð.: Elín Guðmundsdóttir

Mögnuð verðlaunabók um líf venjulegs fólks í mesta lögreglu- og eftirlitsríki allra tíma, Austur-Þýskalandi.

320 bls.

**Ugla**

ISBN 978-9935-21-007-4 Kilja



Nýr  
alþépassaqqhófundur

Skvaqalega spennandi



Índur



Nýr  
saqqahófundur



Vísindaskáldsaga

Índur



### Stína – listaverkabók

Jón Proppé

Í bókinni er að finna yfirlit yfir myndlist og feril Kristínar Guðjónsdóttur (1966–2007). Kristín var skúlptúristi og nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og California Collage of Arts and Crafts. Bókina prýða fjölmargar ljósmyndir af verkum hennar og sýningum, auk texta um

myndlist hennar og ævi, og frásagna samferðamanna hennar í Bandaríkjunum þar sem hún bjó og starfaði frá 1991.

128 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-34-6



### Stuð vors lands

*Saga dægurtónlistar á Íslandi*

Dr. Gunní

Hér er á ferð brautryðjendaverk. Dr. Gunní rekur sögu dægurtónlistar allt frá upphafi 19. aldar og fram á þennan dag. Textinn er léttur og skemmtilegur en um leið er þetta merkilegt yfirlit yfir mjög mikilvægan þátt menningar og samfélags. Bókin er prýdd gríðarlegum fjölda mynda, sem flestar hafa ekki birst áður og hafa mikið heimildagildi. Þá er bókin sjálf fallegur og frumlegur prentgripur.

444 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-55-1



### Summit

Ari Trausti Guðmundsson

*Summit* er vandaður leiðarvísir á ensku um gönguleiðir á 100 íslensk fjöll, ætlaður erlendum ferðamönnum. Ýmiss konar ráðleggingar og upplýsingar, kort, ljósmyndir og lýsingar gera þessa bók afar



## Kolefnishringrásin

Sigurður Reynir Gíslason

Hringrás kolefnis er rakin eins og hún er nú og hefur verið, allt aftur til árdaga jarðarinnar. Fjallað er um hvernig henni er háttað hérlendis. Greint er frá uppsöfnun koltvíoxíðs í andrúmslofti, áhrifum þess og mannsins á hringrásina og hvernig hægt er að bregðast við. Höfundur er formaður vísindaráðs CarbFix, alþjóðlegs vísindaverkefnis um bindingu kolefnis í bergi.



**Hið íslenska bókmenntafélag**

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: hib@islandia.is • Heimasíða: www.hib.is



gagnlega og fróðlega öllum þeim sem hyggjast ganga á íslensk fjöll.  
250 bls.

**Uppheimar**

ISBN 978-9935-432-19-3



**Svarta bókin**

*Ófreskjur og skelfingar  
fyrr og nú*

**Vera Illugadóttir og Helgi  
Hrafn Guðmundsson**

Maðurinn er alltaf að leita að ófreskjum. Í 24 stuttum og fjörlega skrifuðum frásögnum segja Helgi Hrafn og Vera frá morðhundum og mannætum, grimmdarseggjum og furðulegum ráðgátum. Þau halda úti veftímaritinu Lemúrnum og krydda frásagnirnar hér furðu miklum húmor og innsæi.  
180 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-83-4



**Söguþjóðin**

Jónas Kristjánsson

Hér er saga íslenskrar fornaldar endursögð eftir gömlu sögunum á einföldu og vönduðu nútíðarmáli. Skemmtileg og fróðleg bók. Dr. Jónas Kristjánsson var lengi forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi.  
335 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

ISBN 978-9979-66-304-1

Leiðb.verð: 4.600 kr.



**Söngvasafn**

**Samant.: Snorri Sigfús  
Birgisson, Þorgerður  
Ingólfsdóttir og Ingólfur  
Guðbrandsson**

*Söngvasafn* er aukin og endurskoðuð útgáfa *Nýs söngvasafns handa skólum og heimilum*. Fjöldi nýlegra laga, auk þjóðalaga hafa bæst við í þessa glæsilegu útgáfu sem

helguð er minningu Ingólfs Guðbrandssonar.  
240 bls.

**Námshagstofnun**

ISBN 978-9979-0-1618-2



**The Legendary Sagas**

**Ritstj.: Ármann Jakobsson o.fl.**

Í þessu greinasafni birtast 20 fræðigreinar um fornaldarsögur Norðurlanda, íslenskar miðaldasögur um forsögu Norðurlanda. Þær voru í sinni núverandi mynd ritaðar á 13., 14. og 15. öld en sumar eru grundvallaðar á eldra efni þó að einnig megi greina í þeim áhrif frá evrópskum bókmenntum þess samtíma. Í þessari bók er einkum tekið á við uppruna og þróun fornaldarsagna Norðurlanda, frá heiðinni tíð til 20. aldar. Höfundar eru sérfræðingar í miðaldabókmenntum frá 10 löndum.  
455 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-968-0

Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja



**The Little Book of  
the Icelanders**

Alda Sigmundsdóttir

Þessi sniðuga bók geymir stutta kafla um háttalag og sérkenni Íslendinga, óskrifðar reglur og hefðir sem hafa skapast í kringum ýmis tilefni. Reynt er að útskýra næturlífíð í Reykjavík, af hverju smábörn sofa úti í vagni í öllum veðrum, óstundvísi Íslendinga og starfsheiti í símaskránni, svo fátt sé nefnt. Höfundurinn ólst að mestu leyti upp erlendis og sér því land og þjóð með „gests augum“.  
Á ensku.  
102 bls.

FORLAGIÐ

**Vaka-Helgafell**

ISBN 978-9979-2-2181-4



HVAÐ GERÐIST  
Á BAK VIÐ TJÖLDIN?




Nýjar  
upplýsingar  
úr innsta  
hring!

# SPILIN Á BORDIÐ!



Hér býður Styrmir Gunnarsson lesendum inn í bakherbergi stærsta stjórnmalaflokks íslensku þjóðarinnar þar sem tekist var harkalega á – fjarri kastljósi fjölmiðla – um ráðherrastóla, formennsku, embætti seðlabankastjóra, hvort sprengja ætti ríkisstjórn, svo fátt eitt sé nefnt. Ómissandi fyrir alla áhugamenn um sögu og samtíð!



Lærðómsrit  
Bókmenntafélagsins  
**Til hins kristna aðals**  
Marteinn Lúther  
Þýð.: Vilborg Auður  
Ísleifsdóttir  
Pólitískasta rit Lúthers, engu er eirt, orðfærið laust við hik og kurteisi.  
190 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**  
ISBN 978-9979-66-298-3  
Leiðb.verð: 3.490 kr.




Lærðómsrit  
Bókmenntafélagsins  
**Tilviljun og nauðsyn**  
Jacques Monod  
Þýð.: Guðmundur Eggertsson  
Hugmyndir nútímavísinda um orsakakeðjur, afritun hins lífræna efnis og stökkbreytingar.

284 bls.  
**Hið íslenska bókmenntafélag**  
ISBN 978-9979-66-299-0  
Leiðb.verð: 3.490 kr.



**Top Gear**  
100 geggjúðustu bílarnir  
Þýð.: Finnur Orri Thorlacius  
Ótrúlegt samsafn bifreiða, allt frá sannkölluðum furðufyrirbærum til hraðskreiðustu sportbíla. Magnaðar staðreyndir í bland við hinn óborganlega húmor sem einkennir Top Gear.  
207 bls.

**Verið**  
ISBN 978-9935-440-21-1



**Töfraðu fram lífið**  
Viskubók  
Sigríður Klingenberg  
Hér deilir höfundur visku sinni og kennir lesendum að tileinka sér jákvæðni með réttum og uppbyggilegum hugsunum. Í bókinni er fjöldi dásamlegra heilræðna og gullkorna sem með boðskap sínum næra andlegu hliðina og hvetja til jákvæðra verka og hugarfars. Sigga Kling fjallar um ástina, tilfinningarnar, draumana og hin ýmsu viðfangsefni lífsins af einstakri næmni og húmor. Hér er bók fyrir alla þá sem vilja auðga líf sitt og töfra fram það besta í lífinu.  
176 bls.  
**Bókafélagið**  
ISBN 978-9935-426-41-3



Grunnur að námi  
**Tölfræði I**  
Ritstj.: Ómar Skapti Gíslason  
Verk þetta er stuðningsverk í tölfræði I. Verkið útskýrir og sýnir á einfaldan hátt eins og t.d. Helstu stærðir sem notaðar eru til að lýsa gögnum, dreifing gagna og staðsetning gagna. Kappkostað er að sýna jafnframt útreikninga.  
Í sama flokki eru:  
*Ársreikningar og Fjármála-stærðfræði.*  
6 bls.

**Ritskinna**  
ISBN 9789979994329  
Leiðb.verð: 750 kr.



# KIRKJUR ÍSLANDS

Gersemar íslenskrar þjóðmenningar



„...verkið er mikilvægur og ómissandi þáttur íslenskrar menningarsögu“.

„Hér er einfaldlega um rannsóknarverk að ræða af hæstu gæðum, unnið samkvæmt hæstu kröfum“.

\*\*\*\*\*

Páll Baldvin Baldvinsson,  
Fréttatíminn 10. ág. 2012.

Í 20 binda glæsilegri ritröð um **KIRKJUR ÍSLANDS** er friðuðum kirkjum lýst með hiðsjón af byggingarlist, stílfræði og þjóðminjavörslu. Umfjöllun vafin glæsilegu myndefni er saga listar og fólksins sem skóp hana af trú, tákmynd þess merkasta í byggingar- og listasögu þjóðarinnar á hverjum tíma, eins og alþekkt er úr menningar- og listasögu annarra Evrópuþjóða.

Í 18. og 19. bindi er lýst sjö friðuðum kirkjum í **Reykjavíkurborg** - **Reykjavíkurborg**, **Dómkirkjunni**, **Frikirkjunni**, **Kristskirkju í Landakoti**, **Viðeyjarkirkju**, **torfirkjunni í Arbeiðarsafni**, **Laugarneskirkju** og **Neskirkju**.

Í 20. bindi er lýst ellefu kirkjum í **Austfjarðaprófastsdæmi**, **Berufjarðarkirkju**, **Beruneskirkju**, **Brekukirkju**, **Djúpavogskirkju**, **Eskifjarðarkirkju**, **Fáskrúðsfjarðarkirkju**, **Hofskirkju**, **Kolfreyjustaðarkirkju**, **Norðfjarðarkirkju**, **Papejarkirkju** og **Reyðarfjarðarkirkju**.

Áður eru komin út samsvarandi rit um kirkjurnar í **Arnesprófastsdæmi**, **Skagafjarðar-**, **Húnavatns-**, **Eyjaafjarðar-**, **Kjalarness-**, **Borgarfjarðar-**, **Snæfellsness-** og **Dala-** og **Rangárvallaprófastsdæmi**. Þau eru öll fáanleg.

Ritstjórar eru Þorsteinn Gunnarsson og Jón Torfason.

Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd, Biskupsstofa

Hið íslenska bókmenntafélag



### Um húanisma

Richard Norman

Þýð.: Reynir Harðarson

Öflug og tímabær varnar-  
ræða fyrir húanisma. Hvað  
er húanismi og hvers vegna  
skiptir hann máli? Ástríðu-  
þrungin tilmæli um að við  
snúum okkur að okkur sjálf-  
um en ekki trúarbrögðunum.  
207 bls.

**Ormstunga**

ISBN 978-9979-63-113-2

Leiðb.verð: 2.990 kr. Kilja



### Ung á öllum aldri

Guðrún Bergmann

*Ung á öllum aldri* veitir þér  
innsýn í hvað þú getur gert  
til að auka eigin lífsgæði  
með réttri næringu, góðri  
hreyfingu og vítamínum  
og bætiefnum sem styðja  
og styrkja hin ýmsu kerfi  
líkamans. Hvernig njóta má  
ánægjulegra kynlífs, taka á  
streitunni í eigin lífi, vinna  
með fyrirgefninguna og nýta

ótal aðrar sjálfshjálparleiðir til  
að eiga innihaldsríkara líf.  
224 bls.

**Grænir Hælur ehf.**

Dreifing: Heilsa ehf.

ISBN 978-9935-9098-0-0

Leiðb.verð: 4.990 kr. Kilja



### Upp með fánann

*Baráttan um uppcastið  
1908 og sjálfstæðisbaráttu  
Íslendinga*

Gunnar Þór Bjarnason

Stóra kosningamálið árið  
1908 var „uppcastið“ svo-  
nefnda, en ýmsir óttuðust að  
með því yrði Ísland innlimað í  
Danmörku fyrir fullt og allt og  
útlendingum greidd leið til  
yfirræða yfir auðlindum þjóð-  
arinnar. Nákvæm og vönduð  
athugun byggð á íslenskum  
og dönskum gögnum, m.a.  
dagbókum forsætisráðherra  
Danmerkur, sem bregða nýju  
og óvæntu ljósi á mikilvægan  
þátt í sjálfstæðisbaráttu þjóð-  
arinnar.

343 bls.

FORLAGIÐ

**Mál og menning**

ISBN 978-9979-3-3324-1



### Upphafið

*Forsaga lífsins*

Ýmsir höfundar

Þýð.: Karl Emil Gunnarsson

Heillandi yfirlit yfir milljóna  
ára sögu lífsins á jörðinni.  
Fjölmargar furðuskepnur  
spretta ljóslifandi fram auk  
þess sem getur að líta sér-  
kennilegar beinagrindur og  
margslungna steingervinga.  
Efnið er byggt á rannsóknum  
fremstu vísindamanna heims  
og nýjustu tækni, m.a. við  
tölvuteikningar, beitt til að  
koma því á framfæri. Allt  
leggst á eitt við að ljúka upp  
heimi hundruða útdauðra  
tegunda, allt frá elstu og  
frumstæðustu lífverum til  
hinna miklu risaeðla, fornra  
spendýra og jafnvel fyrstu  
mannanna.

512 bls.

FORLAGIÐ

**JPV útgáfa**

ISBN 978-9935-11-265-1



### Úr hugarheimi

*Í gamni og alvöru*

Bjarni E. Guðleifsson

Hér má finna hugleiðingar  
um allt milli himins og  
jarðar, s.s. tímann, frelsið,  
erfðir, meðalmennskuna,  
fegurð, erfðir, menningu og  
girðingar; sumar alvarlegar,  
en aðrar kímilegar eins og  
vænta má af hálfu Bjarna á  
Möðruvöllum.

192 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

ISBN 978-9935-435-14-9

Leiðb.verð: 3.890 kr.



### Útkall

*Sonar þinn er á lífi*

Ottar Sveinsson

Snjóflóðin í Neskaupstað  
1974 eru einn sögulegasti  
atburður síðustu aldar. Hér  
segja íbúarnir frá því hvað  
raunverulega gerðist í magn-  
þrunginni atburðarás um  
jólaleytið. Piltur lokast inni í  
þröngu svartholi í 20 klukku-  
stundir og veit ekki hvar hann  
er. Hann er talinn af. Vörubí-  
stjóri berst langt út í sjó með  
flóðinu og fær hjartaáfall á  
hafsbotni. Maður, sem missir  
eiginkonu og tvö börn, lýsir  
ástandinu og hjúkrunarkona  
greinir frá ótrúlegum atburð-  
um á sjúkrahúsinu. Starfs-  
maður Frystishússins, sem  
var nær dauða en lífi, segir  
frá sinni til himnaríkis.  
224 bls.


**Útkall ehf.**

ISBN 978-9979-9957-9-1

Leiðb.verð: 5.990 kr.



# Þrjú ný öndvegisrit og ein sígild hljóðbók



## Til hins kristna aðals *Marteinn Lúther*

Eitt pólitískasta rit Lúthers. Árið er 1520 og reiði hans yfir harðstjórn og græðgi páfa og kardínála brýst út af mikilli mælsku í þessu klassíska riti. Engu er eirt, orðfærið laust við hik og kurteisi enda tilefni ærin. Dr. Vilborg Auður Ísleifsdóttir þýddi og ritar inngang.



## Fjórða Makkabeabók

Í riti þessu, sem er frá fyrstu öld e.Kr., sameinast grísk heimspeki og gyðinglegur átrúnaður í trúfræðilegri og heimspekilegri viðureign við hina torleystu gátu um tengsl skynsemi og tilfinninga. Þessi 2000 ára gamla rökræða á því fullt erindi við okkur í dag. Rúnar M. Þorsteinsson þýddi og ritar inngang.



## Tilviljun og nauðsyn *Ritgerð um náttúrulega heimspeki nútímalíffræði Jacques Monod*

Lífið er bæði fjölbreytt og einsleitt. Innan tegunda eru einstaklingar furðu líkir, en tegundirnar sjálfar nær óendanlega margvíslegar. Í bók þessari er lýst hugmyndum nútímavísinda um orsakakeðjur, afritun hins lífræna efnis og stökkbreytingar. Monod glímur við hinstu rök, verufræðileg, siðferðileg og pólitísk, og eykur þannig skilning á undirstöðum líffræðinnar og vekur umhugsun um tengsl vísinda við grunnþætti veruleikans. Guðmundur Eggertsson prófessor þýddi og ritar ítarlegan inngang.



## Manngerðir – hljóðbók

*Þeófrastos*  
*Lesari: Hjalti Rögnvaldsson*

Manngerðir lýsa á gamansaman hátt þrjátíu ámalisverðum sérkennum í háttum manna og rakin eru dæmi af hegðun þeirra í hversdagslegum aðstæðum; t.d. er hér lýst nískupúkanum, ólíkindatólinu, smjadraranum, smásálinni, dindilmenninu, hrokagikknum og fruntanum. Ýmislegt í fari persónanna reynist kunnuglegt!



Hið íslenska bókmenntafélag

Skeifunni 3b • Sími 588 9060 • Netfang: [hib@islandia.is](mailto:hib@islandia.is) • Heimasíða: [www.hib.is](http://www.hib.is)





### Veftímarit 2011 I og II Stofnum stjórnsýslufræða- og stjórn mála

Ritstj.: Ásta Möller o.fl.

Safn greina sem birtust í veftímariti Stofnunar stjórnsýslufræða- og stjórn mála á síðastliðnu ári. 750 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-938-3  
Leiðb.verð: 4.900 kr. Kilja



### Við góða heilsu?


Konur og heilbrigði  
í nútímasamfélagi

Ritstj.: Helga Gottfreðsdóttir  
og Herdís Sveinsdóttir

Bókin hefur að geyma fimmtán kafla eftir íslenskar og erlendar fræðikonur um heilsufar kvenna. Bókin er innlegg í fræðilega og samfélagslega umræðu um ýmis málefni tengd heilsu og samfélagsstöðu kvenna sem hafa verið ofarlega á baugi í samtímanum. Megináhersla er lögð á að sýna hvernig líf-eðlisfræðilegir og félags- og menningarlegir þættir móta viðhorf okkar og hafa áhrif á heilsufar og sjúkdómsmeðferð kvenna. 286 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-972-7  
Leiðb.verð: 5.900 kr. Kilja



### Við stöndum á tímamótum

Magnús Orri Schram

Magnús Orri Schram alþingismaður lýsir í þessari áhuga-verðu bók hvernig hægt er að efla atvinnulífið og tryggja að hér á landi verði lífskjör sambærileg við það sem best gerist í nágrannalöndunum. 137 bls.

#### Veröld


ISBN 978-9935-440-32-7 Kilja

### Viking Settlements & Viking Society

Ritstj.: Svavar Sigmundsson

Bókin er byggð á fyrirlestrum fræðimanna á ýmsum sviðum sem haldnir voru í Reykjavík og Reykholti 2009.

Í ritinu er 31 ritrýnd grein. Ritið er þverfaglegt og nær yfir vítt svið vísinda. Fortíð



og nútíð eru tengd saman í samræðu um hlutverk víkingafræða sem námsefni og hvernig þau auka á skilning okkar á umhverfismálefnum líðandi stundar. 511 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-923-9  
Leiðb.verð: 5.900 kr. Kilja




### Vínlandsgabók

Kristján Eldjárn

Sumarið 1962 hélt dr. Kristján Eldjárn dagbók um „Vínlandsför“ sína, leiðangur sem hann fór ásamt fleirum til Nýfundnaland til að leita minja um dvöl norrænna manna til forna en þar stóð þá yfir fornleifauppgróftur sem vakti athygli víða um heim. Hér birtist einstök ferðasaga Kristjáns í fyrsta sinn, ásamt fjölda ljósmynda úr leiðangrinum, kortum og öðru myndefni. Þórarinn Eldjárn skrifar inngangsorð og Adolf Friðriksson ítarlegan eftirmála. 160 bls.

#### Forlagið

ISBN 978-9979-53-577-5




### Dagbók í óskilum

Hvað gerir þjóðkunn leikona þegar hún týnir dagbókinni, óprúttinn fyrrum fjölskyldumeðlimur finnur hana (dagbókina), fær hana í hendur á ófyrirleitnum útgefanda sem lætur prenta hana (bókina) í stóru upplagi?

7indur





### Yfir saltan mar

Þýðingar á ljóðum eftir Jørgen Luit Borges

Ritstj.: Hólmfríður Garðarsdóttir og Sigrún Ástríður Eiríksdóttir

Safn þýðinga á ljóðum argentinnska skáldsins Borgesar sem birst hafa í íslenskum blöðum og tímaritum í árána rás. Hér er á ferðinni tvímála útgáfa þar sem frumtexti birtist við hlið þýðingarinnar. Í bókinni er að finna ítarlegan inngang um ævi og yrkisefni Borgesar, áður óbirta smásögu í þýðingu Matthíasar Johannessen, og leiðbeiningar um ljóðagreiningu.

160 bls.

#### Háskólaútgáfan

ISBN 978-9979-54-896-6

Leiðb.verð: 3.900 kr. Kilja



### Þekktu þitt magamál

Þjálfun svengdarvitundar

– Að hlusta á líkamann og

vinnu bug á ofáti, átröskun og óheilbrigðum matar

Linda W. Craighead

Þýð.: Helma Rut Einarsdóttir og Lára Björgvinsdóttir

Bók þessi er einkum ætluð þeim sem þurfa að léttast. Aðferðin sem kennd er í bókinni byggir ekki á megrunarkúrum heldur á því að læra að hlusta á líkamann, þekkja muninn á svengd og löngun í mat, læra að stjórna stærð máltíða og hætta að borða hóflega saddur.

245 bls.

#### Skrudda

ISBN 978-9979-655-86-2

Leiðb.verð: 4.490 kr. Kilja



### Þú ert snillingur

Sigurgeir Orri Sigurgeirsson, Svavar Guðmundsson og Leiðbeiningastöð heimilanna


Bókin Þú ert snillingur er líffleg og einstaklega gagnleg heilræðabók um hvernig við getum einfaldað daglegt líf okkar og sparað stórfé.

Í bókinni er finna ótal heilræði, allt frá því að elda lax í uppþvottavélinni, sniðug ráð til að lækka matarreikninginn, hvernig góðra vina fundir geta styrkt ónæmiskerfið í uppskriftir að heima gerðu sjampói, rúðuúða og hreinsilegi. Bókin er samvinnuverkefni Matarkörfunnar.is, Leiðbeiningarstöðvar heimilanna og Kvenfélags sambands Íslands.

128 bls.

#### Matarkarfan

ISBN 978-9935-426-46-8



### Æfiágrip

skrifað af honum sjálfum 1935

Kolbeinn Jakobsson í Dal Fleygt er orðatiltækið „kjarkmaður Kolbeinn í Dal“. Kolbeinn Jakobsson sem fæddur var 1862 á Snæfjallaströnd, skrifaði æviágrip sitt sem hér birtist í fyrsta sinn. Engilbert Ingvarsson skrifar eftirmála við hvern kafla.

100 bls.

#### Snjáfjallasetur í samstarfi við

#### Sögumiðlun

Dreifing: Sögumiðlun ehf

ISBN 978-9979-9714-7-4

Leiðb.verð: 3.790 kr. Kilja



### Örslagaborgin

Brotabrot úr afreka sögu frjálshyggjunnar – Fyrri hluti Einar Már Jónsson

☆☆☆☆☆

„... mikið verk, stúfult af leiftrandi ritsniðl ...“

Páll Baldvin Baldvinsson, Fréttatíminn

„Ein mikilvægasta bók síðari ára!“

Gauti Kristmannsson, RÚV

„Bókin er fádæma frumleg og skrifuð af mikilli íþrótt.“

Stefán Snævarr, pressan.is

„Þessi bók er algjört bíó.“

Guðmundur Andri Thorsson, Fréttablaðið

„Bókin er skrifuð af lærdómi og list og hún er skemmtileg aflestrar ...“

Atli Harðarson, Þjóðmál

545 bls.

#### Ormstunga

ISBN 978-9979-63-110-1

Leiðb.verð: 3.390 kr. Kilja


# Útivist, íþróttir og tómstundir



## 25 gönguleiðir á Reykjanesskaga

*Náttúran við bæjarvegginn*  
Reynir Ingibjartsson  
Hér er lýst 25 gönguleiðum á svæðinu frá Reykjanestá að Þrengslavegi og Þorlákshöfn. Kort og leiðbeiningar fylgja hverjum gönguhring.

**Salka**  
ISBN 978-9935-17-040-8 Kilja



## Afgangar

*Verkefni fyrir þrjú ára, heklara og alla hina*  
Elin Arndís Gunnarsdóttir

Allt handavinnufólk kannast við það að eiga í förum sínum töluvert magn af garn-afgöngum. Afgangar er bók fyrir þá sem finnst gaman að þrjú ára og hekla litla einfalda en jafnframt fallega hluti. Bókinni er skipt í 8 kafla: leikföng, kökur, grænmeti og ávextir, borðtuskur, pottaleppar, hitaplatti, innkaupnet og púði.

52 bls.  
**Millymollymandy ehf**  
ISBN 978-9979-72-218-2



## Bara vatn og fiskur

Pálmi Einarsson  
Einstakar ljósmyndir frá Svalbarðsá, Laxá í Kjós, Hofsa, Hafralónsá, Breiðdalsá og Stóru Laxá IV ásamt áhuga-verðum og nytsamlegum ráðum með skýringarmyndum frá veiðileiðsögumanni með áralanga reynslu af laxveiði.

„Í rennandi, hvítfysandi árvatni býr ógnarkraftur sem Pálmi Einarsson nær að fanga með ljósmyndum sínum...“  
*Orri Vigfússon formaður NASF.*  
63 bls.

**Pálmi Einarsson**  
ISBN 978-9979-72-056-0  
Leiðb.verð: 3.900 kr.

bolta en Barcelona. Snillingar eins og Messi, Xavi og Iniesta leika þar listir sínar. Þessi bráðskemmtilega bók rekur sögu félagsins fyrir alla fótboltaáhugamenn, ekki síst þá ungu. Mikill fróðleikur, flottar myndir, lífflegur texti!  
64 bls.

**Sögur útgáfa**  
ISBN 978-9935-448-09-5



## Hjólabókin

*Dagleiðir í hring á hjóli*  
– 2. bók: Vesturland

Ómar Smári Kristinsson  
Vandaður leiðarvísir sem á sér enga hliðstæðu hér á landi. Bók sem hentar öllum sem ferðast um Vesturland, hvort sem þeir eru hjólandi, akandi eða gangandi.  
112 bls.

**Vestfirski forlagið**  
ISBN 978-9935-430-37-3  
Leiðb.verð: 2.400 kr.



Allt um  
íslenska  
knattspyrnu  
2012  
Ómissandi í safnið



Flottu fótboltaþækkurnar  
**FC Barcelona**  
*Meira en fótboltafélag*  
Illugi Jökulsson  
Ekkert lið spilar flottari fót-

# HANDBÓK FJALLAMANNSINS

Nýjasta bók Jóns G. Snælands  
um hálendi Íslands.

Í bókinni er lýst fáförnum og  
spennandi óbyggðaleiðum á  
hálendinu.

Aragrúi ljósmynda, og kort  
fylgja hverri leið, GPS-ferlar af  
leiðum eru á Netinu.

Frábær viðbót við fyrri bækur  
Jóns sem hafa opnað augu  
þúsunda Íslendinga fyrir  
stórbrotinni náttúru íslenskra  
örfæa.



Allar þessa bækur  
fást einnig á ensku.


**SKRUDDA**  
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík  
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is  
www.skrudda.is



**Hlýtt og mjúkt fyrir minnstu börnin**

May B. Langhelle  
Þýð.: Ingveldur Róbertsdóttir  
Gullfalleg bók fyrir mömmur, ömmur, frænkur, vinkonur og alla sem langar til að þrjóna eitthvað fallegt og mjúkt handa litlu kríli – flíkur, teppi, tuskudýr og fleira. Uppskriftirnar eru einfaldar og aðgengilegar og hér má einnig finna þrjónakennslu í máli og myndum, fróðleik og góð ráð um þrjónaskap, garntegundir, þvott og fleira. 120 bls.

FORLAGIÐ  
**Vaka-Helgafell**  
ISBN 978-9979-2-2171-5



**Húfuprjón**

57 uppskriftir á kríli, krakka, konur og karla

Guðrún S. Magnúsdóttir  
Myndir: Ýmir Jónsson  
Það er leikur einn að þrjóna fallegar, skrautlegar og skemmtilegar húfur á alla fjölskylduna með aðstoð þessarar bókar. Hér eru einfaldar og skýrar uppskriftir, gagnlegar leiðbeiningar, góð ráð og stutt kennsla í þrjóni og hekli. Höfundurinn er handavinnukennari og hefur áður sent frá sér hina vinsælu bók *Sokkaprjón*. 144 bls.

FORLAGIÐ  
**Vaka-Helgafell**  
ISBN 978-9979-2-2172-2



**Jóla-kúlur**

Arne Nerjordet og Carlos Zachrison

Þýð.: Ingveldur Róbertsdóttir  
Arne og Carlos eru vinsælir hönnuðir sem hafa sannarlega slegið í gegn með þrjónuðu jóla-kúlunum sínum. Bókin hefur selst í tugþúsundum eintaka í Noregi og verið þýdd á fjölda tungumála. Jóla-kúlurnar eru frumlegar og óvenjulegar en byggjast um leið á sterkum hefðum og fallegu jólamynstrin er líka hægt að nota á alls konar jólaskraut. 144 bls.

FORLAGIÐ  
**Vaka-Helgafell**  
ISBN 978-9979-2-2193-7



**KenKen-talnaþrautir**

*KenKen-talnaþrautir 1*  
*KenKen-talnaþrautir 2*

Tetsuya Miyamoto

KenKen-talnaþrautirnar hafa náð miklum vinsældum enda skerpa þær heilann, auka hæfni til að koma auga á lausnir og eru þess utan bráðskemmtilegar fyrir alla aldurshópa, jafnt unga sem aldna. Í hvorri bók eru 100 þrautir og nú er bara að hefjast handa við þær.

**Bókaútgáfan Hólar**  
ISBN 978-9935-435-16-3/17-0



Nýr  
álþeppasagnahöfundur  
Skuggalega spennandi



Índur



Nýr  
saðnaðhöfundur



Útsingaskáldsaga

Índur

# BÍLAR

## Í MÁLI OG MYNDUM


Sannkölluð  
skemmtireisa  
í gegnum  
bílasöguna!



Jpú  
JPV ÚTGÁFA  
[www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)



„Fullkomin gjöf  
handa bíla-  
áhugamönnum  
á öllum aldri.“  
CLASSIC CAR



**Lax á færi I og II**

Ritstj.: Víglundur Möller og Jörundur Guðmundsson  
Í þessu ritsafni er að finna úrval bestu veiðisagna sem birst hafa í Veiðimanninum sl. 60 ár. Margir kunnustu veiðimenn landsins segja frá. Eitt vandaðasta safn veiðisagna sem til er á íslensku, nú endurútféfið í kilju. 387 bls.

**Háskólaútgáfan**

ISBN 978-9979-54-471-5  
Leiðb.verð: 5.900 kr. Kilja

skemmtilegum spurningum. Bók sem allir geta lært af! Lífleg bók með fjölda mynda. 80 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-448-12-5



**Litfríður**

*Heklað, þrjónað og endurskapað*

**Sigríður Ásta Árnadóttir**

Litskrúðugar þrjóna- og hekluppskriftir auk nýstárlegra hugmynda að endurnýtingu ullarfatnaðar. Bókin hentar jafnt vönnum og þeim sem eru að taka sín fyrstu skref í heimi hannyrða.


**Salka**

ISBN 978-9935-17-052-1

Hér er saga félagsins rakin á skemmtilegan hátt. Mikill fróðleikur, flottar myndir, stórkostleg saga. Bók ætluð öllum, ekki síst ungum lesendum. 64 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-448-07-1



**Flottu fótboltaþækkurnar**

**Messi**

*Eins og hann er*

**Illugi Jökulsson**

Messi er almennt talinn mesti fótboltsnillingur nú á dögum. Hver er þessi hógværi piltur, hvaðan kemur hann og hvað rekur hann áfram? Ferillinn allur í einni bók. Bókin er ætluð öllum fótboltaáhugamönnum, en ekki síst ungu fólki. 64 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-92-6



**Flottu fótboltaþækkurnar**

**Real Madrid**

*Sígursælasta lið í heimi*

**Illugi Jökulsson**

Ekkert fótballalið státar af fleiri titlum eða fleiri snillingum í sínum röðum en Real Madrid. Hér er sagan sögð á fjórlegan og aðgengilegan hátt, ekki síst fyrir unga lesendum. Griðarmikill fróðleikur, flottar myndir og skemmtilegur texti. Það er ekki tilviljun að Cristiano Ronaldo vildi spila með Real!

64 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-448-08-8



**Flottu íþróttabækkurnar**

**Leiðin á toppinn**

*Lærðu af íþróttastjórnumum*

**Atli Sveinn Þórarinnsson**

Hvað þarf til að verða afreksmaður í íþróttum? Hver eru leyndarmálin bak við góðan árangur? Og hvernig fólk eru afreksmennirnir okkar? Hér svara ýmsir helstu íþróttamenn okkar af yngri kynslóð




**Flottu fótboltaþækkurnar**

**Manchester United**

*Stærstir og bestir*

**Illugi Jökulsson**

Man.United er sigursælasta fótballafélag Englands síðustu 20 ár. Margir frábærir leikmenn spila með liðinu.



**Flottu fótboltaþækkurnar**

**Ronaldo**

*Eins og hann er*

**Illugi Jökulsson**

Cristiano Ronaldo er einn allra bestu fótballtálmanna heims. Hvernig náði hann frá smáeyju í Atlantshafi á toppinn? Hvernig maður er hann, og hvernig hefur ferillinn



verið? Þessu er öllu svarað í þessari líflægu bók sem prýdd er fjölda mynda.

64 bls.

**Sögur útgáfa**

ISBN 978-9935-416-93-3



### Stóra þrjónabókin

100 uppskriftir eftir íslenska þrjónahönnuði

Ritstj.: Halla Bára Gestsdóttir og Herborg Sigtryggsdóttir  
Myndir: Gunnar Sverrisson

Uppskriftir eftir íslenska þrjónahönnuði að glæsilegum flíkum fyrir konur, karla og börn. Margar þeirra eru einfaldar og fljótþrjónaðar en sumar flóknari og fjölbreytnin ræður ríkjum.

232 bls.

**Salka**

ISBN 978-9935-17-053-8



### The Biking Book of Iceland

Day trip cycle circuits  
– Part 1: The Westfjords

Ómar Smári Kristinsson  
Vandaður leiðarvísir sem erlendir hjólréiðamenn taka fagnandi. Hugsið ykkur bara muninn fyrir þá!

Einnig til á íslensku.  
112 bls.

**Vestfirski forlagið**

ISBN 978-9935-430-23-6

Leiðb.verð: 2.400 kr.



### Úr einni flík í aðra

26 verkefni með  
fatabreytingum

Elin Arndís Gunnarsdóttir  
Að nýta gömul föt er skemmtileg leið til að fá útrás fyrir sköpunargleðina. Úr einni flík í aðra inniheldur 26 verkefni þar sem endurnýtingi er í hávegum höfð. Fatnaði er breytt með einföldum leiðbeiningum, bæði skriflegum og myndrænum.

120 bls.

**Millymollymandy ehf.**

ISBN 978-9979-72-093-5



### Útivist og afþreying fyrir börn

Reykjavík og nágrenni

Lára G. Sigurðardóttir og  
Sigríður A. Sigurðardóttir

Langar þig til að upplifa ný ævintýri og skapa innihaldsríkar stundir með barninu þínu? Þá ætti þessi hagnýta bók að gagnast þér, hvort sem þú ert foreldri, amma, afi, frænka eða frændi. Í bókinni er að finna fjölda hugmynda að útivist, afþreyingu innanhúss, jólastemningu, leikjum, nesti, veitingastöðum og námskeiðum. Bókin er skreytt myndum og leiðarkort eru aftast í bókinni.

205 bls.

**Ljósíð mitt ÚTGÁFA**

ISBN 978-9979-72-147-5

Leiðb.verð: 2.990 kr.



### Vettlingabókin

Gamlir og nýir vettlingar

Kristín Harðardóttir

Í bókinni eru 34 vettlingauppskriftir unnar eftir gömlum íslenskum vettlingum frá mismunandi tímum, þeim elstu frá um 1880. Hér má finna bæði einfaldar og flóknar uppskriftir meðal annars af fingravettlingum, vettlingum með ýmiss konar útþrjóni, laufaviðarvettlingum og vettlingum með ísaumi. Bókin er eftir sama höfund og þrjónabækurnar vinsælu *Vettlingar og fleira* og *Sokkar og fleira*.

86 bls.

**Tölvusýsl**

ISBN 978-9979-72-216-8



## Óvenjuleg bók og ógleymanleg!

„Þetta er mannbætandi texti.“

~Isak Harðarson

**Tindur**






**Vettlingar / Mittens**

Margrét María Leifsdóttir  
Myndir: Ýmsir ljósmyndarar  
Hér eru grunnuppskriftir að tveimur gerðum vettlinga. Mynstrin gerir höfundur undir áhrifum frá uppáhaldshönnuðum sínum. Litaval er óhefðbundið og mynstrin passa öll fyrir hvora gerðina af vettlingum sem er.

Bókin er bæði á íslensku og ensku.

**Salka**  
ISBN 978-9935-17-070-5



**Vötn og Veði**

Stangaveiði á Íslandi 2012

Ritstj.: Guðmundur Guðjónsson

